

Kettirnir á Spáni

Til Kötü

Kettirnir á Spáni

Ferðapættir

Þorsteinn Antonsson

Efnisyfirlit

Á puttanum
Frá Balkanskaga
Úr skaflinum
Mallorka
Kettirnir á Spáni

Á puttanum

1964

Sumarið, sem ég útskrifaðist úr menntaskóla, þann 25. júní 1964, á fimmtudegi, hélt ég austur á Þingvelli með rútu, ákveðinn í að ganga norður yfir Kaldadal eins og mig hafði lengi langað. Ég hafði meðferðis svefnpoka og lítinn bakpoka með nauðsynjum. Ég var klæddur gallabuxum, peysu, vatnsþéttum stakk og bandskóm.

Á Þingvöllum var bjartviðri og strekkingsvindur. Ég setti á mig baggann bak við bensínstöðina við hótelið og arkaði síðan af stað. Fannst ég hlyti að koma ankannalega fyrir sjónir og kunni í fyrstu ekki rétt vel við mig, vandist þó fljótlega því göngulagi sem gerði byrðina léttbærasta og einkennir bakpokaferðamenn, ég hafði ekki gengið með slíka byrði fyrr. Bolabás var fyrsti áningarstaðurinn, þar var skjól í kjarrvöxnum brekkum og ég var sæll og hress eftir gönguna gegnum þjóðgarðinn. Meðan ég lá í lynginu komu nokkrir menn í bíl og settust skammt frá mér. Þeir töluðu mikið og sungu. Svo hélt ég sem leið lá inn að Meyjarsæti. Af hálsinum handan við hæðina sér yfir leirur í botni dals og þar er móleitt vatn. Hér var hvöss norðanátt og það var og sólskin. Niðri í hlíðinni áði ég í annað sinn, var þá orðinn þreyttur og þyrstur. Nokkrir bílar höfðu komið á móti mér en enginn verið á sömu leið. Ég hafði ekkert meðferðis drykkjarkyns og á göngunni nú fram gróðurlausan dalinn leið mér eins og jurtt sem reynt hefði að festa

þar rætur, kom að ársprænu, en eins og jarðvegurinn var hún of blandin steinefnum. Loks kom ég að bergvatnsá. Hún var óbrúuð.

Í kvos handan árinna voru vegavinnutjöld. Klukkan var um tvö þegar ég hóf gönguna við Valhöll og nú var komið kvöld. Himinninn var orðinn steingrár. Ég óð ána. Við veginn var skilti og á það ritað “Biskupsbrekkur”. Í slakka skammt frá var dökkur kross. Þangað stefndu nokkrar mannverur frá tjöldunum, svartar eins og skuggar í landinu. Aðrir menn stóðu við tjöldin og horfðu á mig forvitnisaugum og ég hugleiddi meðan ég gekk hjá hvort annað væri viðeigandi en ég ætti einhver orðaskipti við mennina. Ég lét ekki verða af því og brátt voru tjöldin horfin fyrir hæð. Ég var orðinn þreyttur og lerkaður og þegar ég stuttu síðar kom auga á grasi vaxinn hól spölkorn frá veginum, umlukinn mýri, valdi ég mér þar náttstað. Ég stiklaði yfir mýrina og yfir höfði mér gall í stelk og spóa. Þegar ég hafði fundið mér skjólsælan blett breiddi ég úr svefnpokanum og bjó mig til hvíldar. Ég dró peysuna yfir höfuð mér til að verjast mýbiti. Um stund hlustaði ég á fuglakvakið og hvernig ringulreiðin, sem ég hafði valdið meðal íbúa mýrarinnar, dvínaði uns jöfn hrynjandi var komin í söng fuglanna á ný og suð mýflugnanna var vart heyrnlegt lengur. Þá sofnaði ég.

Þegar ég vaknaði var farið að rigna. Ég var blautur á þeim vanganum sem upp sneri og pokinn var orðinn rakur. Himinnhvelfingin uppi yfir var steingrár. Það var hrollur í mér. Dreif mig upp, tók saman dótið í skyndi og stiklaði upp á veg. Ég var stirður og ringlaður. Það var nótt. Ég var klukkulaus en giskaði á að klukkan væri milli þrjú og fjögur. Þegar ég hafði gengið skamman spöl eftir malarveginum kom ég að skilti sem vísaði á leiðina inn á Kaldadal.

Firnindi mikil liggja milli heima goða og jötna, segir í Eddu Snorra Sturlusonar. Lýsingin rifjaðist upp fyrir mér frá náminu undanfarna vetur. Mér fannst ég vera skuggi í þeirri hugarsýn á þessari stundu. Fíngerð rigningin umlék mig og jarðvegurinn var svartur og meyr. Svalur fjallavindurinn stóð í bakið og vindgnauðið og regnhljóð af staknum sem ég var í voru einu hljóðin sem ég heyrði. Ég kom að hliði á veginum, stórri vírofinni

trégrind, og fór í gegn. Ég gekk enn um hríð og staðnæmdist svo við vörðu og settist skjólmegin við hana. Ég var orðinn gegnblautur þrátt fyrir góðan stakk og peysu. Ég fékk mér brauðbita upp úr pökunum og hélt svo aftur af stað. Malarvegurinn var sléttur en víða höfðu safnast í hann pollar sem fylltu hann kanta í milli. Leiðin var á brattann meira en áður uns ég var kominn yfir hæðarhrygg og áleit að nú væri ég kominn á Kaldadal. Hvergi sást til jökla en ég hafði veður af þeim, það var orðið svo kalt að ég skalf á göngunni.

Smám saman vék steingráminn í landslaginu fyrir annarlegri hvítu birtu. Í lautum og undir jökulnúðum klöppum uxu mosar og skófir á stangli; einu lífsystkini mín í þessu landi. Ég varð ekki einu sinni var við fugl. Um stund sá ég lengra en fyrr; handan kollóttra grágrýtishnullunganna á örfoka melnum voru svartar fjallahlíðar, gljáandi hamrabrúnir og upp af þeim leirugar jökulhlíðar hálfhuldar skýjabólstrum. Það dimmdi yfir og um hríð var hálfrokkur og slydda féll úr lofti og meðan slyddan varði þótti mér vegurinn færast jafnt og þétt aftur fyrir mig og ég sjálfur standa kyrr þótt ég stikaði áfram sem fyrr. Öðru hverju hvíldi ég mig undir kletti eða vörðu. Ég hafði nú jökla á báðar hendur. Þegar ég var kominn á móts við nyðri enda Oks á vinstri hönd stytta upp og létti til, hlíðar Geitlands- og Þórisjökuls komu í ljós til hægri, í milli þeirra sá inn í Þórisdal; fannakistu milli svartra fjallaása. Lækjasytrur í undirhlíðum þessara jökla bar allt í einu fyrir sjónir mínar þegar þokunni svifaði frá, líkar neti. Að baki mér hvíldi grár skýjabakki eins og þak yfir dalnum og ýrði úr honum, en framundan liðu þokuhnoðrar um dimmbláan himininn svo að minnti á ísrek. Ég sá orðið langan veg vestur fyrir jökulbrúnirnar að baki mér, rauðleitar melaöldur og lyngivaxnar hæðir. Það létti til, sólin birtist í skýjarofi og geislar hennar urðu máttugri uns mér var orðið hlýtt. Það sló roða á landið framundan. Að baki virtust nú jöklarnir ein heild og enginn dalur sjáanlegur þar sem ég hafði farið um. En leiðin yfir rautt landið framundan virtist mér ekki styttest að sama skapi. Og nú var ég orðinn dofinn í fótunum af þreytu. Í norðvestri, þangað sem ég beindi göngunni, var dalsbrún og þar handan við byggðin. Í fjarska í sömu átt byrgðu lág fjöll og

ásar fyrir útsýni á hinar kunnuglegri sveitir Borgarfjarðar. Vegurinn lá nú meðfram lítilli á. Ég lagðist á melinn og horfði upp í himininn, hann var orðinn að mestu bláhvítur. Mér fannst öll lífsstarfssemi mín vera komin saman á litlum bletti framan í enninu og spynti mér á fætur og reyndi að nýta orkuna sem best, lyfti fótunum sem minnst í hverju skrefi og lét efri hluta líkamans falla fram á fæturna. Rautt víðernið óx mér í augum. Ég óskaði þess að bíll kæmi og stytta mér leiðina niður í byggð. Öðru hverju þótti mér ég heyra bílhljóð sem svo reyndist vindgnauð eða hrein ímyndun. Þannig um stund. Svo hrikti í bíl að baki mér, svo nærri að ekki varð um villst og ég vék út í kantinn. Þetta var gömul vörubifreið. Ég veifaði og ökumaðurinn opnaði gluggann. Svo opnaði hann dyrnar og bauð mér inn eftir að ég hafði spurt um far spölkorn.

Í bílnum voru tveir miðaldra menn sem unnu við að flytja ofaníbúð í veginn um Kaldadal. Þeir voru nú á leið niður að Hvítá að sækja möl. Ég kom dótinu fyrir á pallinum og settist inn í hlýtt stýrishúsið. Og áður en mig varði dampaði af mér eins og votri flík á ofni. Ég gerði mér grein fyrir hversu mikil heppni það var að þeir urðu á vegi mínum þegar í ljós kom að drjúgur spölur var enn eftir á leið minni niður að Kalmanstungu. Það var komið fram yfir hádegi. Mennirnir voru með hugann við hvörf og vilpur í veginum og sögðu fátt. Áin kom í ljós og allan þar handan við var þríhyrnt fjall, Strútur, sagði sá sem ekki ók. Hann var smávaxinn og veðraður í andliti og klóraði sér í kollinum í hvert sinn sem hvarf bar fyrir á veginum.

Svo opnaðist útsýni yfir breiðan dal þar sem áin rann mórauð um malareyrar sem nánast þöktu allan dalbotninn. Bíllinn silaðist niður bratta brekku og á hægri hönd var gil. Handan árinna blasti nú við jörðin Kalmanstunga. Nokkru neðar þeim megin sá ég íbúðarhús í skógi vaxinni hlíð. Önnur merki um mannabyggð voru ekki sjáanleg. Vörubíllinn fór hriktandi yfir óbrúaða ársytru sem rann af fossstalli ofan í þröngt lyngivaxið gilið. Ég bað mennina um að hleypa mér út úr bílnum framundan gilinu og kvaddi þá þar.

Í gilinu var skjól og hlýtt. Ég lauk við nestið og lagði mig síðan milli þúfna. Ég mókti fremur en svaf þetta síðdegi, velti því fyrir

mér hvort ég ætti að láta mér nægja þennan leiðangur um Kaldadal og fara heim eða halda áfram ferðinni í sömu átt norður í land. Handan við bæinn Kalmanstungu er gömul reiðleið bak við Strútinn að Surtshelli og áfram norður um Arnarvatnsheiði. Ég lá þar sem ég var kominn meðan þykknaði í lofti, ský dró fyrir sól og vindsveipir fóru um dal og gil. Ég færði mig neðar í gilið og fann skjól í brekku þaðan sem vel sást yfir aurana að bænum í Kalmanstungu. Mig langaði hálfvegis til að fara heim að bænum þótt ég þekkti engan þar. Yfir höfði mér hafði myndast skýjanet og gráum skýjabakka hlóð upp í norðri. Ég fylgdist með skrautlegri önd sem sest hafði á árkvíslina framundan mér og synti gegn straumi og röstum uns hún hvarf mér sjónum bak við malarrif. Ég var stirður eftir gönguna og hvíldina í gilinu um daginn, en í huga mér ríkti meiri rósemi en ég minntist frá síðustu árum. Ég fór úr sokkunum, setti á mig sandalana og bretti buxaskálmarnar upp fyrir hné, óð svo ána framundan gilinu. Buxurnar urðu rennvotar að nýju. Þegar ég var kominn á veginn handan árinna tók ég stefnuna niður með henni, gekk í einni lotu niður í túnjaðarinn við bæinn Húsafell sem verið hafði í hvarfi. Þar sat ég um hríð meðan ég var að ná áttum. Gekk svo enn af stað í sömu átt.

Vegurinn lá í mjúkum sveigum meðfram ánni sem valt nú áfram bláhvít og dreymin. Undirlendið breikkaði og gróðurinn varð meiri. Stór sumarbústaður kom í ljós. Litlu neðar fór ég yfir brú og inn á veginn sem ég hafði yfirgefið við gilið handan árinna. Ég var kominn í Húsafellsskóg, gekk ofan hæð og heyrði í bíl að baki mér og vék út í vegkantinn. Sami vörubíll kom í ljós á ný. Ég sagðist vera á leið niður á þjóðveg þegar mennirnir spurðu. Þeir voru á sömu leið.

Við Húsafell kom hópur af léttríðandi hestafólki á móti okkur eftir veginum og rak á undan sér lausahesta, suma með hnökkum. Hópurinn var á leið um Norðlingaveg á hestamannamót í Húnaveri. Maðurinn við hlið mér í bílnum var þaulkunnugur á þessum slóðum og tiltók bæjarnöfn og önnur örnefni á leiðinni. Ég hafði ekki farið hér um áður. Á bílnum var malarhlass og þeir félagar staðnæmdust til að bera ofan í hvarf. Svo óku þeir fram á Vegagerðarmenn og dokuðu við um stund til að ræða við þá en ég

reykti pípuna á meðan. Ég var orðinn svangur. Reykingarnar drógu úr sultarverknum en mér varð óglatt í staðinn.

“Jæja, hingað förum við,” sagði bílstjórinn og benti á bæ sem heitir Haugar. Ég hrökk upp. Hann brosti til mín. Mér sýndist maðurinn við hina hlið mér vera sofnaður. Úti var suddarigning. Ég umlaði: “Er þetta þjóðvegurinn? Ég hafði spurt mennina um ferðir næturrúttunnar en um hana vissu þeir ekki neitt. Ég klöngraðist niður úr bílnum, sótti bakpokann á pallinn og setti hann á mig. Ég hafði svefnpokann bundinn þversum ofan hann og lykkju framan á brjóstinu sem ég notaði til að halda svefnpokanum þétt að hálsinum. Ég var aumur í fótunum og gekk í bandskónum en hengdi gönguskóna í lykkjuna. Ég vissi það eitt að ég var á þjóðveginum og gekk í norðurátt. Af hæð sá ég tilsýndar fólk reka nýrúíð fé yfir veginn inn í girðingu. Ég afréð að spyrja um ferðir rúttunnar og greikkaði sporið. Við veginn var hrörlegt hliðið og stóðu feysknir viðirnar hallir í votum jarðveginum. Þar stóð karlkútur í pökudum buxum og ullarpeysu. Hann snýtti sér með fingrunum þegar hann sá mig og japlaði tannlaus. Regnið perlaði á móleitu andlitinu. Í kargabyífi handan vegarins æpti kerling og skræktaði að fénu en í vegkantinum stóð úfinn strákur og horfði á mig eins og hvolpur á nátttröll. Ég heilsaði stráknum og spurði um rúttuna. Hann svaraði að næturrúttan legði af stað úr bænum klukkan níu. Með það fór ég; það var illskárta að röltu áfram en sitja í vegkantinum.

Á þessum tíma var ekki farið að tala um hringveg og allir helstu vegir um dreifbýlið enn ómalbikaðir. Og mikil nýlunda þótti að sjá menn ferðast á puttanum; sjálfur hafði ég lært siðinn úti í Englandi. Ég var nú orðinn svo votur og leirugur að ég veigraði mér við að veifa bíl þótt mig langaði til þess. Ég hafði fundið harðfiskbita í bakpokanum og maulaði hann. Fætturnir á mér líktust helst tveimur auðsveipum smalahundum í göngum. Þarna trítluðu þeir áfram og hlýðnuðust hverri skipun eftir því sem þeir voru framast færir um. Það lá við að ég hrósaði þeim upphátt. Í hvert sinn sem ég kom á beinan vegarkafli, sem endaði með vinstri beygju, þóttist ég viss um að nú kæmi ég að bogabrunni yfir Hvítá. Nýjar dældir komu í ljós og nýjar kjarri vaxnar hæðir með lágum

klettariðum. Öðru hverju þustu bílar fram hjá mér og jusu mig auri og andlit klesstust áfergjulega innan á gluggana til að festa athyglina við þessa rigndu veru með skó um hálsinn. Mér var farið að finnast ég vera pílagrímur sem lent hefði vitlausum megin við Himalayafjöllin. Þá renndi landróverjeppi upp að hlið mér og staðnæmdist. Í jeppanum var einn maður á leið vestur í Dali. Hann bauð mér far.

Maðurinn við stýrið kynnti sig, hann sagðist vera búsettur austur á Héraði. Mér til furðu ókum við fljótlega eftir að ég kom í bílinn framhjá hótél Bifröst. Hvítárbrú hafði farið fram hjá mér. Við Hreðavatnsskála skildu leiðir. Opið var, líklega vegna rúttunnar og ég hugðist bíða hennar þar. Klukkan var á seinni tímanum í tólf. Ég skildi þokann eftir við dyrnar og fór inn í matsalinn. Inni voru ekki aðrir en nokkrir ferðaklæddir menn saman við eitt borðanna og framreiðslustúlka í ljósbláum kjól, hún var feitlagin, og ljóshærð og með uppbrett nef. Ég pantaði tvær brauðsneiðar og te, borðaði hægt. Svo fékk ég mér í pípu og reyndi að slappa af.

Ég spurði stúlkuna um rúttuna. Hún sagði að næturrútan væri bara á ferðinni aðra hverja nótt, ekki þessa. Klukkan var að ganga eitt eftir miðnætti þegar ég kom út á stéttina. Enn rigndi. Ég labbaði eftir veginum upp að Grábrók. Á hæð fyrir aftan mig sá ég móta fyrir fyrir bíl í rökkrinu sem reyndist vera fullur af strákum á aldur við mig. Sá við stýrið varð mín var, dró úr hraðanum, opnaði gluggann og kallaði: “Ætlarðu langt?” “Já, norður í Húnavatnssýslu,” svaraði ég. Bílstjórinn sagði ekkert en hafði ekki af mér augun. “Eruð þið að fara inn eftir?” spurði ég til að segja eitthvað. Hann neitaði því og jók hraðann á ný. Ég gekk áfram. Nokkru síðar kom gamall Willysjeppi eftir veginum að baki mér, ég veifaði. Ökumaðurinn var einn og var feginn að fá ferðafélaga. Bóndi af Tjörnesi, um fimmtugt, rauðbirkinn í framan og ljóst hárið tekið að þynnast. Milli sætanna lá harðfiskur sem hann maulaði og var óspar á. Jeppinn var mesta skrapatól og bóndinn nam öðru hverju staðar við læki til að bæta á hann vatni. Hafði farið gagnert suður á Selfoss til að sækja þennan bíl sem var sameign hans og bróður sem bjó á móti honum á jörðinni á

Törnesi. Hann var seinmæltur en alúðlegur og einarðlegur í tali og mat sauðkindur meir en aðrar skepnur, taldi þær stórvitrar, sagði hann mér og því til sannindamerkis margar sögur á leiðinni norður yfir Holtavörðuheiði.

Ég bað ökumanninn á jeppanum um að skilja mig eftir við afleggjarann að Enniskoti í utanverðum Víðidal. Klukkan var þá um fimm og sólin niðri við sjóndeildarhringinn í norðaustri. Handan Víðidalsár, í ásnum norður af Borgarvirki, er jörðin Stóra-Borg. Þar þekkti ég til og þangað ætlaði ég í leit að hvíld og nýju samhengi eftir ánauð menntaskólaáranna, próflestur og próf. Þá voru flest stúdentsprófin tekin á sama vori.

Ég valdi að fara stystu leið af þjóðveginum. Þaðan er um tveggja tíma gangur að bænum um móa og reiðgötur. Sveitarvegurinn að bænum liggur um Vesturhóp og er mun lengri. Ég kvaddi ökumanninn og tók pokann minn. Við Enniskot er víðsýnt, Hópið blasir við til norðurs, Víðidalsfjall í austri og norður af því Vatnsdalsfjall og mynni Vatnsdals. Í vesturátt, þangað sem leið mín lá, er Borgarvirki, Ásarnir og túnið á Stóru-Borg eins og græn dula tilsýndar í hallanum og í milli vatnsmikil Víðidalsáin. Þótt bjartvirðri væri var smágerður regnúði í lofti. Logn var. Ég gekk eftir rolluslóð um móana niður að vaðinu. Handan árinna eru móar og þá nýrækt á sléttlendinu og síðan túnið í brekkunni ofan við. Við fætur mér á göngunni hlupu langleggjaðir spóar með framteygð og hvimandi höfuð. Yfir höfðu mér flugu gjallandi stelkir í löngum sveigum. Þar sem vaðið er rennur áin í tveimur kvíslum um eyrar. Vatnið var kalt og hressandi og ég fann minna til þreytunnar í fótunum þegar ég kom upp á grösugan bakkann handan við. Svo þræddi ég kerruveg upp melinn að strýtulöguðum klettum við brekkuræturnar. Ég sá það af birtunni að enn var of snemmt að fara heim að bænum. Ég hélt áfram upp að skjólgóðri klettaborg norðan við bæinn sem bærinn dregur nafn sitt af. Ég nam skelli steindeplanna í urðinni neðan við eins og högg á smágerðum steðja. Svo gekk ég heim á bæ.

2.

Fimm dögum eftir að ég lagði upp í þennan leiðangur, þann 30. júní 1964, birtist frétt í dagblaðinu Vísi undir fyrirsögninni “Týndur kemur fram.” Fréttin í Vísi er svona óstytt:

Í gær var lýst eftir ungum námsmanni í útvarpinu sem lagt hafði af stað fótgangandi frá Þingvöllum um miðja síðastliðna viku og ætlaði þá fótgangandi norður yfir Kaldadal.

Var óttast að eitthvað hefði orðið að piltinum eða hann jafnvel orðið til í hretinu sem gerði þá skömmu síðar því ekkert hafði til hans spurst í gærdag en þá voru liðnir 5 dagar frá því er hann fór að heiman.

Pilturinn heitir Þorsteinn Antonsson til heimilis að Bjarkargötu 10 í Reykjavík. Hann er 21 árs gamall og lauk stúdentsprófi í vor.

Þorsteinn fór heimanað frá sér síðastliðinn miðvikudag og hafði þá við orð að ganga norður Kaldadal og koma við í Kalmanstungu. Hann hafði svefnpoka meðferðis og bar föggur sínar í bakpoka en tjald hafði hann ekki.

Þegar aðstandendur hans fréttu í gær að Þorsteinn hafði ekki komið að Kalmanstungu var tekið að óttast um hann, lýst eftir honum í útvarpi og björgunardeild Slysavarnarfélagsins á Akranesi hóf leit. Erfitt var um vik hvað leit snerti því niðimm þoka var í gær á Kaldadal og sást ekkert frá sér að heitið gæti.

Er leit Akurnesinga bar ekki árangur var ákveðið að fjölga leitarmönnum og hjálparsevit skáta í Hafnarfirði kvöld á vettvang.

En skömmu síðar hringdi hinn týndi heim til sín og kvaðst vera heill á húfi norður á Stóru-Borg í Víðidal.

Eftir því sem vitað er um ferðir Þorsteins lagði hann á Kaldadal frá Þingvöllum á fimmtudaginn. Undir kvöldið tók að syrta í lofti og útlit fyrir óveður sem og líka brast á skömmu síðar. Þorsteinn var þá svo heppinn að hitta vegavinnuflokk sem var á leið yfir í Borgarfjörð og fékk far með þeim þangað en komst síðan með öðrum bíl norður í Víðidal. Þar átti hann kunningjafólk og settist upp hjá því en láðist að láta vita af sér heima þar til í gærkvöldi eftir að búið var að lýsa eftir honum í útvarpi.

Svefnværð hvíldi yfir bænum þegar mig bar að og fuglar sungu værdarlega út við Hópið. Ilm af fullþroska gróðri lagði að vitum mínum og þegar ég gekk heim túnið bylgjaðist gróskumikið dökkgrænt gras um fætur mér. Íbúðarhúsið var nýtt á þessum tíma, það er stórt og allt á einni hæð, kjallari undir helmingnum. Nokkra tugi metra frá því hafði verið slegið upp fyrir útihúsi á

túninu þegar mig bar að þennan morgun. Á dyraþrepi bæjarins svaf hundurinn og ég átti ekki eftir að honum nema fáein skref þegar hann vaknaði og rauk upp með grimmilegu galti og urri. Ég sveiaði honum og hann hætti fljótlega að gelta en snópaði kringum mig urrandi og lét rófunu lafa. Stundarkorn stóð ég við húsið efins, klukkan var um sex og húsmóðirin varla komin á fætur þó venja hennar væri að fara snemma ofan til að elda grautinn.

Ég mundi að systkinin þrjú sváfu í samhliða herbergjum forstofumegin, gagnstætt foreldranna, og að herbergi sonarins, Didda, var næst forstofunni. Ég gægðist inn og mikið rétt; þar svaf hann. Ég bankaði í rúðuna uns hann vaknaði. Hann fór svo gegn um eldhúsið og hleypti mér inn kjallaramegin. Í eldhúsinu sagði ég honum undan og ofan af ferðalagi mínu, ég át nægju mína af því sem fyrir mig voru borið, svo vísaði hann mér í stórt gestaherbergið. Ég breiddi úr pokanum á dívani sem var svo siginn í miðju að hann var næstum eins og hengirúm.

Þegar ég vaknaði tólf tímum síðar var ég svo stírdur eftir ferðalagið að ég gat mig varla hreyft. Ég sat á rúmstokknum og horfði forviða á fætur mína. Á þeim voru blöðrur af mörgum stærðum og gerðum, allt frá næfurpunnum, hálf gagnsæjum upp í þykkar siggblöðrur. Svo sofnaði ég aftur.

Ég vaknaði á ný þegar sólarhringur var liðinn frá því ég kom að Borg. Þann dag var dumbungur og gekk á með skúrleiðingum framan af en eftir því sem leið á daginn óx úrkoman og um nónbil var komið slagveður. Um vorið og fram að síðustu helgi hafði verið góðviðri og þurrkar og Borgarfólkið hafði slegið stóra spildu á túninu sem nú lá í ljám og heyið var tekið að gulna.

Ég vann um stund þennan dag með bóndanum við nýbygginguna, fjós sem átti að rísa fyrir næstu áramót úr uppslættinum. Eftir hádegið leit ég við í gamla veiðihúsinu, einlyftu timburhúsi undir bröttu risi, steinsnar sunnan við nýja húsið. Í eldhúsinu var fínendis rafhaeldavél þar sem sauðataðinu var brennt þegar ég bjó á sumrin í þessu húsi fyrir mörgum árum. Þá var ég í sveit á Borg. Rafmagnsljós voru komin í stað olíulampanna sem áður sköpuðu ljóseyjar í mjúka og kvika

dimmuna á síðsumarkvöldum. Seinni hluta þessa dags dundaði ég við smíðarnar í fjósinu og las svo mér til afþreyingar.

Ég var enn mjög stirður. Ég át eins og tröll við hvert mál, fjölbreyttan og góðan mat.

Pennan dag var hestamannamótið haldið í Húnaveri og ball um kvöldið. Við Diddi ræddum um að fara en veðrið deyfði áhugann svo að úr því varð ekki.

Ég ákvað að vera nokkra daga á Borg og halda svo áfram þessari ferð minni án fyrirheitis.

Næsta dag var veður skárna og sólar naut öðru hverju. Ég svaf fram undir hádegi og tók svo saman flekkinn á túninu með fólkinu. Svo fékk ég léðan hest – bykkju eina sem alltaf var heima við – og reið að leita hrossa.

Norður af Borgunum er stór flói sem verið var að þurrka, og handan flóans jörðin Gottorp, sem er í eyði, og síðan sléttur melur með hamrariði efst. Skollanes. Þar vestan við móa og mýrlendi er önnur eyðijörð, Ásbjarnarnes. Þaðan er skammt að Hópinu. Ég nuddaði klárnum út að Nesi og reið þar upp á hól í túninu. Það var allt rótnagað. Kýr móktu makindalega spölkorn frá mér. Kindur voru á beit við tjarnir neðar í túninu. Hvergi var hesta að sjá. Torfbærinn og hálfhrunin útihúsin norpuðu á hólnum og kindaskítur var í opnum gáttum húsanna.

Ég reið suður fyrir niðurfalla tungirðinguna og um lyngvaxna katla heim á leið að Borg. Á hálsi skammt frá Borgartúninu fann ég hestana sem ég var að leita að. Ég rak þá í rétt fyrir norðan Borgirnar. Ég lagði á rauðskjóttan hest, vakran.

Við Diddi riðum út með Borgum og þaðan í sveig suður Virkismelana í átt til Virkisins. Diddi reið Sokka – rauðsokkóttum viljahesti og töltara. Við héldum suður yfir hálsinn við Virkið og fram hjá eyðijörðinni Litlu-Borg og yfir Faxalæk þar sem kerlingunni var skellt ofan í forðum sem segir af í einhverri Íslendingasagnanna. Við lækinn stóð jeppi og í honum tveir krakkar. Við Diddi námum staðar, hann við lækinn, ég við veginn. Hann fór og gerði að gamni sínu við krakkana. Við lækinn var mikið af mýflugum og ég dró peysuna upp fyrir höfuð og reyndi að fæla þær burt með reyknunum úr pípunni. Úti á Vesturhópsvatni

var bátur og virtist fljóta á skýi. Þegar hestarnir höfðu kastað mæðinni riðum við austur með læknum, um móa og mýrar, að Víðidalsá. Þar á sléttum, grösugum árbakkanum stóð annar jeppabíll og við hann maður að bardúsa. Diddi sýndi mér staðinn þar sem hann taldi hentugast að hafa brúna í framtíðinni. Við létum klárana greikka sporið á melunum austur af Virkinu og linntum ekki sprettinum á bakaleiðinni fyrr en niður við Vatnsgötu þar sem ég hafði stiklað yfir ræsið á leið minni frá ánni heim á bæ tveimur dögum fyrr. Við riðum heim að útihúsum við klettana í túnfætinum og slepptum klárunum innan girðingar.

Um kvöldið fórum við aftur ríðandi sömu leið. Þá hafði Diddi svartan hest í taumi, tíu vetra gamlan, ótaminn, lurkslegan sem til stóð að selja bóndanum í Bjarghúsum sunnar í Vesturhópi. Þeir höfðu mælt sér mót þetta kvöld, bóndinn og Diddi, á melunum fyrir framan Litlu-Borg. Við mættum bóndanum rétt sunnan við Virkið, þetta var smávaxinn maður og kvikur á fæti, sífellt með gamanyrði á vör. Þeir þráttuðu um þann svarta og Diddi fór á bak hestinum við Litlu-Borg. Klárinn var ljúfur eins og lamb og hann reið honum að Faxalæk. Þar höfðu þeir síðan kaup. Á heimleiðinni trúði Diddi mér fyrir því að sá svarti væri versta trunta. Bjarghúsabóndi hafði þegar keypt fjóra hesta á Borg og hafði selt þá flesta eða alla með ágóða. Sem sagt báðir ánægðir.

Á Borg var orðið fátt um hesta, þeir sem ég hafði þekkt á árum áður voru flestir orðnir gamlir eða verið felldir.

Magga húsfreyja vakti mig morguninn eftir með þeim upplýsingum að ég hefði týnst og var búin að hringja í foreldra mína. Hún hafði þetta úr útvarpinu frá kvöldinu áður. Magga lagði til við mig að ég hringdi líka. Mér fannst það óþarfi fyrst hún var búin að því. Lét þó verða af þessu. Það gekk ekki erfiðislaust að ná sambandi suður með sveitarsímanum. Ég pantað símtalið en var þá gefið samband við mjög óskýra karlmannsrödd eins og anda á miðilsfundi en reyndist vera blaðamaður á Vísi og var að leita fréttu af mér. Ég bað símastúlkuna að skila til mannsins að ég ætti ekkert vantalað við hann og ítrekaði beiðni mína um samband við foreldra mína. Í hádeginu náði ég svo í föður minn í símann, sagði honum í fyrsta skipti á ævinni af eigin högum; ég væri við bestu

heilsu. Ég vissi ekki hvenær ég kæmi aftur. Heim? Nei, á þessari stundu átti ég hvergi heima annars staðar en þar sem ég var hverju sinni.

Síðdegis þennan sama dag fórum við Diddi ríðandi fram allan Víðidal að bænum Gafla þar framundir heiði. Við rákum á undan okkur tvær merar sem átti að leiða undir fola. Skýjað var. Ég reið Sokka sem ég þekkti frá fyrri tíð, hann var jafn viljugur og ég mundi hann þótt orðinn væri fjórtán vetra.

Á fimmta degi frá því ég kom að Borg ók Diddi mér á landróvernum að næsta bæ norðan við Enniskot þar sem ég hafði kvatt Tjörnesinginn. Ég ætlaði til Akureyrar með áætlunarbílnum og síðan eins og nef vísaði. Rigning var. Ég barði að dyrum í Miðhópi og fékk að bíða inni. Frúin, þybbin brosmild kona, enn á besta aldri, bauð mér kaffi sem ég þáði. Hún er eitthvað skyld mér. Þegar við höfðum rakið það saman fór hið besta á með okkur. Mjög víðsýnt er af hlaðinu í Miðhópi. Íbúðarhúsið er komið til ára sinna, það er úr steini og eins og kubbur í laginu. Svo sá ég til áætlunarbílsins tilsýndar og hljóp með hundinn á hælunum upp fyrir tún.

Ég settist framarlega, við hliðina á digrum Ítala sem reykti mikið en svaf þess í milli. Vagninn var nýlegur með farangursgeymslu undir gólfinu, troðfullur af fólki; krökkum, grenjandi og rellandi, hinum fullorðnu malandi og útvarpið linnulaust í gangi. Ég gat hvorki sofið né reykt af mér leiðindin eins og Ítalinn. Mikið var ég feginn þegar ég kom til Akureyrar.

Rigningsársúld var í firðinum. Ég skildi pokann eftir í húsasundi, mundi eftir viðfelldnum matsölustað á hótél Akureyri og fór þangað. En þar var þá lokað vegna fjárvika fyrrverandi hótélstjóra. Akureyri var þá þríflegur og skemmtilegur bær eins og hann hefur verið síðan og ég rölti um göturnar nokkra stund. Ég fann matsölu, en þar var allt svo dýrt að ég keypti ekkert. Þegar ég hafði rölt nægju mína um miðbæinn sótti ég dótið og hélt svo á fótinn, í átt til kirkjunnar. Tröppurnar upp á hæðina eru tvö hundruð og fimmtíu. Í brekkunni ofan við kirkjuna var útlendur ferðamaður, klæddur líkt og ég, hann gekk hinum megin götunnar

í sömu átt og bar helmingi stærri bagga en ég. Í miðri brekkunni gekk ég hann af mér; þá sat hann á lágum vegg og brosti blítt út í regnið og tilveruna á bak við regnið.

Við menntaskólann efst í brekkunni stóð lögregluþjónn og tveir menn á tali við hann, báðir mennirnir með flöktandi, undirförukt bros sem Íslendingum er tamt þegar þeir tala við verði laganna. Á bílastæðum við skólann var fjöldi bíla og talsvert af fólki á ferð í átt til skróðgarðsins sunnanvert við skólasvæðið. Tvær spariklæddar stelpur komu út úr húsi á brekkubrúninni, þær spenntu upp regnhlíf á milli sín og fussuðu veðrinu. Einnig þær héldu í suðurátt að skróðgarðinum. Ég varð forvitinn. Svo minntist ég þess úr útvarpinu í rúttunni að Filippus hertogi og drotningarmaður var kominn til landsins og væri á leið til Mývatns að skoða á fugla. Kannski var þetta fólk allt á leið að skoða hann. Ég vænti, af einhverjum ástæðum, að sjá hertogann innan um gróðurinn í skróðgarði Akureyringa og lét því berast með fólkstraumnum inn um garðshliðið, um þröng trjágöng yfir steinhellur. Göngin opnuðust fram á grasflöt sem afmörkuð var af blómabeðum. Þegar ég var kominn yfir flötina blasti við mér opið, gróið svæði milli hárra laufmikilla trjáa þar sem stóð fjöldi manna fyrir framan háan pall. Á pallinum stóð forseti Íslands, erkihertoginn og aðrir fyrirmenn. Kyrrð og hátíðleiki var yfir fólkinu. Íslenski þjóðsöngurinn var leikinn meðan friðsæll rigningarúðinn sullaðist yfir það. Maðurinn, sem var miðpunktur þessarar samkomu, var í ljósum regnfrakka með svörtum boðungum, hár og grannur og berhöfðaður í rigningunni, hárið ljóst og þunnt. Brosið hástéttarlegt, andlitsdrættirnir skýrir og reglulegir og bjartur til augnanna eins og allt sem fyrir hann bar og þar með við hinir nærstöddu væri sannarlega merkilegt. Tónlistin hljóðnaði og maðurinn steig niður af pallinum og tók að heilsa fólki með handabandi. Þegar hertoginn hafði heilsað nokkrum gestanna þá lét hann það duga og fór um trjágöngin inn í regnið og öðrum fyrirmönnum skolaði á eftir, síðan lögreglunni, hljómsveitinni og loks fólkinu uns ég stóð einn eftir á garðflötinni.

Ég hélt gangandi inn með firðinum og yfir brýrnar í fjarðarbotninum. Liðið var á kvöld, umferðin lítil og öll úr

gagnstæðri átt. Ég gekk á sandölunum og skar mér snæri úr hliði við veginn og notaði til að halda uppi pokanum og hengja á mig skóna. Ég varð gegnvotur. Markmið hafði ég ekkert ákveðið. Ef til vill kæmi bíll úr sömu átt og ég og ég fengi far, ef ekki myndi ég beiðast gistingar á einhverjum bæjanna hérna megin Vaðlaheiðar þegar kæmi lengra fram á kvöldið. Ég heyrði ekki í fugli, aðeins lágvært regnhljóðið. Nokkurn spöl út með firðinum að austanverðu stóð opið skýli við heimtröðina að bæ einum. Í næsta nágreppi við skýlið rann lækur. Inni í skýlinu var bingur af áburðarpokum. Ég settist á binginn og fékk mér af nesti sem húsfreyjan á Borg hafði útbúið handa mér. Að loknum snæðingi hvíldi ég mig þarna á pokunum.

Bíll þaut hjá og ég velti því fyrir mér hvort fólkíð hefði séð mig inn í skýlinu. Ég var stíður þegar ég stóð upp en liðkaðist þegar ég fór að ganga á ný. Áreynslan var meiri því leiðin var nú öll á brattann. Ég fór fram hjá nokkrum bæjum; reisulegum býlum, hreinmáluðum, sumum með hávöxnum trjám sunnanvert við íbúðarhúsið. Löngunin að fara heim að einum bæjanna og beiðast gistingar fór smám saman vaxandi uns ég lét verða af því. Aðalbyggingin var dökkt, gamalt steinhús. Handan þess var gult timburhús. Ég gekk upp heimdragann. Engin lífvera var sjáanleg fyrir en rétt við dyr timburhússins að kemur vaðandi að mér hundur með miklum illskulátum. Ég beitti fyrir mig því sem ég kunni í dýrasálfræði og mér til undrunar sefaðist hundurinn uns ég komst að húsdyrnum. Ég bankaði. Eftir nokkra bið kom fullorðinn maður til dyra. Af svip hans var greinilegt að hann sá fyrir erindið og ég varð bónleiður áður en ég bar það upp. Það stóð illa á, sagði bóndi, gestir hjá honum og plássið minna en ekki neitt. Sagðist þó skyldi athuga málið frekar og sneri við inn dimman, panelpíljadan ganginn. Eftir drygklanga stund kom maðurinn aftur, sagði: “Því miður!” Við skiptumst á nokkrum almennum orðum og svo kvaddi ég og hélt út á þjóðveginn aftur.

Við vegamót var skilti sem á stóð að leiðin yfir Fnjóskárbrú væri ófær öllum þyngri bifreiðum og af tillitssemi við eigendur hinna smágerðari valdi ég veginn út með firðinum. Sá vegur liggur um Grenivík í Dalsmynni og niður Fnjóskárdal og þaðan austur

yfir Ljósavatnsskarð í Reykjadal. Þar skilja leiðir, önnur liggur í norður til Húsavíkur, hin suður og austur til Mývatns og Egilsstaða. – Ég gekk um hríð út með firðinum án þess að sjá til bæja. Í dæld einni kom ég að afleggjara yfir ás og í hvarf og fylgdi honum uns ég sá heim á bæ í jöfnum halla og áttaði mig á að þessi jörð blasir við víða úr Akureyrarbæ í hlíðinni handan við fjörðinn. Íbúðarhúsið var meðalstórt timburhús sem nýlega hafði verið stækkað, viðbyggingin var úr steini, ómáluð og ófrágengin. Úr risinu ofan við innganginn í gamla húsið barst ljós frá litlum glugga og þýður saxófónleikur Paul Desmond. Ég barði að dyrum timburhússins og hundur tók að gelta í kjallaranum. Ég velti fyrir mér hvað klukkan væri og hvort ég ætti að berja aftur eða hafa mig sem skjótast burt. Meðan ég var í þessum vafningum voru dyrnar opnaðar og ungleg kona á slopp birtist brosandí í ljósskáranum, hún tók sloppinn að í hálsinn um leið og hún opnaði. Ég bað konuna afsaka ef ég væri að gera henni rúmrusk, hvort ég mætti gista. Konan sagði það velkomið en ekki vita hvar hún ætti að hola mér niður. Ég spurði hvort ekki kæmi til greina að ég lægi einhvers staðar í nýbyggingunni. Svo var ég kominn í stóra, nýmálaða stofu og ekkert á gólfinu annað en ber steinninn. Ekkert var innanstokks annað en gríðarmikill dívan á miðju gólfi. Þegar húsfreyjan hafði sýnt mér þessar aðstæður horfði hún þegjandi á mig um stund, kankvís á svipinn. Svo spurði hún: “Ert þú maðurinn sem týndist?” Ég játaði því. Svo hlógum við bæði. Hún spurði hvaðan ég kæmi og ég sagði henni það. Ég sagði henni að ég hefði lagt af stað gangandi frá Akureyri klukkan átta og henni þótti það mikil býsn. Hún vildi bjóða mér í eldhúsið en ég vildi ekkert þiggja. Svo fór konan og setti masonítplötu fyrir gatið þar sem gengið var úr gamla bænum í nýbygginguna. Ég breiddi úr pokanum á dívaninum sem minnti á ekkert fremur en úlfalda. –

3.

Að morgni ákvað ég að fara austur á Melrakkaslétu, til Raufarhafnar og vera þar í síldarvinnu yfir sumarið.

Bærinn við Eyjafjörð heitir Hallandi. Húsmóðirinn vakti mig klukkan sjö eins og um var samið. Ég klæddi mig í rýjurnar sem ég hafði reynt að þurrka um nóttina á ofni í stofunni. Ég fór yfir að masóníplötunni og bankaði. Svo fylgdi ég konunni eftir gegnum litla stofu, troðfulla af húsgögnum. Tvær litlar stelpur sváfu þar í breiðu rúmi og virtist mér önnur liggja þvers í rúminu en hin með höfuðið til fóta. Ég kom inn í eldhús af dimmum gangi og þar var fyrir bóndinn, ungur maður með kringlótt andlit. Hann stóð upp við vegg með krosslagða arma. Hann minnti mig á leikarann Rod Steiger. Eldri maður, horaður, sat á stól úti á gólfi en stelpa var að þvo upp. Andlit hennar var eins og hneta í laginu og augun eins stór og í álfi. Ég settist við borð út við gluggann, át brauð og drakk mjólk. Á meðan spurðu hjónin mig um ferðir mínar og jafnframt um heyskap í þeim sýslum sem ég hafði farið um. Eldri maðurinn var þögull. Þegar ég hafði borðað nægju mína þakkaði ég fyrir mig. Bauð hjónunum borgun sem þau þáðu ekki. Litlu síðar var ég kominn niður á veg.

Háskýjað var og á stöku stað sá í heiðan himin. Bærinn að Hallanda var horfinn bak við hæð, ég var á leið út með firðinum austanverðum. Fjallshlíðin varð meir aflíðandi eftir því sem utar dró og undirlendið meira. Tún bæjanna námu hvert við annað. Ég sá yfir að Hjalteyri handan fjarðarins og langt inn með firði lagði þykkann reykjarmökk út fjörðinn frá verksmiðju á Oddeyri. Þegar líða tók á morguninn lifnaði yfir bæjunum; fólk var komið á stjá heima við hús en sumir gengu að heyverkum á túnun. Skýin urðu dreifðari og færri og brátt var komið glaða sólskin. Framundan voru grænir vellir, á aðra hönd silfurmerlað haf, en á hina var hamrarið ofan við gróna fjallshlíðina. Framundan voru fjöllin í mynni Eyjafjarðar lituð bláma fjarskans en næst mér á göngunni var hitamistur yfir malarveginum, blátt, brúnt, svart. Stór flutningabíll kom á eftir mér, ég veifaði en bíllinn þaut fram hjá. Framundan voru tvær víkur, önnur ekki allfjarri. Handan þeirrar fjarlægari var fjallið Kaldbakur, að mestu þakið snjó. Á göngunni kom ég að fjárfkofa úr timbri og torfi, umvöfnum grasi. Ég tók af mér klyfjarnar, settist á stein við kofann og hallaði mér upp að veggnum, sat þarna flötum beinum uns stór rauður Volvo kom

brunandi eftir veginum úr suðurátt, þá stóð ég á fætur og veifaði. Farið var auðsótt, ég setti pokann á pallinn og vatt mér inn í bílinn. Ökumaður var einn og flutti póst á bæina. Krakki beið við brúsapall og tók á móti böggli. Við annan var kona og afhenti honum innkaupalista. Svo skildu leiðir við Miðvík undir Víkurskarði, þar liggur vegurinn skammt ofan við flæðarmálið og undirlendi lítið. Ég sá á eftir rauða pallbílnum hendast í norðurátt og gekk upp í skarðið. Þar lagði ég mig í lyngvaxinni brekku, starði upp í himininn. Rúta kom fyrir beygju, lítil, eldraud, og ég veifaði. Rútan var á leið til Egilsstaða og ég sagði bílstjóranum að ég vildi með þangað sem skemmst væri til Húsavíkur.

Fremur fátt var í vagninum, mest útlendingar. Ég settist í autt sæti aftarlega. Tvær stelpur sátu handan gangsins nokkrum sætum frammar, báðar í ferðagalla og önnur með svarta knapahúfu á höfðinu, ofan á gljádökku síðu hárinu. Í fremsta sæti þeim megin sátu tveir Frakkar. Annar sneri sér öðru hverju við og brosti til stelpnanna án þess að segja neitt. Hann var svarthærður, í svartri peysu. Bílnum var ekið yfir nýja brú á Fnjóská. Seinna ókum við um hjá Goðafossi og síðan yfir Fljótshéiði. Frá Einarstaðaskála í Reykjadal er 39 km leið til Húsavíkur segir á skilti þar við vegamótin og ég náði í baggann með aðstoð bílstjórans og stillti pokanum upp við vegg. Ég keypti mér pylsu í skálanum og því næst aðra og drakk kók með. Fór inn á klósett og þvoði mér. Skoðaði mig í speglinum. Ég var mjög úfinn um hausinn, skeggjaður og brúnn í framan. Ég var greiðulaus og var að greiða mér með fingrunum þegar Frakkinn úr rútunni í svörtu peysunni kom inn, hann tók sér stöðu við vaskinn við hlið mér og sagði ákveðið um leið og hann þreif í háls málið á peysunni minni: “Peysurnar okkar eru nákvæmlega eins.” Það var rétt. “Næstum því,” svaraði ég. “Nei, nákvæmlega,” sagði Frakkinn. Hann leit á framleiðslumerkið. Ég sagði: “Ég keypti mína í London.” Ég fór fram í verslunina.

Þegar ég kom út úr rútunni var orðið skafheiðríkt. Víðsýnt er við Einarstaðaskála, landið allt umhverfis grunnir dalir og lágir ásar. Ég sat undir vegg uns vagninn var farinn, þá gekk ég af stað í norðurátt. Ég fór fram hjá Einarstöðum og nokkrum öðrum

bæjum. Svo varð landið hólótt og ég fór út fyrir veginn og upp á einn hólinn, lagðist í lyngið. Þaðan hafði ég útsýni yfir vegarkafninn frá skálanum sem ég hafði gengið. Ég lá lengi uns loks að bíll kom úr þeirri átt. Hvítur fólksvagn. Í honum voru tveir laxveiðimenn og aftursætið var næstum því fullt af veiðigræjum, en það var rýmt til og ég fékk að fljóta með. Við töludum um laxa og veiði í nágrenninu. Utar í dalnum er Vestmannsvatn og þangað fóru þessir veiðimenn en ég varð eftir. Þaðan sem ég stóð við veginn sér yfir að Laxárvirkjun. Hraunsalli er í jarðveginum og heldur gróðursnautt. Ég settist á hraungúl. Litlu síðar kom afgangur vörubílsskrjóður hriktandi og með honum fékk ég far. Ökumaðurinn var undir aldri, bóndasonur úr Aðaldal á leið til Húsavíkur. Ljósærður náungi, fjörlegur með frísklegt bros. Veturinn áður hafði hann lokið landsprófi og ætlaði í bændaskóla um haustið, sagði hann með háþingeystum hreim. “Þú ferðast eins og úttlendingur!” lýsti hann yfir. Bíllinn hoppaði og skoppaði eftir holóttum veginum og ég varð að öskra eins og í fárviðri til að strákurinn næmi mál mitt.

Ég kvaddi hann við kaupfélagið á Húsavík. Vegurinn liggur inn fyrir vikina sem bærinn dregur nafn sitt af, og áfram út úr kaupstaðnum til norðurs um grasivaxnar brekkur. Gamla kaupfélagsbyggingin stendur í einfaldri húsaröð og handan hennar er sjálfur Skjálfaflóinn, á þessari stund íðilblár. Neðan frá höfninni barst ys og þys vinnandi manna. Nokkrar manneskjur gengu stefnuvisst um aðalgötuna og gutu til mín tortryggisuga. Það rifjaldist upp fyrir mér úr skólabókinni að ég stóð fyrir framan elstu kaupfélagsbyggingu á landinu. Ég gekk niður á lóðina og skildi dótið eftir við þann húsvegginn sem sneri frá götunni. Síðan hélt ég í alfaraleið. Ég nam sem snöggvast staðar við verslunarglugga og skoðaði óljósa mynd mína í rúðunni. Mjór og langur náungi í víðum anorak, þröngum gallabuxum, drullugum og pökudum, skítugur í framan og hárið í allar áttir. “Ég kaupi greiðu,” hugsaði ég. “Minna má það ekki vera. Og jú líka eitthvað gott að borða.” Ég rölti um kaupfélagsverslunina án þess að kaupa neitt og svo út í sólskinið á ný. Mig vantaði tilfínanlega Íslandskort. Nokkru neðar í bænum var bókabúð í bárujárnsklæddu

timburhúsi. Miðaldra maður, fölleitur og kurteis í viðmóti stóð innan við afgreiðsluborðið. Ég keypti kort og hélt svo áfram eftir götunni og kom að apóteki þar sem allskonar snyrtivörum var stillt út í glugga. Inni það ég um hárbursta. Afgreiðslustúlkan brosti skilningsrík og ég keypti af henni verkfæri sem var bæði hárbursti og greiða. Gekk svo hring í kaupstaðnum í leit að matsölu en fann enga. Loks fór ég í bakarí og spurði um mjólk fremur en ekki neitt; hún var bara fánleg í kaupfélaginu. Ég keypti pottflösku þar og sótti svo dótið. Ég kom því fyrir sem ég hafði keypt og setti á mig klyfjarnar, keifaði um grasigrónar hæðir í norðurátt og brátt var bærinn horfinn sjónum mínum.

Kollóttar hæðir mynduðu undirlendið en því næst heiðarsporður. Ekkert fjall. Ryðgað járnarusl á víð og dreif fyrst eftir að komið er norður fyrir bæinn. Svo er snyrtilegra umhorfs. Þegar ég kom yfir hæðardrag hálf tíma gang frá kaupstaðnum opnaðist mér sýn yfir breiða vík og fallega strandlengju. Enginn hafði verið á sömu leið og ég. Ég fór niður fyrir veginn, kom mér fyrir í slakka þar sem var skjól fyrir hafgolunni, tók fram mjólkina og það sem eftir var af brauðinu frá Borg. Í loftinu hátt fyrir ofan mig görguðu kríur. Úti á flóanum suðaði trilla og hjó djúpt í öldurnar, annars var þögn. Ég leitaði Raufarhöfn uppi á kortinu meðan ég borðaði og fann bæinn á norðaustanverðri Melrakkasléttu. Svo austarlega hafði ég aldrei komið áður. Þegar ég var um það bil að ljúka snæðingnum þótti mér ég heyra í bíl úr suðurátt, ég tróð niður í pokann í snarhasti og hljóp upp á veg með pokann í eftirdragi. Beið lengi við veginn en enginn bíll kom. Nokkur vindstrekkingur var af hafi og ég fór upp fyrir veginn og lagðist í skjóli þar. Löngu síðar kom piköpp úr suðri með segl yfir hlöðnum pallinum. Ég veifaði og fékk far. Bílstjórinn var 17 ára Sigfirðingur, breiðleitur og flatnefjaður. Hann var á leið austur á Þórshöfn og varð hinn ánægðasti að fá ferðafélaga. Hann talaði linnulaust meðan við ókum fyrir Tjörnesið og um Axarfjörð. Við Víkingsvatn stöðvaði hann bílinn og bætti á hann vatni. Að sögn hans var bíllinn honum hjartfólginn. Skammt austan við Jökulsá tók piköppinn að hiksta og í sömu mund komum við að bensínsölu, þar keypti ökumaðurinn eldsneytið upp á krít og

viðhafði flóknar útskýringar og tiktúrur við kerlingu sem afgreiddi. Ég keypti harðfisk.

Nokkru austar eru vegamót og liggur annar vegurinn norður með ströndinni um Kópasker að Raufarhöfn, hinn liggur yfir í Þistilfjörð um Öxarfjarðarheiði og þá leið fór Siglfirðingurinn. Ég kaus að verða samferða inn á heiðina. Á Sléttunni austanverðri var merkt vegarslóð á kortið og einn bær, Kolluvík, 5 km til norðurs frá veginum. Ökuleið Siglfirðingsins lá um lyngvaxna heiðina, í ótal hlykkjum um uppþornaða lækjarfarvegi og melhryggi, hann ók eins hratt og skjóðurinn komst uns lofthreinsarinn hrökk af standinum í öllum hristingnum og tók að berjast um innan í vélarhúsinu eins og trylltur fugl. Þá stöðvaði hann bílinn og ég fór út og tyllti lofthreinsaranum aftur á sinn stað. Þannig aftur og aftur.

Ég var á ferð um Melrakkaslétu um sumarsólstöður. Kvöldsett var orðið en sól enn á lofti og dumbrauð orkuþrungin litastig komin í himininn. Við námum staðar við sæluhús á heiðinni og meðan við skoðuðum það fóru logar kvöldsólarinnar um lyng í miklu roki. Mér varð um og ó þegar við ókum fram á vegaskilti uppi á regin heiði sem vísaði í Kolluvík og götuslóðin vart greinanleg frá melnum. En kvaddi þó Siglfirðinginn þarna. Þaðan sá ekki til byggða og gríðarmikið fjall, gróðurlaust og skriðurunnið, byrgði fyrir útsýni til hafsins í austri. Götutroðningurinn sem ég fetaði mig eftir með pokann á bakinu lá til norðurs í hlykkjum um kollótta melhóla og sá jafnan skammt fram á slóðina. Ég gekk undan hallanum og hafði vindinn í fangið. Hann steiptist eins og hafsjór úr sólarátt og máttug blikka var yfir víðerninu framundan. Sólin var í hánorðri og skuggar fjalla og hóla féllu að mér og fylgdi nístandi ógnvænleiki. Ég fór að hugsa um það að svona hlyti útlitið að hafa verið á fyrsta degi eftir að jörðin hafði verið sköpuð hver sem að því stóð. Vindurinn var eins og súgur. Ég kallaði. Ekkert heyrðist. Ég öskraði en heyrði ekkert annað en vindsúgandann. Um síðir kom ég fram á hæðarbrún og sá niður í víkina sem skiltið hafði boðað mér, vafða bláu rökkri. Á hægri hönd byrgði fjallið fyrir útsýni til hafsins. Kolluvík varð fyrir sjónum mér æ aðkrepptari eftir því sem ég sá lengra niður í

hana á göngunni uns hún var mér sem gljúfur. Vegurinn var hlykkjóttir og var þegar horfinn að baki mér. Ég hélt áfram og smám saman urðu hamrarnir framundan skýrari og og fengu á sig jarðneskari mynd uns ég sá bæ niðri á lálendinu inn af víkurbotninum.

Ég hrökk upp við bílflaut að baki mér og vék til hliðar. Ég stóð í vegkantinum og reyndi að líta út eins og stálsleginn. Vörubíll skrönglaðist niður hlykkjóttan veginn og ég gaf ökumanninum merki um að stansa, það um far. “Eitthvað niður eftir,” sagði ég. “Í Kolluvík?” spurði ökumaður. Tveir kvenmenn sátu í farþegasætinu við hlið hans og voru öll á leið til Raufarhafnar. Ég spurði hvort ég mætti sitja þangað á pallinum sem var málmklæddur og rauðleitur af síldarkryddi. Eftir að hafa fengið heimildina kom ég mér fyrir á varahjólinu upp við húsið. Bíllinn fór fram hjá býlinu Kolluvík, hvítu húsi með grænu þaki, harðbala jörð milli þungbúinna klettabelta og greinilega í eyði.

Við komum til Raufarhafnar í náttleysunni og ég var feginn að losna af pallinum. Breið gata lá í gegnum miðjan bæinn og húsabyrpingin á dreif út frá henni á báða vegu, nokkrir kumbaldar innan um ófrágengnar nýbyggingar. Höfnin er við lón. Í námunda við hana var raðhús og síldarverksmiðja þaðan sem lagði kófþykkann reyk. Um aðalgötuna sveimaði fjöldi unglunga; gæjar, þæjur. Mér var hrollkalt eftir ökuferðina, tók þokann og gekk yfir að næsta húsi, símstöðinni. Einnig þar var margt um manninn, sumir stóðu stakir og horfðu út í loftið, aðrir í hnapp og skröfðu saman. Eftir götunni renndu tryllitæki og innan við bílgluggana sátu brúnaþungir menn með hártopp niður í augum, kölluðu til stelpna á götunni og upp við húsið sem svöruðu með hlátrum og hvellum hrópum, þær voru klæddar í stredsboxur og höfðu greitt hárið í sátu. Ég fór bak við tunnuhlaða, skipti um skó og notaði nú verkfærið frá Húsavík til að hemja hárlubbann eftir næðinginn á bílpallinum. Svo spurði ég næsta mann um matsölu. Hún var engin til í þessum bæ; og ekki fremur en á Húsavík. Skammt þaðan sem ég stóð þegar ég fékk þessar upplýsingar var húskofi og langur skúr samfastur honum, feyskinn og tættur. Skúrinn stóð opinn upp á gátt. Ég gekk þangað og skaut byrði minni inn fyrir dynnar. Um

leið sá ég kerlingu í glugga kofans. Ég barði að dyrum, það leyfis að fá að geyma baggann þar sem hann var kominn. Kerlingin var stutt og gild eins og hnyðja og játaði þessari bón minni stuttaralega. Ég gekk niður að höfninni milli skúra og dyngja af allskonar rusli. Ég vildi skoða mig um áður en ég réði mig í síldarvinnu í þessum bæ.

Eftir endilöngum bryggjunum voru söltunarbörð, gljámáluð og hrein. Stöku maður var þar á rjåtli. Verið var að landa úr bát við verksmiðjuna, hár sívalningur stóð upp úr lestinni og nam við færiband sem lá inn um þak hússins. Bandið sló jafnan takt og öðru hverju rumdi í verksmiðjunni eins og stórri skepnu. Reykjarmökkurinn var svo þykkur að það dró fyrir sól. Skyndilega kom dráttarvél þjótandi fyrir verksmiðjuhornið og hlykkjaðist fram hjá mér, hoppaði á ójafnri mölinni. Tveir strákar sátu við stýrið þótt sætið dygði tæplega einum, þeir toguðust á um stýrið hlæjandi. Raðhúsið við hafnarlónið var ómálað og sviplaust. Í gluggunum voru andlit. Gegnt raðhúsinu við lónið stendur upplituð kirkja úr steini og minnir á feita en fátæka sveitarmadömu á gamalli tíð. Bakvið kirkjuna er höfði. Ég gekk sneiðing fyrir lónið og settist á kirkjutröppurnar. Garðurinn var óhirtur og óumgirtur.

Tveir menn komu gangandi og horfðu á mig á kirkjutröppunum eins og ég væri uppvakningur og ég gekk í burtu. Ég var glorsoltinn, fannst kviðurinn á mér samanherptur og vélindað eins og frystipípa. Mér fannst ég hafa lagt af í ferðinni og fötin skrölta utan á mér. Nokkrum sinnum dró ég djúpt andann og belgdi mig allan út ef vera kynni að líkaminn færðist í rétt horf en það kom fyrir ekki. Ég gekk fram hjá raðhúsinu á ný. Í glugga voru tvær stelpur sem horfðu á mig og stungu saman nefjum. Litlu síðar var ég kominn inn í afar stóra birgðageymslu. Í öðrum helmingnum voru háar stæður af mjölpökum og það voru langar dimmar gjár milli hlaðanna. Um fremri hlutann þaut lyftari eins og hrædd mús í gímaldinu. Nokkrar manneskjur voru þarna á ferli, ýmist birtust eða hurfu í gjárnar. Ég stakk mér á eftir þeim og var því næst kominn í lítinn vélasal. Hitamollu og vélagný sló á móti mér í þungum bylgjum. Sveittir, þungbúnir menn stóðu við vélarnar í rökkrinu. Andspænis mér voru dyr í annan sal, ennþá dimmari

nema eldtungum brá öðru hverju fyrir innan við dyrnar. Mér létti þegar ég kom aftur út í kalt sjávarloftið. Ég tók að spyrjast fyrir um forstöðumann síldarverksmiðjunnar “Hafsilfurs” og fékk óljós svör. Ráfaði lengi um þorpið og var á báðum áttum um hvort ég ætti að fylgja málinu frekar eftir. Í huganum reyndi ég að setja niður fyrir mér hvað réttast væri að gera, hvað ég vildi gera, loks hvað hægt væri að gera. Svo tók ég ákvörðun. Ég vildi ekki vinna í þessum bæ. Gat ekki fellt mig við tilhugsunina að snatta hálfu og heilu sólarhringana á plönunum kringum söltunarkonur; því síður að kynda undir kötlum í þeim forgarði Vítis sem ég hafði litið inn um verksmiðjugáttina. Að dvelja svo mánuðum skipti á svo forljótum stað; það var fjarri mér!

Ég tók stefnuna í átt til skúrsins og pokans, dofinn og þungur til fótanna og hugsaði um mat. Mat! Ég hinkraði við skúrinn eftir að hafa tekið pokann, gekk svo niður fyrir litla húsið og var jafn tómur til höfuðsins sem magans. Þar lá troðningur að þurrkhjalli sem kassafjöllum hafði verið klambrað utan um af krakka. Tveir menn komu eftir stígnum í háværum samræðum. Þegar þeir komu að hjallinum stigu þeir báðir úr leið sinni og hurfu inn í hjallinn. Meðan þeir voru þar inni sá ég vætu renna frá pallinum undan brekkunni. Eftir að hafa kastað af sér vatni héldu mennirnir áfram för sinni. Á kofanum opnaðist útihurðin skyndilega og horaður drengnokki kom hlaupandi út. Hann hvimaði í allar áttir stórum, flóttalegum augum um leið og hann hljóp yfir stíginn og inn í hjallinn. Hann kom að vörmu spori aftur og hvarf inn í kofann nærri jafnskjótt og hann hafði birst. Ég vék mér að dyrunum og bankaði. Lítil stelpa birtist í gættinni. Ég spurði hana hvort mamma hennar væri heima. Sú litla kallaði inn á dimman, fátæklegan gang og þybbna konan kom í dyrnar og horfði á mig með steinrunnum áhugaleysissvip eins og fyrr um kvöldið. Ég spurði hvort hún gæti selt mér eitthvað að borða. Konan svaraði stuttaralega: “Nei, ég á ekkert!” Ég muldraði afsökunarorð og hún lokaði dyrunum.

Fáir voru á ferli þegar ég gekk upp brekkuna norðan við þorpið. Ég stefndi inn í sólarlagið. Á hæðarbrúninni sá yfir þorpið allt og hafnarlónið, og ég nam staðar. Sultarkenndin var orðin að

seyðingi, líkast því sem innyflin hefðu verið fjarlægð og ég væri ekki búinn að ná mér eftir aðgerðina. Meðan ég stóð þarna í kvöldkulinu upphófst mikill hvinur frá verksmiðjunni við höfnina, því líkast sem hana hungraði eftir æti enn frekar en mig. Þegar í stað tók að bera á auknu lífi um allt þorpið; gluggar voru opnaðir og hurðum skellt. Þaðan sem ég stóð var stutt fram á sjávarkamb og ég tók stefnuna á kambinn til að sjá þaðan bátana sem mér hugkvæmdist að nú stefndu á höfnina í lóninu, drekkhlaðnir, og væri hvinurinn til vitnis um það. Þegar á reyndi nennti ég þó ekki þessum hlaupum og sneri við á miðri leið. Þá varð ég var við bíl á sömu leið og ég út úr þorpinu. Ljós Kortína skreið upp brekkuna. Ökumaðurinn varð mín var og hægði ferðina. Ég stefndi á bílinn. Í honum voru þrír strákar á líku reki og ég. Þeir höfðu dregið niður rúðurnar og þegar ég kom að bílnum komu vöflur á þá, annar sem að mér sneri tautaði eitthvað á ensku. “Þetta er allt í lagi,” sagði ég, “ég er rammíslenskur.” Strákunum létti sýnilega, þeir hlógu. Hvert ég væri að fara? Eitthvað út eftir. Hvort ég vildi þiggja far? “Já, já.” Ég settist inn. Bíllinn rann áfram um marflatt landið í stefnu á miðnætursólina og bílstjórinn spurði: “Sástu rotturnar í fjörunni? Þær eru sköllóttar.” “Hvers vegna?” spurði ég og sagðist ekki hafa farið nema hálfa leið. Honum þótti heimskulega spurt. “Grúturinn, maður,” sagði hann. Þeir félagar þrír í bílnum voru á leið á Kópasker. Þeir voru forvitnir um ferðir mínar og ég hafði ekki sagt margt þegar einn þeirra spurði hvort ég væri maðurinn sem týndist. Strákarnir voru allir frá Kópaskeri.

Sléttan stendur undir nafni, engin fjöll heldur opið útsýni út í hafsauga, en ásar í vestri. Fyrsti bærinn, sem við ókum fram hjá, var í eyði og mjög draugalegur; húsið var hátt og snarað, múrgrátt með órætt myrkur í gluggum. Rusl og önnur ummerki um niðurníðslu á túninu. Spölkorn utar var annar bær líkur hinum í einu og öllu. Bílstjórinn sagði hægt og af þunga: “Bær nálægt síldarplássum fara fljótt í eyði.” – Ég horfði á eyðileikann eins og hann birtist mér í miðnætursólinni: Gróðurinn náði varla upp úr jarðveginum, hver jurt álút eins og undan sífelldu vindgnaudi. Ský sáust ekki á lofti nema dræsur yfir fjöllumum við sjóndeildarhringinn í suðri. Spönn ofan við gullinn hafflötinn

mókti sólin, umvafin þýðum litum húmsins, flöktandi, hverfandi. Þar sem vegurinn sveigir til vesturs er lón. Tanginn handan þess er sá nyrsti á landinu. Þar var Þorgeir Hávarsson dysjaður, sagði einn strákanna í bílnum. Þannig fer fyrir þeim sem alltaf fer eigin leiðir, hugsaði ég en sagði ekkert.

Vegurinn liggur um heiðardrög og síðan um grösug lönd og úthaga, fram hjá tveimur lífvænlegum jörðum, um hraunhóla og skarð eitt þar sem kvað vera reimt, og fram hjá Leirvogum – stórbýli með sjö hundruð kinda fjárstofni. Svo taka við svartir sandar og á þeim flugvöllur og framundan blasti við þorpið Kópasker. Mér stóð til boða að fara með ökumanninum daginn eftir austur á land í Neskaupstað, en einhvers staðar í hugarfylgsnum mínum var nú vöknuð löngun að snúa aftur, ljúka ferðinni á kunnuglegum reit. Ég kvaddi þá féлага þrjá við hótél kaupfélagsins á Kópaskeri, lítið hvítmálað hús undir bröttu risi.

Til dyra kom stúlka, ég spurði um herbergi og mat. Stúlkan beindi mér inn í húsið, upp stiga og inn í matsal. Orðið var of áliðið fyrir annan kost en brauð. Ég pantaði þrjár rúgbrauðsneiðar með osti.

Herbergið var langt og mjótt og hitasvækjan og óloftið þar inni reyndist mér þvílíkt eftir alla útiveruna að mér lá við köfnun. Þrátt fyrir miðnætursólina var aðeins þunnt tjald fyrir glugganum og ómögulegt reyndist að skrúfa fyrir ofninn. Rúmin voru tvö. Ég breiddi teppið úr öðru rúminu fyrir gluggann, tók svo allt úr hinu nema dýnuna. Bölvaði þessari vistarveru í sand og ösku og sofnaði á dýnunni án frekari umbúnaðar, svo þreyttur var ég eftir flakkið frá því ég kvaddi á Hallanda við Eyjafjörð morguninn áður.

4.

Það var sama veðurbliðan þegar ég kom fram á stéttina við hótél kaupfélagsins á Kópaskeri daginn eftir.

Klukkan hálf tíu átti rúta að koma frá Raufarhöfn á leið til Akureyrar og ég ætlaði með henni. Eftir að hafa borðað meira brauð á hótelinu gekk ég niður á bryggju, þá einu í kaupúninu.

Tvær æðarkollur syntu í flæðarmálinu og umhverfis kollurnar fimmtán ungar. Það var mikil viðkoma. Svo syntu kollurnar hvor í sína átt og þá skiptist unghópurinn um það bil til helminga og hvor hópurinn elti sína kollu. Svona mikið er samlyndið ekki meðal fuglanna á Reykjavíkurtjörn, hvað sem veldur, hugsaði ég og hafði virt fyrir mér fuglalífið á Tjörninni flesta daga Landsprófsveturinn í Vonarstræti. Það var sólskin og strax orðið hlýtt þennan morgun á Kópaskeri. Útsýnið yfir Axarfjörðinn var fagurt; tær undanrennublá birta yfir öllu. Hvert nesið teygði sig öðru lengra til norðurs, Tjörnes, Siglunes, Skagatá.

Bærinn var lítill; aðeins fáein hús og öll nýleg. Ég gekk um og góndi á allt sem fyrir augu bar og drap titlinga við sólinni. Nei, ég færi ekki langt þennan dag. Í rútunni yrði jafn molluheit og verið hafði í hótélherberginu nóttina áður. Og verið gat að rigndi á Akureyri að kvöldi eða yrði skýjað. Þennan dag vildi ég liggja úti í náttúrunni, horfa upp í loftið, gera ekkert annað en vera til og njóta þess. Ég fór inn á hótelið og bað eldhússtúlkuna um að útbúa nesti handa mér.

Rútan kom og var hálf full af fólki. Bílstjórinn brá sér inn á hótelið til að fá sér morgunkaffi. Á meðan viðruðu farþegarnir sig á hlaðinu. Sláni á líku reki og ég, í gráum jakkafötum með gleraugu, snerist í kringum kerlingu sem var jafn gráklædd og hann var sjálfur, hann hélt á bók í hörðum spjöldum, “The house of the dead” eftir Fiodor Dostoevsky stóð á kápunni. Ég gekk að stráknum án þess að vita hvers vegna, benti á rútuna og spurði hvort hún færi til Akureyrar. “Já, ef hún dugar,” svaraði stráksi skælbrosandi. Kerlingin flissaði. Ég fann bílstjóran í eldhúsinu og spurði hann um far í Ásbyrgi. Það var í lagi; rútan færi þar hjá. Ég kom pokanum fyrir, keypti hálf kíló af eplum og settist inn í bílinn. Meðan ekið var fyrir fjörðinn slappaði ég af og reykti uns ökumaðurinn kallaði til mín og ég hrökk við: ”Þú ætlaðir út við Ásbyrgi, var það ekki?” Framundan blöstu hamrariðin við. “Ha, jú, jú,” svaraði ég utan við mig. Svo stóð ég á veginum með farangurinn og horfði á eftir bílnum hverfa inn í fjarlægðina. Ég setti á mig klyfjarnar og hélt af stað yfir sandfláka við veginn inn á

afleggjarann í klettabyrgið. Ég var dasaður, stirður og lerkaður, og nú ætlaði ég að hvíla mig í byrginu það sem eftir lifði dagsins.

Ásbyrgi er eins og langt hrosshófsfar (Sleipnir hefur verið á stökki), mótað tugi metra niður í heiðina og – Eyjan – þverhnipt standberg – jafn há heiðinni umhverfis. Byrgið er vaxið kjarri mestallt, um fjórir kílómetrar á dýpt og einn á breidd um miðju. Akvegurinn liggur inn í byrgið að austanverðu. Göngustígar eru um kjarrið sem er hávaxnara því innar sem dregur enda skjólið þar meira. Innst er spegiltær tjörn. Ég gekk framhjá nokkrum tjöldum á leið minni eftir veginum inn í byrgið. Mjög heitt var orðið og mikil tíbra yfir klettunum. Ég kom að endingu á grasflöt í námunda við tjörnina. Engin tjöld voru þar og engin manneskja sjáanleg. Ég fór úr að ofan og var berfættur. Ég valdi mér stað þar sem rjóður opnast inn á flötina og tók þar upp úr pokanum. Kort og annað pappírskyns var enn rakt eftir rigninguna í Eyjafirði. Ég breiddi þessa muni til þerris, opnaði síðan kókflösku og settist að snæðingi. Brauðið frá hótelinu var vont og ókunnuglegur keimur af því. Ég reyndi samt að gera því skil.

Ég hélt að tjörninni eftir einum stíganna. Þar er kjarrið svo þétt og hávaxið að greinarnar fléttast saman yfir höfði þess sem um það fer. Stórgryti er í kvosinni og tjörnin er svo tær að alls staðar sér í botn. Handan tjarnarinnar gnæfir klettapilið og vatn seytlar um klauf í því ofanverðu niður bergvegginn með lágværu ríslu sem þó er vel greinilegt í kyrrðinni. Á tjörninni syntu óðins- og þórshnar og tvær endur með fjölda unga sem tíndu mýflugur úr vatnsskorpunni ótt og títt. Ég settist á hellu og baðaði göngulúna fæturna í svölu vatninu. Fuglarnir létu sér hvergi bregða. Sérhvert hljóð átti sér enduróm í berginu í kring. Óðinsharnir syntu pískrandi við fætur mér en fjær kumruðu endurnar með viðvörunartón til unga sinna. Fólk kom að tjörninni: feðgar og síðan stelpa á brjóstahaldaranum ásamt krakka. Stelpan hélt peysu að barminum þegar hún varð mín vör. Ég stakk á stærstu blöðrunni á fætinum á mér með hnífnum mínum. Ég var gagntekinn af framandleikakennd og því líkast sem myrkur hvíldi yfir hluta af huga mínum sem ég gat ekki hrakið burt og var ekki viss um að ég vildi það. Ég sat langa stund hugsunarlaus á hellunni, umkringdur

tæru vatninu og fann hvernig sólin bakaði hörund mitt. Vatnsflöturinn var næstum loftkenndur í tærleika sínum. Eitt augnablik mistraðist allt og gullin birta flæddi ofan af bergbrúninni og vatnið varð sem á gull sæi. Sólina hafði borið í skarðið í hamraveggnum. Fuglarnir liðu um vatnsflötinn í birtunni annarsheimslegir og virtust brenna. Svo dró úr birtunni og tjarnarbotninn varð sýnilegur á ný þaðan sem ég stóð.

Ég tók hnífinn og vatnsflöskuna og hélt upp stíginn inn á grasflötina. Fólkíð var horfið. Ég fékk mér djúsblöndu og lagðist svo fyrir í sólinni. Þannig lá ég allan daginn. Ég las um hríð í Time magazine, annars lá ég bara og öll tilvera mín miðaðist við það eitt að vera til. Einu sinni eða tvisvar gekk fólk um flötina og horfði á mig forvitnisaugum eða þá að því var líkast sem það setti loku fyrir augnasteinana og andlitsdrættir þess yrðu rökfastari þegar það varð mín vart. Þegar líða tók á daginn heyrði ég bílana fara hvern af öðrum. Bílhurðum var skellt og þá fór þytur um hamraveggina eins og skotið hefði verið af byssu. Í tré fyrir neðan flötina þar sem ég lá söng fugl aftur og aftur sama lagið, flókið lag, og í hvert sinn sem hann söng svaraði annar fugl honum lengra inni í kjarrinu með öðru lagi. Undir kvöld var ég nærri búinn að læra lagið sem hærra heyrðist, en þá flaug fuglinn burtu. Enn var himinninn heiðríkur uppi yfir, en nú tók að kula með vaxandi rökkri í byrginu. Ég tók að kenna vanlíðunar, vaxandi ógleði og tók farangurinn og færði mig spölkorn austar á flötina; elti sólina. Lá enn um stund innan um fjalldrapa og sóley. Svo var skugginn kominn að mér á ný. Þá gekk ég vestur flötina aftur. Loks þyrmdi yfir mig; ég kastaði upp. Ég tók baggann og ráfaði um flötina, fann grasblett milli runna og rúllaði þar úr svefnpokanum. Skreið ofan í hann, lá á bakinu og horfði upp í loftið. Himinninn var orðinn ísblár. Líkami minn var dofinn og þó var mér kalt. Kvöldgola lék nú um lauf trjáanna og næddi með lágu soghljóði um vegg byrgisins. Ég velti mér á hliðina og reis upp til hálf, kastaði upp og kúgaðist um stund. Svo lagðist ég máttlítill á bakið aftur. Nokkru síðar heyrði ég í fólk inni á flötinni, glaðvær sköll í krökkum og fullorðna tala saman, raddhreifurinn fjarlægðist og nálgadist eins og veðurhljóð. “Skyldi það sjá mig?” hugsaði ég. Mér stóð á sama. Svo

fjarlægðust raddirnar og hurfu loks alveg og golan varð einráð á ný. Seinna um kvöldið tók ég að skjálfa. Ég holaði mér lengra ofan í pokann, breiddi peysu yfir höfuðið og reyndi að þetta pokaopið með trefli. En ég hélt áfram að skjálfa. “Ég verð að komast heim á einhvern bæ, verð að finna fólk í byrginu og biðja það að aka mér á næsta bæ.” Þessi hugsun tók sig upp í huga mér í sífellu. Svo skreið ég skjálfandi upp úr pokanum, tók saman föggur mínar og setti á mig bakpokann. Ég gekk af stað, bar svefnpokann undir handleggnum og hélt af flötinni um einstigi gegnum kjarrið og niður á veginn. Þar hafði verið tjald og bíll. En fólkíð var farið. Yfir öllu hvíldi gulrauður bjarmi kvöldsólarinnar og í norðri virtust ský loga yfir Axarfirðinum.

Í kyrrðinni bárust til mín lágir hljómar frá ferðaútvarpi út úr þéttu kjarrinu handan vegarins. Ég stóð kyrr í sömu sporum, svo gekk ég af stað í áttina út úr byrginu. Við hliðið kúgaðist ég. Gekk svo eftir veginum, þurrum, ryklitum. Byrgið opnaðist fyrir mér, og við mér blasti mikið víðerni til norðurs. Á vinstri hönd var klettaþilið, framundan í fjarska þjóðvegurinn. Ég var kominn út fyrir hliðið og í ljós kom bær austan við mig á grænum velli; ég tók stefnuna þangað. Ég var máttlítill og hugsaði um það eitt að hefja annan fótinn fram fyrir hinn. Við heimreiðina að bænum settist ég á kollóttan stein og hvíldi mig. Íbúðarhúsið var lítið og hvítt með rauðu þaki eins og flestir bæir í sveit. Ekki rolluskjátu að sjá. Hvergi nokkurt lifandi kvikindi! Ég leysti snærið úr hliðinu að bænum. Þegar heimundir kom sá ég að blóm voru í gluggum og að dimmt var innan við gluggana. Ég beið drygklanga stund eftir að hafa barið að dyrum og barði svo aftur, ekkert gerðist. Ég barði enn. Ekki einu sinni hundsgelt. Svo stóð ég á ný úti á þjóðveginum og litaðist um. Ég sá hvergi til bæjar. Framundan byrginu og allt til hafs í norðri teygði sig mikið sandflæmi og malarflákar. Við austurmörkin allfjarri rann jökulsáin. Handan árinna var ógróið hæðardrag. Ég gekk í þá átt í óljósri von um bæ handan árinna. Ég mundi ekki hvort svo var. Ég var ekki með sjálfum mér lengur og fann það. Tilveran var orðin mér að hillingu. Ég marraði undan fótataki vegarins.

Vinstra megin við veginn var sandflæmið, en spölkorn hægra megin við mig var skógur, meira en mannhæðarhá tré og stóðu svo þétt að þau mynduðu grænan vegg þaðan sem ég leit þau. Handan við og fjarri var heiðarsporðurinn þar sem Sleipnir hafði markað spor sitt Ásbyrgi. Eftir að hafa gengið um stund í átt til árinna kom ég auga á veg inn í rökkrið milli trjána. Ekkert skilti var við veginn og engin merki um mannabyggð. Ég sveigði þó af leið minni inn milli trjána, hélt eftir þessum troðningi og dimmdi fyrir augum í þéttum gróðrinum. Eftir að hafa gengið um hríð í króka og hlykki í rökkrið tók ég að heyra skærar raddir. Ég kom fyrir enn eina beygjuna og var þá komin á stóra grasflöt. Á vinstri hönd framundan var stórt timburhús, klætt ómáluðu bárujárni. Hópur barna var að leik á flötinni framan við húsið og handan við flötina glampaði í kvöldbirtunni á vatnsflöt. Þegar ég kom nær sá ég að þetta voru strákar, flestir á aldrinum átta til tólf ára. Þegar þeir urðu mín varir hættu þeir leiknum og virtu mig fyrir sér forvitnir. Timburtröppur lágu upp að dyrunum á húsinu sem voru opnar upp á gátt. Vinstra megin við dyrnar hékk fornfáleg klukka og bandspotti niður úr kólfinum. Strákarnir komu í humátt á eftir mér að dyrunum og þögn hafði slegið á hópinn. Ég bankaði og gekk svo inn í forstofuna sem var ljósgul og stigi á hægri hönd í hálfhring upp á efri hæðina. Lítil strákur varð þar í leið minni, hann stirðnaði upp þegar hann varð mín var, starði á mig dolfallinn. Í dyrunum inn úr forstofunni mætti ég ungum manni, grannvöxnum, sviphreinum. Ég ávarpaði hann nokkrum almennum orðum en átti erfitt með að greina samhengið í mæli hans þegar hann svaraði svo ég greip framm í og spurði bara: “Get ég fengið að gista hér í nótt? Ég er víst lasinn.” Maðurinn lét sér hvergi bregða heldur svaraði jöfnum rómi: “Það er sjálfsagt mál.” Hann brosti vingjarnlega og benti mér að fylgja sér upp stigann á efri hæðina. Ég tók af mér klyfjarnar og klöngraðist upp á eftir manningnum. Á ganginum uppi voru blámálaðar viðarþiljur, og á veggjunum rautt, upphleypt letur úr frauðplasti. Fyrir enda gangsins var ritað með þessum hætti: “Jesús sagði: “Fylg þú mér!”

Maðurinn sýndi mér fyrst inn í stórt herbergi þar sem voru margar kojur meðfram veggjum. Ég hristi höfuðið. Þá sýndi hann

mér inn í lítið, viðarþiljað herbergi þar sem voru tvö rúm. Í milli var gluggi og lítið borð og á því Biblía. Rúmin voru heimasíðuð, úr einföldum borðum og svefnpoki í öðru en hinu harmonika. Fátt annarra muna var í þessu herbergi. Maðurinn benti á rúmið þar sem pokinn lá. Hann talaði um að ná í rúmföt handa mér en ég hristi höfuðið klumsa. Maðurinn tók pokann úr rúminu og ég settist og horfði orðlaus út í loftið. Ég heyrði á mæli mannsins að hann var ekki íslenskur. Hann spurði hvort ég vildi eitthvað að borða. Ég sagði að ég myndi ekki halda neinu niðri nema ef vera kynni flóaðri mjólk. Maðurinn fór en ég rúllaði úr mínum svefnpoka og lagðist fyrir. Ég mókti þegar maðurinn kom inn í herbergið aftur og var nú með bakka í höndunum. Á bakkannum var brún kanna og glas. Hann setti bakkann á borðið milli rúmana. Ég þakkaði manninum og þegar hann spurði, svaraði ég honum að mig vanhagaði ekki um neitt frekar. Þá bauð hann góða nótt, fór til dyranna og lokaði þeim varfærnislega á eftir sér. Ég drakk úr glasinu, skreið ofan í pokann og var þegar sofnaður.

Ég heyrði rödd kalla til mín úr fjarlægð, opnaði augun og var umlukinn rökkri, blárrí móðu. Andlit mitt var brennandi heitt. Gegnum mistrið sá ég óljósa mannsmynd frammi við herbergishurðina. Mér sýndist maðurinn vera í hvítum slopp. Hann spurði hvað ég hétí. Ég sé margt fólk í þröngu herberginu, lækningatæki, það glampar á málm. Nafn mitt er sagt. Þetta er lágur og þrekinn maður og ekki sá sami og fyrr um kvöldið. Nafn mitt er sagt aftur og aftur uns kyrrð er komin á að nýju og ég sé að í herberginu eru auk mín í mesta lagi einn eða tveir menn. Ég spyr hvað klukkan sé. Hún er eitt. Ég er þá búinn að sofa svona lengi, segi ég, kominn dagur. Nei, ég var búinn að sofa svona stutt, klukkan var eitt um nótt. Lágvaxni maðurinn segir: Velkomið að dvelja, dvelja, dvelja ... Og hann er horfinn inn í rökkrið.

Þegar ég vaknaði næst stafaði sólin geislum sínum inn um gluggann yfir borðinu og þægilega heitt var í herberginu. Um ganginn var hlaupið léttum fótum og hlátrar og hróp bárust að utan frá flötinni. Verkurinn í maganum var minni en áður. Ég var máttfarinn og sofnaði þegar á ný. Næst vaknaði ég við að sungið var einhvers staðar í húsinu. Röddin var karlmanns sem söng sálm.

Skærar drengjaraddir tóku undir án þess að ég greindi orðaskil. Ég kannaðist ekki við lagið. Svo greindi ég að sama röddin flutti ræðu, hljóðnaði svo og hávæð barnahópurinn tvístraðist.

Litlu síðar stakk ungi maðurinn höfðinu inn um gættina. Hann brosti þegar hann varð þess var að ég var vakandi og spurði hvernig mér liði. Ég skildi nú að maðurinn talaði færeysku. Ég tók boði hans um að koma niður að borða. Það tók mig nokkra stund að ná jafnvæginu á herbergisgólfinu eftir að hann var farinn. Varð svo stöðugri og fór niður í eldhúsið með stuðningi af veggnum í stiganum. Eldhúsið var stórt og bjart. Ung stúlka, færeysk eins og maðurinn, gekk um beina. Ég var lystarlítill og var sannfærður um að brauðið frá Kópaskeri hefði haft þessar afleiðingar, svo ólystugt sem það reyndist. Ég borðaði svolítið af fiski og drakk mjólk. Á leiðinni upp í herbergið rakst ég á manninn sem hafði vakið mig nóttina áður. Hann var á leiðinni inn ganginn á neðri hæðinni og spurði mig einnig um líðan mína. Svo var ég kominn í herbergið og andartaki síðar var ég sofnaður á ný. Seinna um daginn vaknaði ég við að hinn færeyski velgerðarmaður minn rak inn höfuðið, tók harmonikuna af hinu rúminu og hvarf aftur út dyrnar.

Óljósar hugsanir flögruðu um huga minn meðan ég lá í rúminu milli svefnis og vöku. Djúp kyrrð og tærleiki ríkti. Mér leið eins og ég hefði dáið og fæðst á ný. Ég reyndi að vekja með mér forvitni um hvort ég væri orðinn nógu vel á mig kominn til að halda áfram. Treysti ég mér til þess? Ég reis upp í rúminu og hallaði mér fram. Velgjuaðkenningin ágerðist. Ég lagðist aftur á bakið og hún dvínaði. Þannig lá ég langa hríð og hlustaði á raddir hússins – hlýja, kyrrð, fluga að suða. Skærar drengjaraddir bárust af flötinni utan við gluggann og glaðværar fullorðinsraddir neðan úr húsinu. Ég sat á rúmstokknum um stund og fór svo út að glugganum sem var lítill og fjórskiptur á gamaldags vísu. Þéttur skógur afmarkaði grasflötina og ég sá stóra tjörn og á henni tvo arabáta skammt undan landi. Í bátunum voru strákapollar. Margvíslegar tilfinningar sóttu á huga mig meðan ég virti þessa sýn fyrir mér þarna við gluggann. Svo fór ég fram á ganginn og niður stigann. Í forstofunni mætti ég roskinni konu. Ég spurði hvort ég mætti vera aðra nótt. Konan vissi það ekki, eftir því sem hún sagði, heldur

maður sem hún tiltók. Það var opið út sem fyrr. Ég nam staðar í útidyrnum, blindaður af sólarljósinu.

Á grasflötinni og niðri við tjörnina var fjöldi drengja önnum kafinn við iðju sína. Annar bátanna var kominn að landi og við hann stóð sá mannanna sem ég var farinn að telja fyrir öðrum á þessum stað. “Þarna kemur gesturinn okkar,” sagði maðurinn þegar ég nálgadist, “hann getur borið brúsann með mér.” Hann kipti mjólkurbrúsa upp úr bátnum. Ég gekk til og tók í annað eyrað en maðurinn í hitt. Strákarnir fylgdust vökulir með mér allir sem einn og eltu okkur þegar við héldum með brúsann yfir flötina að húsinu. Við komum brúsanum fyrir í skemmu bak við húsið. Á göngunni spurði ég um heiti staðarins. “Ástjörn,” svaraði maðurinn. Ég spurði: “Er þessi staður á vegum sértrúarflokks?” Maðurinn svaraði og það vottaði fyrir þykkju í rómnum: “Það er svo margt kallað sértrúarflokkar. Barnaheimilið er á vegum safnaðar á Akureyri sem Artúr nokkur Gúkk stofnaði. Þú hefur kannski heyrt hann nefndan?” Ég hristi höfuðið.

Eftir að hafa komið brúsanum fyrir í skemmuni gekk ég fram á grasflötina á ný. Ég var berfættur. Smáfaxinn og horaður strákur, rauðhærður og freknóttur, staðnæmdist fyrir framan mig og spurði varfærnislega: “Hvar er bíllinn þinn?”

“Ég er ekki á neinum bíl,” svaraði ég.

Annar strákur kom og spurði: “Hvar eru sokkarnir þínir?”

“Þeir eru uppi í herberginu,” svaraði ég.

Sá sami spurði: “Af hverju ertu ekki í neinum sokkum?”

Sá rauðhærði spurði: “Hvernig komstu þá?”

Þeir voru orðnir fjórir eða fimm sem spurðu í þaula um ferðir mínar og sjálfan mig. En undrun þeirra rénaði ekki þrátt fyrir svör mín. Svo þögðu þeir að því er mér fannst allir sem einn uns einn vildi fá að vita hvar ég ætti heima í bænum og var eini Reykvíkingurinn í hópnum. Ég teiknaði staðsetningu með spýtu í moldina fyrir framan mig.

Sá rauðhærði sagði dimmraddaður: “Þeir kalla mig Jón bola.” Freknurnar iðuðu um allt andlitið þegar hann brosti.

“Hvernig stendur á því?” spurði ég.

Hann svaraði ekki en annar stærrí með gleraugu og byrjaður í mútum, svaraði fyrir hann: “Það er vegna þess að hann hljóp á gaddavír!” –

Allt í einu voru tveir strákanna komnir upp á tröppuhandriðið og börðust hlæjandi um að hringja bjöllunni við dyrnar. Á grasflötinni voru tveir pappakassar. Maðurinn bauð mér að setjast í grasið þar sem strákarnir komu sér nú fyrir með krosslagða fætur hver við annars hlið. Ég settist við annan enda raðarinnar. Þegar bjölluhljómurinn hafði kveðið við kom stúlkan úr eldhúsinu. Hún deildi út glösum, kex og tvíbökum upp úr kössunum. Hellti svo mjólk í glösin. Ég lauk við minn skammt og sat svo kyrr um stund. Yfirmaðurinn fór inn og kom aftur með búnt af sálmabókum. Þá stóð ég upp og fór inn í húsið. Meðan ég var að taka saman dótið mitt heyrði ég óm af sálmasöng og síðan tali utan af flötinni, svo bárust þaðan hlátrasköll og ærsl.

Ég hittí yfirmanninn í skemmuni bak við húsið. “Nú er ég að fara,” sagði ég. “Þakka þér kærlega fyrir allt.”

“Viltu ekki að ég láti útbúa handa þér nesti?” spurði maðurinn. Ég afþakkaði það.

“Þér er velkomið að fá þó ávexti með þér, epli eða appelsínu.” Ég hafnaði þessu boði ekki beint og hann vék sér frá og kom aftur með þrjár appelsínur og epli sem ég þáði. Ég kvaddi fullorðna fólkið. Svo hélt ég inn í skóginn á ný. Nokkrir strákanna gengu á leið með mér um hlykkjóttan skógarstíginn. “Hvernig ætlarðu heim?” spurði einn.

“Ætlarðu labbandi eins og þú komst?” spurði annar.

“Ég ætla upp á veg. Þar bíð ég þess að bíll komi eftir veginum í átt til Reykjavíkur. Með honum fæ ég ef til vill far,” útskýrði ég.

Strákurinn sem spurt hafði sagði ekkert en var hugsí á svip.

Á leiðinni eftir hlykkjóttum troðningnum heltust samfylgdarmennirnir úr lestinni einn af öðrum og þegar ég kom út úr skóginum var aðeins einn þeirra í sjónmáli. Reykvíkingurinn gekk þögull við hlið mér. Ég spurði til að segja eitthvað: “Hvenær ferðu heim?”

“Eftir mánuð,” svaraði hann og horfði niður fyrir fætur sér.

Ég var kominn út úr skógarjaðrinum og upphækkaður þjóðvegurinn blasti við mér. Ég hélt upp á veginn og gekk eftir honum í áttina að Jökulsá. Að baki mér varð ég var við að nokkrir strákanna komu sér fyrir á breiðri, sendinni spildu milli vegarins og skógarins og höfðu hægt um sig. Landróverjeppi kom á móti mér og staðnæmdist við sauðfjárveikivarnarhlið alllangt í áttina að Jökulsárbrúnni. Ég beið við vegkantinn, veifaði og jeppinn staðnæmdist. Maður um tvítugt svarði með háþingeystum svip: “Jú, jú, þú mátt fljóta með.” Hann var einn í bílnum. Ég kveið því að ég myndi ef til vill kasta upp á bílgólfið. Til þess kom þó ekki.

Strákarnir sátu í sandinum við afleggjarann, þeir litu upp og veifuðu þegar bíllinn fór hjá. Ég veifaði á móti. Ökumaðurinn horfði fram á veginn, hann sýndi þess engin merki að hann yrði var við neitt óvenjulegt og það setti að mér aðkenningu um að barnahópur hér í auðninni frammundan skógarjaðrinum væri ímyndun mín. Og svo var einnig Ásbyrgi að baki.

5.

Bíllinn þaut áfram með botni Axarfjarðar. Ég spurði ökumanninn að einhverju léttvægu en hann var frekar fátalaður. Þéttbýlt var við veginn þegar lengra kom. Við námum staðar við bæ einn og Þingeyingurinn fór inn með böggul. Eftir spottakorns akstur nam hann staðar aftur og sagði: “Hér fer ég heim og stoppa víst eitthvað,” sagði hann. Ég kvaddi, gekk nokkurn spöl frá bænum, settist svo við lynghól og beið. Jeppi kom úr austurátt og í honum kona við stýrið, hún var ein í bílnum. Ég veifaði en hún hristi höfuðið og ók á jöfnum hraða fram hjá mér.

Ég kenndi engra óþæginda í maganum lengur. Nokkrir bílar fóru hjá uns flutningabíll nam staðar og ég gat haldið áfram ferðinni. Ökumaðurinn var á leið frá Þórshöfn til Húsavíkur, hann var um þrítugt og sýnilega ánægður með að fá ferðafélaga. Maðurinn spurði um ferðir mínar á austurleiðinni, hvort ég hefði farið fyrir Tjörnes eða yfir Reykjaheiði ofan við Húsavík. Ég sagði honum að Reykjaheiði hefði ég aldrei farið: “Þá gerum við það

nú,” sagði bílstjórinn. Þessi fjallvegur er fáfarinn og vegurinn er erfiður en útsýnið er mikið og fagurt.

Bílstjórinn þekkti vel örnefni og merkisatburði sem heiðinni eru tengdir: Hann veiddi upp orðin hægmæltur og lifði sig inn í frásagnir sínar. Fremsti bær í sveitinni heitir Fjall og fram hjá honum er farið, síðan upp gilskorning og komið í hvilft sem heitir Áfangi. Þar áðu reiðmenn fyrrum sem lögðu upp frá Fjalli. Síðan er komið á melrana. “Hér var eitt sinn drepinn ísbjörn,” sagði ökumaðurinn. Heiðin var sléttlendur afréttur, jöðruð ávölum fjöllum á alla vegu. Á tveimur þessara fjalla hafa menn orðið úti. Við rætur annars þeirra liggur höfuð Víkings landnámsmanns, sagði bílstjórinn. Við fjallsrætur langt í suðri er grösugur rindi og þar var eitt sinn bær, síðan gangnakofi, nú eru þar aðeins grónar tóftir. Og við fórum yfir sýslumörkin. Urðir, síðan sandar og á einum stað þar ferhyrningur Landgræðslunnar. Svo sést út yfir Skjálfaflóann á kafi í skýjum en ofan á skýjahulunni fljóta ójarðneskir dalir og draumafjöll undir heiðum himni. Hægra megin við veginn gnæfir Húsavíkurfjall og þegar komið er niður úr skýjunum kemur Húsavík í ljós.

Handan götunnar frá kaupfélaginu séð, þar sem síðustu ökuferð lauk, sá ég pallbílinn og Siglfirðinginn sem ég hafði farið með um Öxnadalshéiði á austurleiðinni. Hann var á leið í bílinn ásamt öðrum manni og varð mín var, kallaði: “Ertu kominn aftur?” Svo var hann lagður af stað í gagnstæða átt við mína. Á hæð utan við kaupstaðinn nam ég staðar, settist og fékk mér appelsínu. Ég fylgdist með umferðinni frá bænum. Eftir allanga dvöl þarna við veginn kom amerískur kaggi, Sévrólett '59, og ég fékk far. Við stýrið sat unglingsstrákur og við hlið hans gamall bóndi, horaður og æðaber, afi stráksins. Meðan við ókum inn Reykjadalinn nefndi gamli maðurinn mér bæjar- og staðaheiti eftir því og umfram það sem ég spurði. Svo var ég kominn aftur að Einarstaðaskála og nú á vesturleið.

Ég stóð upp á endann við afgreiðsluborðið og át pylsu. Stór flutningabíll stóð fyrir utan skálann. Nokkrir menn unnu við að skipta um dekk á bílnum. Á hlaðinu stóð einnig Willisjeppi af dýrari gerðinni frá Akureyri. Fjölskyldan við borðið fyrir aftan mig

fór út á hlaðið og upp í bílinn. Mig langaði til að að biðja um far en kom mér ekki að því og bíllinn rann úr hlaði. Það var nú það. Ég fór út.

Ég tók upp mal minn og svefnpoka og þrammaði upp brekkuna við skálann og inn á Fljótshéiði. Ég varð ekki bíls var á heiðinni og settist loks við veginn, tók að skoða kortið mér til afþreyingar. Grónar heiðar í suðri. Kvöldsett var, svefnværd í lofti. Sléttvanga jörð. Stelkur og kjói spiluðu á þögnina eins og fiðlu. Hljóðbært eins og í ævintýri. Niðri við Einarsstaðaskála, sem var í hvarfi við heiðarræturnar, var fólk að tala saman. Ómurinn af kvöldönnnum sveitarinnar barst mér líkt og ég yrði hans var með öllum líkamanum. Þarna á velgróinni heiðinni fannst mér ég vera landvættur og undi því vel. Jeppabíll kom, stutt var í ákvörðunarstað, sagði ökumaður, það tók því ekki fyrir mig að þiggja far. Loks kom Volvo bjöllubakur, hjón í framsætinu, tíu ára stelpa í því aftara og þar fékk ég sæti líka. Fjölskyldan var frá Akureyri, hafði farið austur að Mývatni og var nú á heimleið með skottið fullt af hellugrjóti úr Dimmuborgum. Værd var yfir fólkinu í síðdegishitanum og fátt sagt á leiðinni. Í Ljósavatnsskarði skreið ljót og loðin könguló neðan í loftinu í bílnum. Stelpan við hlið mér hafði sofið en var nú vöknuð og varð hrædd. Ég greip köngulóna og kastaði henni út um gluggann. Sú litla horfði á mig með viðbjóði og fór svo aftur að sofa. Við fórum yfir Fnjóskárbrú hjá Vaglaskógi og yfir Vaðlaheiði. Komið var fram á kvöld þegar við sáum Eyjafjörð glampa eins og spegil í kvöldsólinni.

Fáir voru á ferli í bænum og lítil umferð. Ég kvaddi fjölskylduna í bjöllubaknum og gekk niður að skrifstofu Norðurleiða í miðbæ Akureyrar. Þar var lokað. Ég var orðinn svangur og leitaði að matsölu en engin var opin. Þá gekk ég niður að höfninni. Taktfastir skellir bárust frá síldarbát sem þar lá við bryggju. Mávar vældu; hljóð sem vekur með mér útþrá. Annars var kyrrð. Ég settist á bryggjustaur og át aðra appelsínu. Hópur sjómanna gekk hjá, litu sem snöggvast til mín, hurfu svo fyrir vöruhlaða á bryggjunni. Ég velti fyrir mér hvað gera skyldi, gista á hóteli eða ekki. Líklega þá á heimavist menntaskólans; á móti kom að í svona blíðskaparveðri eins og þetta kvöld var engum

vorkunn að liggja úti um nóttina. Ég rölti inn í bæinn og upp gilið að menntaskólanum. Svefnpokapláss var ekki farið að bjóða ferðamönnum á þessum tíma og aðeins í boði tveggja manna herbergi.

Ég gekk upp fyrir bæinn og það var komin nótt. Í lárétrri nætursólinni úr norðri líktust jarðirnar í brattri hlíðinni handan fjarðarins þvotti í stormi. Þetta var nótt bláa litarins, blæbrigðin óendanleg. Ég gekk í gegnum hverfi nýbygginga ofarlega í bænum. Í jaðrinum hafði verið slegið upp fyrir fyrstu hæð húss af steyptri grunnplötu. Þar skildi ég farangurinn eftir. Greikkaði svo sporið, hljóp yfir tún og stökk yfir girðingar. Framundan mér var fjall, gullið á toppinn í næturbirtunni. Þangað vildi ég komst. Þar kynni ég að finna hið gullna fyrirheiti.

Ég sveif yfir skurði og ræsi. Trítlaði yfir þúfur, votur af dög. Missti fótanna og datt í skurð. Ég skreið upp úr og kastaði mæðinni á moldarbing. Handan skurðarins stóðu tveir hestar og gjóuðu til mín augum, komu svo skokkandi. Ég var rennvotur í fætarna eftir hlaupin og mér var kalt. Það sló að mér og ég stóð upp, kvaddi klárana við skurðbarminn með handarsveiflu og labbaði af stað aftur til bæjarins. Ég kom að fjárrétt og gekk svo lengi eftir malarvegi. Það var tekið að kula frá sjónum. Ég fann aftur nýbygginguna og dótið mitt. Fann mér skjól innan um uppsláttarmótin og borðaði það sem eftir var af ávöxtunum. Skreið svo ofan í svefnpokann, hnipraði mig í kuðung og reyndi að sofna. En mér varð ekki svefnsamt. Ég skynjaði á sjálfum mér þau sannindi að heiðríkjudagur boðar kalda nótt. Loks stóð ég upp stirður, kaldur og úrillur. Ég tók minnisbók upp úr bakpokanum og stakk niður skriffæri í eina skiptið í ferðalaginu. Ég skrifaði:

“Klukkan er líklega um fjögur eftir miðnætti. Ég sit hér í hálfkláraðri byggingu í Akureyrarkaupstað. Yfir mér hvelfist heiðskír himinninn og út á milli fjalla sér í fagran fjallahringinn sem umkringir þennan bæ. Mér er kalt og ég er svangur. Rútan fer níu eða hálf tíu til Reykjavíkur. Ég veit ekki hvernig í fjandanum ég á að hafa ofan af fyrir mér þessa tíma sem eftir eru. – Sumir segja að það sé stórlega andríkt að svelta og skjálfa úr kulda en ég er svipað því eins andríkur núna og kálhaus.” –

Ég gekk fram og aftur um húsgrunninn til að fá í mig hita, fór svo út á götuna en skildi dótið eftir. Við hús skammt frá stóðu þrír uppstroknir menn og töluðu saman. Þeir voru augljóslega nýbúnir að borða fylli sína. Ég gekk ofan götuna og inn í næstu hliðargötu. “Þeir halda auðvitað að ég sé útlendingur,” hugsaði ég gremjulega. Gekkk hring og mætti einum mannanna í bakaleiðinni. Nú skal ég sýna honum að við erum samlandar, hugsaði ég, spurði manninn hvað tímanum liði. Hann lyfti brúnum og sagði mér það. Innan veggja breiddi ég úr pokanum á hnjúskóttum húsgrunninum, tjaldaði því sem til var af fötum, bauð sjálfum mér góða nótt og svaf óreglulega fram í morgunsárið.

Ég skreið á fætur í morgunkulinu og hélt niður að sundlauginni í nágrenni menntaskólans. Þar var ekki búið að opna. Ég gekk niður í gilið, mætti manni á uppeftirleið og spurði um matsölu. Maðurinn benti mér á matsölu í nágrenninu. Þar reyndist einnig lokað. Ég gekk upp tröppurnar fyrir neðan kirkjuna og lagðist í grasið á einum hjallanum. Morgunbirtan hafði fengið á sig jómfurugulan lit og örlítið var tekið að hlýna. Ég fór nokkrar ferðir að matsölunni í strætinu fyrir neðan og kom loks að henni opinni. Ég keypti skyr en þegar til kom gat ég ekki klárað. Ég var leiður og fann til þess að ég var einn.

Ofan við sundlaugina er tjaldstæði. Þar voru fáein tjöld. Ég settist í grasið og beið þess að sundlaugin yrði opnuð. Fólk var að vakna í tjöldunum og sem óðast að tygja sig af stað. Enskir og þýskir bakpokamenn gengu fram hjá mér niður í gilið, bjartsýnir á veðurfar komandi dags og skilyrðin til ferðalaga á þumalfingrinum. Tvíburastelpur, líkar eins og tveir vatnsdropar, komu út úr tjaldi, önnur á eftir hinni, þær tóku að greiða hvor annarri þarna á grasflötinni Kirkjuklukkan sló nú. Ég dreif mig í sund.

Það voru fimm mínútur í að rútan færi þegar ég kom út á stéttina við laugina eftir sunnið. Ég hljóp með farangurinn í hendinni niður brekkuna, fram hjá KEA, austur götuna og að bílastöð Norðurleiðar. Ég náði.

Frá Balkanskaga

1981

1.

Í Belgrad fæst Playboy í blaðsölu skúrum og þessa daga er hægt að kaupa skáldsöguna Fear of Flying eftir Ericu Jong í slavneskri þýðingu í bókabúðum. Vöruúrvalið er minna en ég hef vanist en ekki áberandi minna og það sem er tískuvörur. “Punk” stendur ritað á stall styttunnar af Lenín á Lýðveldistorginu og víðar um borgina. Klæðnaður fólksins er svipaður og í borgum í vestanverðri Evrópu, stormblússur úr næloni og gallabuxur. –

Ég kom til Belgrad um tíu leytið að morgni frá Trieste á Ítalíu eftir sæmilega hvíld í svefnvagni járnbrautarlestar. Fyrirkomulagið við landamærin var á þann veg að fyrst komu léttlyndir, ítalskir verðir í lestina og gerðu stuttan stans frammi fyrir hverjum farþega. Síðan var ekið nokkurn spöl og þá kom slavneskur vörður í lestina, bauð ekki gott kvöld en heimtaði bara vegabréfið og var á varðbergi eins og ekkert væri líklegra en verið væri að stelast að veldi kommúnismans sem hann var tákn fyrir þá stundina. Hann missti stimpilinn úr höndunum á sér af reigingi og ég lagði stimpilinn upp á setið á móti. Vörðurinn sló upp á Íslandi í skrá sinni og rétt reyndist sem júgóslavneski konsúllinn í Trieste hafði sagt mér, ég þurfti ekki formlega heimild til að ferðast um land varðarins. Hann fór, svo leið dálítil stund og ég held helst að lestin hafi þokast lítillaga áfram, þá birtist annar vörður í klefanum og var í brúnum búningi, hinn var í bláum, þessi var glaðbeittur og ívið kersknislegur og heimtaði þegar vegabréfið. Litaðist um í klefanum sem ég var einn í.

Á koju yfir bekknum sem ég sat á hafði ítölsk kona, dálítið þéttvaxin, lagt buxur í plastpoka litlu eftir að ég kom í klefann og þusaði mikið á blendingi úr ensku og ítölsku sem ég skildi illa; ég hélt að konan væri að sýna mér dýrðina sem hún hafði keypt, venjulegar gallabuxur, og að hún ætlaði sjálfri sér kojuna. En hún hafði reyndar verið að fara fram á að ég smyglaði buxunum yfir landamærin í þeirri trú að ég væri Kani og Kanar geti allt. Ítalirnir sem fyrir svefnvagninum réðu, stóðu einnig í þeirri meiningu að ég væri Kani á leið til Belgrad og þótti svo mikið til um að þeir stjónuðu við mig og bukkuðu sig fyrir mér og þegar þeir urðu varir við böggulinn ætluðu þeir að fleygja honum út um gluggann, en ég bannaði þeim það og þá tróðu þeir honum í eitt horn klefans.

Vörðurinn brúklæddi varð fljótlega var við plastpokann með buxunum á kviki sínu um klefann enda auðvelt, hann dró buxurnar upp úr pokanum með miklum þjósti og spurði mig hvað fleira væri falið í klefanum; hann trúði ekki orðum mínum um konu sem hvergi sást og skipaði mér út úr klefanum. Svo leitaði hann í klefanum með einhverskonar handayfirlagningu en ég stóð í dyrunum, kenndi vitleysunnar í þessu öllu saman og hló að verðinum. Meðan ég stóð þar kom annar eftirlitsmaður í brúnum einkennisbúningi, þrengdi sér framhá mér, brosti íbygginn, benti á mig og sagði: “Tom Jones!” Ég hlýt að hafa sett upp furðusvip því maðurinn varð óánægður og endurtók orð sín. Svo var hann rokinn með buxurnar og sá í klefanum á eftir honum. Ég saknaði vegabréfsins og elti vörðinn; upp úr dúrnum kom að hann hafði fleygt vegabréfinu í kojuna þar sem böggullinn hafði legið í fyrstu; ofar sjónlínu í þröngum lestarklefanum. Biðin við landamærin varði á annan tíma, og vörðurinn kom ekki aftur með böggulinn. Seinna um kvöldið kom konan í klefann til mín og með henni önnur, þær voru í uppnámi og réðu ekki við þann grun sinn að ég hefði stolið pinklinum en ég sannfærði þær um að svo var ekki, bauðst til að sýna þeim í handtöskuna mína þar sem var allur farangur minn, en buxnaeigandinn vildi það ekki og fremur en láta af trú sinni á almætti Ameríkana, samanber bíó og sjónvarp, sætti hún sig við hvernig komið var fyrir henni og það síðasta sem hún sagði áður en hún yfirgaf klefann, var “Thank you,” klökk.

Snemma morguninn eftir kom svo aftur maður í brúnum einkennisbúningi í klefann, lítill og þybbinn, svo vel vildi til að ég hafði farið fram litlu áður og var á ganginum, klæddur og kominn í úlpuna. Reykti. Þrír menn höfðu bæst við í svefnklefann upp úr miðnætti og voru þeir enn í kojunum. Vörðurinn fór í úlpu- og jakkavasa þeirra þar sem þær héngu á snögum, skoðaði blöð og pappíra sem þar voru, einn eigendanna talaði eitthvað um privat og vörðurinn hló að honum. Ég blés frá mér miklum reyki um leið og hann gekk út úr klefanum fram í birtuna og það setti að honum hósta, hann gaf sig ekki að mér og ég slapp alveg við þessa leit.

Alhvít jörð var í Belgrad þegar ég kom þangað, ískalt og mugga í lofti. Farþegamóttakan á aðalbrautarstöðinni í höfuðborginni er utandyra, farangur athugaður gegnum lúgu og standa aðkomumenn í röðum á meðan. Ekki hafði verið litið í handtöskuna fyrir í þessu landi, nú var gerð málamyndaleit. Þetta er dálítill skjóða eins og íþróttamenn nota, og hún er þakin skrautlegum miðum frá stöðum þar sem ég hef verið á flækingi.

Ekki skil ég hvað konan var að gera með að smygla gallabuxum inn í landið; það er nóg af þeim í búðum í Belgrad. Þar eru jafnvel diskóskemmtistaðir. Ég kom töskunni í geymslu – í henni voru ferðatékkar og farniðinn frá Luxemburg heim; fór svo strax á rölt. Belmondó í bíó, einnig þeir kappar Bud Spencer og Terence Stamp. Á götunum er með höppum og glöppum hvort ökumenn láta gangandi fólk ná rétti sínum á sebrabrautum og þýðir ekki fyrir þann gangandi að silast yfir götuna eins og alsíða er í umferðinni í París. Kauplag er gjörólíkt því sem ég hef vanist; á ferðaskrifstofu var mér svarað með skætingi og neitað um alla þjónustu þegar ég leitaði eftir upplýsingum um flug til Aþenu. Venjulegir túristabæklingar eru ætlaðir starfsfólki, var mér sagt, þegar á reyndi. Allar tegundir af sígarettum fást hér en ekki smávindlar, slíkt dettur engum í hug að reykja fyrst fánlegar eru amerískar sígarettur. Tartarar bjóða vörur sínar á matsölum. Margar eru eins og þær í Trieste að standa verður upp á endann meðan borðað er, í öðrum er setið, en hvort heldur sem er hafa menn uppi höfuðfat sitt meðan borðað er og hef ég ekki kynnst þeim sið fyrir. Því fyrirferðarmeira sem höfuðfatið er þeim mun

frakkari er sá sem það ber, jafnvel á hinum finni stöðum. Allur matur er mjög fitumikill. Starfsfólkið á veitingastöðunum er drembilátt í viðmóti, einkum ef leitað er eftir þjónustu þess, og alveg stíllaust í fasi. Einhverskonar bágindi hrjá marga svo að áberandi er, annar hver maður kvefaður, karlmenn eru kinnfiskasognir og órakaðir með ástríðuhungur í slavnesku augnatilliti. Í samanburði við Ítali, sem eru sískrafandi eins og fuglar á vordegi, er fólkið fálátt eins og draugar. Veðrið veldur þessum drunga auðvitað að nokkru.

Ég gekk upp brekkuna framundan brautarstöðinni. Alls staðar eru hafðar uppi myndir af þjóðhöfðingjanum Tito: fremst í strætisvögnum, matsölum, kökubúðum, og myndirnar eru söluvarningur í skúrum, hanga þar uppi við hliðina á myndum af íþróttahetjum. Efst í brekkunni kom ég í verslanamiðstöð undir einu þaki sem gæti verið í París. En það er eitthvað í svip fólksins sem sýnir að það mun aldrei geta skilið vestrænar hugmyndir um frelsi þrátt fyrir slíkar miðstöðvar.

Mikið er um einkennisklædda menn á götunum sem virðast lítið hafa við að vera annað en spóka sig í búningunum. Ég keypti kort af borginni og fór svo að leita að þjóðminja- og listasafninu. Nauðsynlegt er á ferðalagi að hafa eitthvert markmið. Og fyrir mínum sjónum gæðist borg ekki lífi fyrr en ég þekki fortíð hennar. Það er skylda að skilja eftir yfirhöfn sína þegar maður skoðar ríkissafnið. Það er skylda að leyfa skoðun á farangri sínum ef maður lætur geyma hann.

Það var fyrr á tíð skylda meðal giftra kvenna í Króatíu að bera fuglsfjaðrir í höfuðbúnaði sínum – sem varð annar við giftingu – til að bægja burt illum öndum. Í listasafninu voru mjög skemmtileg málverk frá fyrri tíð af alþýðufólki, þrír karlar ösla fullir og syngjandi í þorpsforinni, einn leikur á fiðlu, á lengdar stendur kona einhvers þeirra, dyrgjuleg með tandurhreina, skósíða svuntu og steytir að þeim hnefann. Karlarnir eru berfættir í leðjunni. Hér á hásléttunni hefur þrífist mannlíf allt frá því á steinöld; miklar minjar vitna um það.

Þegar ég kem á efstu hæðina í ríkissafninu gerist það sem endrum og eins kemur fyrir á ferðalögum, maður dettur úr einum

heimi inn í annan sem stendur manni svo miklu nær að saman rennur hugsun og umhverfi. Salurinn á efstu hæðinni var fullur af gullmunum frá Columbíu í Suður-Ameríku; gersemar guðanna sem Daniken skrifaði um og dró frægar ályktanir af, þær blöstu þarna við mér. Um stund skoðaði ég smágerðar guðalíkneskjur og í huganum bar ég þær saman við myndir af geimförum. Á öllum veggjum salarins héngu spjöld en ég skildi ekki einu sinni letrið, hvað þá málið á spjöldunum. En gripina kannaðist ég við, suma jafnvel sem gamla kunningja. Farandsýning? Hvort svo var læt ég mér í léttu rúmi liggja.

Svo var ég kominn aftur á þjóðminjasafnið. Ég skoðaði þjóðbúninga; áráttukennd nákvæmni hefur einkennt klæðaburð þeirra þjóða allra sem nú mynda ríkið Júgóslavíu, Serba, Króata, Montenegróa, mynstur sem allir hlutu að þýðast líkt og síðar marxismans. Eftir að hafa gengið um salina og kynnst þessum þjóðarbrotum sótti ég töskuna í afgreiðsluna. Ég hafði upp á hóteli á skikkanlegu verði. Gamalt rokk hljómaði þar úr útvarpinu í móttökunni.

Morguninn eftir var heiðskírt en svo kalt að okkur hér heima hefði þótt tiltökumál á þorra. Ég hafði þá hugmynd að kirkjum í landi Slava hefði verið breytt í söfn en ekki reyndist svo vera um þá fyrstu sem ég kom að; mikla byggingu. Hún tilheyrði grísk-kaþólskum sið. Ég fór inn, kom í mikinn geim. Í kirkjunni voru eingöngu konur og þær ekki margar. Á auðum gólfpletinum voru lágmyndir af dýrðlingum á grindum sem líktust málaragrindum og keyptu konurnar kerti í söluskonsu við inngöngudyrnar og tylltu kertunum framan við myndirnar í skálar sem fullar voru af sandi, svo gengu þær að einhverri dýrðlingamyndinni og kysstu hana af trúarlegri en um leið kvenlegri undirgefni beint á munninn. Dýrðlingarnir eru auðvitað allir karlkyns. Fyrir einum kimanum í kirkjuskipinu var mikið þil með laufaskurði, gyllingu og helgimyndum. Þar inni var býsantískt altari. Þýð birta að ofan frá litskrúðugum gluggum.

Ég var ákveðinn í að halda áfram ferð minni þennan dag. Vildi komast til Aþenu. Ferð með lest þangað tekur sólarhring og fljúga vildi ég ekki; vildi sjá meira af landinu en kostur var úr flugvél.

Ég afréð af þessum ástæðum að fara til Skopje í Suður-Júgóslavíu með rútu og þaðan með lest til Saloniki í Makedoníu; ákveða svo framhaldið þegar þangað kæmi.

Samkvæmt tímatöflunni á brautarstöðinni í Belgrad átti lestin til Saloniki og Aþenu að vera í Skopje klukkan 21. 47. Rútan þangað suður eftir átti að leggja af stað klukkan eitt og vera komin til Skopje klukkan átta; þar með hefði ég tvo tíma til að ná í svefnvagn til Saloniki þetta sama kvöld.

Júgóslavar fara ekki frekar en Íslendingar ótilneyddir í raðir en eru þó grófari í þeim efnum því að þeir skirrast ekki við að láta hendur skipta ef þeim þykir hægt ganga og þeir rífast af brennandi heift við afgreiðslufólk ef flóknir skipulagshættirnir koma þeim úr jafnvægi. Ég lærði mína lexíu meðan ég var að verða mér úti um miða í rútna; þeir eru ekki seldir í vögnunum, jafnvel ekki á leiðum þar sem áætlunarferðir eru jafn tíðar og með strætó, heldur í miðasölu. Eftir kaupin er afhent skífa sem notuð er í sjálfssala til að komast inn á svæðið þar sem vagninn er. Og það er skylda að standa við rútna eftir að þangað er komið uns hún fer. Engu var líkara en brostinn væri á fjöldaflótti úr borginni, slík var örtröðin á rútabílastöðinni. Mín fór af stað tíu mínútum á eftir áætlun þéttskipuð fólki. Þá höfðu sölumenn gengið um vagninn með sama hætti og um matsölur borgarinnar.

Það var engu líkara en maður væri kominn í íslenskan áætlunarsvagn, svo fálátt var fólkið. Alhvít jörð var alla leiðina suður í land. Framan af er landið slétt og heldur strjálbýlt, sveitabæir en hvorki þorp né borgir. Kornbundini stóðu snjóug á ökrum. Smágerð tré afmörkuðu skákirnar.

Við höfðum farið í gegnum einn smábæ þegar dimmt var orðið. Landslagið breyttist síðan og ég sá á skiltum að fjöllótt var því að margoft var varað við grjóthrúni. Mikið var af skiltum á þessum hluta leiðarinnar sem auglýstu mótél, camping, enda mun þetta svæði, austur-Serbía, vera eftirsótt af ferðamönnum. Við fórum gegnum Nis, Vranje, sem er stórborg, og fleiri borgir. Suður-Júgóslavía er mun þéttbýlli en miðhlutinn. Þrisvar var numið staðar á þessari leið. Fyrst klukkan hálf fjögu. Og öll þjónusta undir berum himni þrátt fyrir snjó og kulda nema klósettið var

neðanjarðar í sóðalegustu jarðholu sem ég hef komið í. Þar migu menn á gólfið ekkert síður en í mígildið og óð maður í þessu. Mígildið og veggir þakin steinefnum úr uppgufuðu þvagi.

Ég át jógúrt, loppinn á höndunum, og slavar urðu jafn hissa á að sjá útlending borða þennan þjóðarrétt þeirra og við Íslendingar verðum þegar við sjáum útlending borða skyr. Í öðrum áningarstað glumdi diskómúsik frá stóru hringlaga tjaldi, innan við tjaldskörina voru spilakassar og fjölmenni við þá. Litlir söluskálar hér sem annars staðar og ekki teljandi aðstaða undir þaki.

Klukkan var 21.10 þegar ég yfirgaf rútna í Skopje. Á alla vegu umhverfis stöðina voru nútímalegar stórbyggingar, en ég sá ekkert sem minnti á járnbrautir enda reyndist járnbrautarstöðin, sem ég leitaði að, vera annars staðar í borginni. Ég hraðaði mér inn á leigubílastöð í nágrenninu. Fyrsti bílstjórinn í röðinni skildi ekkert nema sitt eigið móðurmál og vísaði á hina. Sama um þann næsta. Sá þriðji talaði þýsku og féllst með semingi á að aka mér á lestarstöðina sem hefði þó átt að vera sjálfsagt mál, hann setti upp 100 dinara sem er mikið fé og líklega þrisvar sinnum meira en honum bar. Ég gekk að því. Fremur dýr túr miðað við heima; hann tók gjaldmælinn úr sambandi áður en hann hóf aksturinn.

Lestarstöðin bar vott um skipulag sem mér var framandi. Húsið var stórt að grunnfleti en aðeins ein hæð og jafnan þurfti að fara út til að komast úr einni deild í aðra, þrisvar þurfti ég að fara í þvöguna fyrir framan afgreiðslulúgu til að ná í lestormiðann, en nú bar ég mig eins og innfæddir og gekk vel.

Mér hafði seinkað þar sem ég hafði orðið að flytja mig á aðra stöð. Það var stundarfjórðungur í að lestin færi samkvæmt áætlun minni frá Belgrad. Í einni afgreiðslunni á brautarstöðinni var mér hins vegar sagt að brottfarartíminn, sem ég skyldi miða við, væri laust fyrir miðnætti en ekki laust fyrir tíu. Ég tók ekki mark á því. Ég fékk svo enn nýjar upplýsingar frá lestarverði úti við brautarsporin um að lestinni til Saloniki hefði seinkað, hún kæmi á slaginu tíu.

Og nú hlaut ég eldskírn sem ég mun seint gleyma. Klukkan tíu rann lest eftir spori sem mér hafði verið vísað á og staðnæmdist. Ég fór inn í einn vagnanna, setti töskuna í hillu í einum klefanna,

litaðist svo um eftir svefnvagni. Gekk spölkorn meðfram lestinni en fann engan. Ég spurði lestarvörð á stéttinni um svefnvagn, og vörðurinn neitaði að um slíkt væri að ræða í þessari lest. Ég sneri þá við, varð var við að farið var að slökkva í lestar Klefunum og lestin tók kipp, þokaðist stuttan spöl og staðnæmdist. Ég hafði skilið töskuna eftir í einum vagnanna og vissi nú ekki lengur hverjum. Haldið var áfram að slökkva ljósin í hverjum vagninum af öðrum. Ég stökk inn í vagninn sem næstur mér var og tók að leita. Ég mætti lestarverði sem vísaði mér út með þjósti, þetta væri ekki lestin sem ég tiltók. Ég sinnti ekki öðru en finna handtösku mína þegar hér var komið, gekk gegnum þá vagna sem til greina komu, en hún var horfin. Ég fór niður á brautarpallinn og gaf mig á tal við lestarverðina þar. Þeir reyndust hinir þverustu, höfðu ekki orðið varir við neina tösku, gáfu þeir í skyn þegar þeim hafði skilist erindið, hæddust að vandræðum mínum og gerðu sig digra. Svo fóru verðirnir inn í lestina og hún tók að mjakast áfram eftir sporinu. Ég elti sem von var. Verðirnir fóru allir inn í flutningavagn með stórrí rennihurð og ég snaraðist upp í vagninn á eftir þeim. Af vörðunum var ekkert að hafa þegar inn var komið; þeir öskruðu að mér fjórir að hafa mig út og tveir þeirra gerðu sig líklega til að ráðast á mig og fleygja mér út. Aðrir tveir sneru sér að nesti sínu, heimtuðu matarfrið og voru á svipinn eins og úlfar. Ég stökk þá út úr lestinni sem komin var á skrið, hafði það af að missa ekki jafnvægið þegar niður kom og snaraðist að næsta manni og spurði hvert þessi lest færi, hann vissi það ekki. Annar taldi að hún væri á leið til Zurich í Sviss. Ég sá nú á eftir lestinni hverfa í kvöldsortann yfir opnum teinunum. Ég var með vegabréfið á mér en allt annað fémmætt var í handtöskunni, ferðatékkar og farmiðar.

Mig furðaði sjálfan á fljótfærni minni að skilja töskuna eftir í klefanum. Ég hafði ekki orðið var við að neinir aðrir en lestarverðirnir færu um vagnana sem til greina komu. Ég var því sannfærður um að þeir eða einhver þeirra hefðu stolið töskunni á þeirri stund sem ég brá mér út úr kyrrestæðri lestinni. Ég spurði enn brautarvörð, sem mér virtist stillilegri en hinir, um ferðir lestarinnar og skildist á honum að verið væri að flytja lestina í skýli á þessari sömu stöð. Hún færi ekki lengra í bili.

Nóg var af einkennisklæddum mönnum á þessari stöð sem öðrum. Ég sneri mér að einum sem ég taldi hermann og heimtaði lögregluna. Þessi maður fór með mér í gegnum stöðina þvera og út á götu, þar benti hann mér að bíða þess að lögreglubíll æki fram hjá. Ég sinnti ekki þessari ráðleysu heldur fór inn á stöðina aftur, viss um að þar inni væri tjóðrið sem batt stöðina við miðstjórnarvaldið í landinu en ekki úti á götu. Ég gekk milli einkennisklæddra manna og spurði um lögreglu en reyndist erfitt að gera mig skiljanlegan; það var helst að fólkið kynni hrafl í þýsku auk móðurmálsins. Og vandi minn var flókinn. Auk þess komst ég hvergi að skrifstofum byggingarinnar því að allar dyr í almenningnum vísuðu út. Loks gafst ég upp á þeim einkennisklæddu. Í staðinn sneri ég mér að alþýðunni og gamall hreingerningakarll reyndist mér hjálplegur. Stöðin var margar skúrbyggingar hver utan í annarri en karlinn vísaði mér um ranghala að skrifstofu stöðvarstjórnarinnar. Þar sátu nokkrir karlmenn umhverfis einn unglegan sem talaði í tvo síma í einu. Einhver mannanna á skrifstofunni fékkst til að hlusta á karlinn sem upplýsti að taskan mín væri á leið til Zurich en ég stæði sjálfur þarna á skrifstofugólfinu og það væri vandamál þeirra en ekki taskan. Sá sem í símana talaði lauk öðru samtalinu og síðan hinu án þess að sýna þess nokkur merki að hann yrði okkar var, tilgerðarlegur yfirlætissvipur hans var svo megn og hundsleg undirgefningin í svip hinna svo skýr að ég varð að leggja hart að mér til að taka þessar kringumstæður alvarlega. Undirmennirnir gutu hornauga til þess við símana, brostu lítilsvirðandi við karlinum og þegar stöðvarstjórinn setti sem snöggvast upp megnan klígjusvip án þess þó að líta við okkur tveim sem á gólfinu stóðum, vísaði einn mannanna karlinum út með merki um að ekkert væri hægt að gera.

Ég fór á eftir. Karlinn var ekki á því að gefast upp heldur vísaði mér á lögregluþjón á vakt. Sá var á skraffingi inni á miðasölunni með afgreiðslufólkinu þótt múgurinn frammi í almenningnum brytist um eins og brim við strönd. Hreingerningakona hafði tyllt sér á skemil inni í afgreiðslunni og hlýddi á. Ég hafði nú sannfærst um að lestin umtalaða væri enn á stöðinni, hún hefði aðeins verið

færð til, og reyndi að útskýra það fyrir fólkinu að taskan mín hefði orðið eftir í lestinni. Lögregluþjónninn var feitlaginn og værdarlegur. Hann var að gantast við afgreiðslustúlkuna þrátt fyrir urr og pústra slavanna fyrir framan lúgurnar, og það var létt yfir honum. Hann vildi ekki annað heyra en lestin væri á leið til Sviss og þótti þessi uppákoma afskaplega fyndin. Ég talaði um “eine grosses problem” og hann samþykkti að svo væri, úr fjarlægð. Svo var hann hættur að hafa gaman af þessu, þýskuskilningurinn til þurrðar genginn, hann hleypti upp öxlunum og sneri sér alveg að afgreiðslustúlkunni. Karlinn flúði þegar lögregluþjónninn tók að hleypa brúnum og ég sá hann ekki meir. Ég ávarpaði þá alla í afgreiðslunni, spurðist fyrir um hvort nokkur enskumælandi manneskja starfaði á stöðinni allri þessa stundina. Allir viðstaddir hristu höfuðið. Svo hélt lögregluþjónninn áfram með brandarann sem hann var byrjaður á. Þá stóð hreingerningakonan upp, en hafði látið sem minnst fara fyrir sér til þessa, hún benti mér að fylgja sér fram. Ég gerði það og fór á eftir henni út úr stöðinni götumegin. Á stéttinni við húsið var mikill mannsafnaður og fólkið órólegt. Konan stöðvaði unglingspilt í hópnum sem hún sýndi þess merki að hún kannaðist við og sagði við mig að pilturinn kynni ensku. Ég lýsti fyrir honum ástandinu og hann skildi hvað ég var að segja og var fullur hluttekningar yfir óhappinu. Svo greip hann frammí fyrir mér og benti á strætisvagn sem numið hafði staðar skammt frá, vagn hans væri kominn, sagði hann og hann mætti því miður ekki vera að því að hlusta á mig lengur. Aðstoðarkona mín var horfin til verka sinna og ég stóð þarna og undraðist þá óeirð og óeirni sem mér virtist einkenna fólkið umhverfis mig og hitt sem inni var í stöðvarhúsinu. Og hvað var nú til ráða? Ekkert nema ef ég gæti gengið fram af heimamönnum í síðum þeirra sjálfra! Ég tróð mér gegnum þvöguna upp á tröppurnar við aðalinnganginn og öskraði yfir mannfjöldann á ensku: Er hér nokkur sem talar ensku? Er nokkur enskumælandi hér?

Það datt allt í dúnalogn við þessa óvæntu uppákomu. Svo varð ég var við að maður olnbogaði sig í áttina til mín, klæddur þykkum gráum frakka, með kragann brettan upp að eyrum. Á þessu augnabliki gat ég ekki betur séð en þarna væri sjálfur Charles

Bronson kominn, röddin bar með sér að maðurinn væri alltént náinn ættingi leikarans fræga. Hann sagðist kunna málið og dálíttill hópur forvitinna áheyrenda myndaðist umhverfis okkur. Ég gætti þess að nefna ekki þjófnað til að særa ekki þjóðarstoltið heldur bauð mannum þegar skikkanlega fjárupphæð í dollurum ef hann aðstoðaði mig við að finna töskuna. Ég sleppti öllum útskýringum öðrum en að handtaska mín hefði orðið eftir í lestinni sem ég var í síðast og ég síðan misst af lestinni. Enskukunnátta mannsins reyndist mjög takmörkuð en hann var strax samvinnufús. Þessi aðstoðarmaður minn fylgdi mér nú á ný til stöðvarstjórans. Aðstoðarmaður minn var brattur og traustvekjandi en bar sig þar inni á gólfi hjá stjóranum eins og íslenskur bóndi frammi fyrir dönskum kaupmanni á sinni tíð. Nú tókst mér að koma á framfæri við viðstadda númeri á brautarspori og tíma umræddrar lestar, einnig lýsingu á töskunni. Í áhersluskyni dró ég upp skrautlegan miða úr vasa mínum með orðinu Belgrad rituðu á og ég hafði ekki enn komið því við að líma á töskuna, ég veifaði miðanum og lýsti því yfir að taskan væri þakin slíkum miðum, drap í smávindli í öskubakka fyrir framan stöðvarstjóran og danglaði í annan símann, sagði til að lýsa töskunni betur: “Svona svört!” Við þessa tilburði mína missti stjórnin valdsmannssvipinn og allir viðstaddir urðu sem stjarfir, svo blés stjórnin frá sér starfsþreytu, það létti yfir honum og hann tók upp annað tólið og hringdi. Starfsmennirnir umhverfis kættust þegar allir eins og einn maður, þeir kinkuðu kalli hver til annars og sögðu: “Beograd.” Aðstoðarmaður minn stóð hreyfingalaus á miðju gólfi, steinrunninn á svip. Benti mér þó að setjast á auðan stól við vegginn. Enginn annar varð til þess.

Eftir nokkrar hringingar og höstuglegt tal stöðvarstjórans í símann beindi hann máli sínu að fylgdarmanni mínum sem benti mér að fylgja sér út af skrifstofunni. Andrúmsloftið á skrifstofunni varð þegar í stað kuldalega ópersónulegt og starfsmennirnir, sem voru eingöngu karlmenn, sökktu sér á ný niður í störf sín. Ég fylgdi Bronson eftir um þröngan gang og hann sagði mér á sinni bjöguðu ensku að lestin, sem ég hafði vísað á, stæði á brautarspori, 700 metra frá stöðvarbyggingunni. Önnur vakt hefði tekið við lestinni. Einhver hefði orðið var við tösku sem kynni að vera mín.

Við vorum komnir út um einn útganginn enn og að þessu sinni var ég staddur í fáförnu porti. Á göngunni gegnum portið fjarlægðumst við eril og birtu, en nálgumst krók milli viðbygginga þar sem skein væðarlegt ljós á einni peru yfir dyrum. Á litlu hvítu skilti við látlausa útihurðina stóð “Police”.

Inni var frágangur allur svo fornfálegur að því var líkast sem ég hefði stigið öld aftur í tímann. Og birtan var samkvæmt því. Gamall maður í skrautlegum búningi sat bakvið flúrað jánngerði yfir skjölum. Hann leit upp þegar hann varð okkar var og svipurinn var embættismannssvipur frá fyrri tíma. Hann svaraði aðstoðarmanni mínum kalt þegar hann hafði gert grein fyrir erindi okkar, og vísaði á lögregluþjóninn sem væri á vakt og bæri að sinna þessu verki. Svo grúfði hann sig yfir skjölin á ný.

Vakthafandi lögregluþjónn reyndist nú á vakki við brautarsporin. Hann hristi sig allan og skók þegar hann hafði heyrt á ný söguna af töskunni og hló vandræðalega: Nei, hann vissi ekki um neina tösku; hann átti ekkert erindi við lest sem stæði einhvers staðar í myrku víðerninu framundan, – snerist á hæl og gekk burt. Nú sá ég að Bronson var nóg boðið, ég sá betur en fyrr að þetta var strákur um tvítugt og að hann vildi helst hverfa í mannfjöldann þaðan sem hann kom. Með fortölum fékk ég hann þó til að koma með mér aftur á varðstofu lögreglunnar og gera eina lokatilraun til að endurheimta töskuna samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfðum fengið. Varðstjórinn við jánngerðið starði nú með fólkskubjarma í tillitinu á fylgdarmanninn, líkt og maður sem margsinnis hefur slegið frá sér flugu og sér sér loks færi á að kremja hana. Hann glotti beisklega og sökkta sér umyrðalaust niður í blöð sín.

Þá snarast inn á varðstofuna maður í einkennisbúningi af því tagi sem ég hafði ekki fyrr séð í ferðinni, dökkbláum og fremur látlausum og nútímalegum, búningur mannsins og útlit minnti mig á hermann úr bandaríska flughernum. Sá nýkomni bar sig líka frjálsmannlegar en aðrir sem ég hafði séð þarna á stöðinni. Varðstjórinn leit upp frá blöðunum, hann hallaði sér aftur í setinu og honum létti sýnilega mikið.

Sá nýkomni brosti með einkennilegri blöndu af velvild og ógnun í svipnum, og benti okkur tveim sem stóðum á gólfinu fyrir framan hann að fylgja sér út, hann gekk á undan okkur uns hann kom að glugga á skrifstofu stöðvarstjórans, þar danglaði hann kæruleysislega í gluggann og eftir stundarbið birtust tveir menn utanhúss. Svo gaf hann stuttaralegar fyrirskipanir, alltaf með sama ógnandi brosið á fríðu fremur smágerðu andlitinu, og mennirnir hurfu þegar út í myrkrið á brautarpallinum. Svo sneri maðurinn sér að mér og sagði á þýsku að lestarþjónn kæmi innan stundar með tösku sem fundist hefði í lestinni sem ég hefði tilgreint. Sá bláklæddi bauð mér nú að fylgja sér og bíða eftir töskunni á varðstofunni. Aðstoðarmaður minn hafði orðið því minni fyrirferðar sem lengra leið frá komu þessa manns. Dálítinn hóp bar í veg okkar þriggja á leiðinni yfir á varðstofuna og þegar úr greiddist aftur var hann horfinn. Ég sá hann ekki meir.

Ég beið á bekk á rökkvaðri varðstofunni ásamt þeim bláklædda sem hafði tyllt sér á stakan stól í námunda við mig. Þarna sátum við báðir þegjandi þangað til maður í vinnugalla birtist í dyrunum, móður og mäsandi með töskuna í hendinni. Hún var auðþekkt á öllum miðunum. Sá nýkomni dró að sér hurðina en staðnæmdist svo nærri henni sem hann gat. Hann var stokkrauður í framan. Þögnin varð þrúgandi og hún hafði greinilega allt önnur áhrif á viðstadda en mig sem fannst þessi uppákoma öll fáránleg. Ég stökk fram á gólfið, fórnaði upp höndunum og hrópaði svo að undir tók í varðstofunni: “Bravó!” Klappaði kröftuglega saman lófunum og hneigði mig í átt til viðstaddra hvers af öðrum. Varðstjórinn sem starað hafði tómlaga út um lúguna varð skyndilega góðlegur í framan eins og gömul og þreytt amma. Það kom fát á þann bláklædda og hann var eitt augnablik furðu lostinn, svo áttaði hann sig og fór að hlæja og spennufallið á varðstofunni varð því líkast sem komin væru jól. Þessi nýi aðstoðarmaður minn benti lestarþjóninum á að koma nær og setja töskuna á gólfið fyrir framan mig. Síðan bauð hann mér formlega að kanna hvort ekki væri allt í töskunni sem þar átti að vera. Ég staðfesti það. Sá bláklæddi vísaði lestarþjóninum þá á dyr með snöggum hrolli eins og maður sem dustar af sér pöddu og lestarþjónninn lét ekki ganga

á eftir sér með það. Svo fylgdi hinn mér út, talaði góðlátlega og hvetjandi og þegar ég kom fram á hlaðið við varðstöðina hafði ég skilið ummælin: “Ef þú flýtir þér geturðu náð lestinni sem þú ætlaðir með.” –

Lestin til Saloniki var tekin að mjakast af stað út af stöðinni þegar ég stökk upp á pallinn á aftasta vagninum með töskuna í annarri hendinni. Það tók mig dálitla stund að finna sæti enda var vagninn þéttsetinn. Svo tróð ég mér niður í sætishorn með töskuna í fanginu.

2.

Ég fór með flugvél frá borginni Saloniki til Aþenu, öðru nafni Þessaloniki. Handan þröngrar götunnar sá ég inn um glugga Olympic-skrifstofubýggingarinnar úr glugga hótélherbergisins. Um langan veg í allar áttir voru bifreiðaverkstæði og varahlutaverslanir fyrir bíla. Ég hafði séð þetta hótél þegar ég kom úr vagninum af Aþenuflugvelli og ekki önnur. Þótt heiðríkt væri yfir Grikklandi hafði verið því líkast sem þoka tilsýndar er við nálguðumst höfuðborgina í flugvélinni; gulbrúnn hjúpur. Borgin þakti mikið svæði, lík upphleyptri koparmynd séð úr lofti, girt fjöllum á þrjá vegu sem koma í veg fyrir að norðanvindar blási reykmenjuninni á haf út. Það var sama hversu langt ég gekk í þrjár áttir þetta síðdegi, tvö fyrirtæki af hverjum þremur sem auglýstu vörur sínar á neðstu hæð húsanna vörðuðu bílgreinar og annað ekki.

Ég gekk í fjórðu áttina og komst þá út úr hverfinu. Mér fannst því líkast sem ég væri ofan í gríðarlega stórra skál, fullri af reyk. Mig vantaði kort, a map, eine karte, une plan, en enginn skildi neitt nema grísku, gekk breiðgötu sem í fjarska hvarf í mengunina, rauðir strætisvagnar siluðust eftir götunni og höfðu orku sína úr raftaugum sem mynduðu net yfir götunni. Loks fór ég inn í verslun sem auglýsti enskan fatnað, verslunarstjórinn stóð ábúðarmikill yfir snikkara sem var að lagfæra útstillingargluggann, sá lagði frá sér hamarinn og báðir lögðust á eitt: Á Syntagma-torgi fengi ég

kortið og þangað hlyti ég að fara með vagni númer tvö. Um leið og ég hafði sýnt þess merki að ég hafði skilið þá sneri verslunarstjórinn sér aftur reiðilegur að smiðnum sem tók á ný að bogra yfir smíði sinni.

Það heyrðist mikið í gírstönginni í vagninum þegar vagnstjórinn skipti og það þurfti hann oft að gera. Umferðarþunginn óx, húsin urðu svipmeiri og verslanir fjölbreytilegri, erillinn á gangstéttunum samfelldari. Ég fann að ekinn var fjórðungur úr hring, svo var stór garður á hægri hönd og tré í fullum skrúða með fullþroska klementínum, og á hellulagðri flöt þrjár súlur, leifar af musterisgafli. Svo opnaðist innsýn á stórt torg til vinstri og ég spurði vagnstjóran á ensku hvort þetta væri Cinema-torg. Ótrúlegt langlundargeð í þessu andliti; undrunarhreimur í svarinu: “Syntagma –“

Þinghöllin, ljósgul bygging, er hægra megin við torgið, á hinn veginn kynna sig stór flugfélög með flóðljósum. Í þessum hluta Aþenu eru mikil umsvif, verslanir og skemmtistaðir, og varla fleiri í nágrenni Piccadilly Circus í London. Skemmtistaðirnir eru í smágötum hægra megin við hallarstéttina, en í brekkum uppundir brún skálarinnar eru verslanirnar í breiðgötum sem opnast inn á Syntagma-torg. Skemmtigöturnar tengjast breiðgötu sem liggur niður í móti frá þinghöllinni að Ominia-torgi. Þaðan er hægt að komast með neðanjarðarlest alla leið til Pireus, hafnarborgar Aþenu. Þetta kvöld fór ég með strætó til Ominia og áfram í sömu átt allt að borgarmörkunum til að öðlast tilfinningu fyrir þessu flæmi húsa og gatna sem ég fyrr um daginn hafði skoðað úr lofti.

Grikkir eru dökkir á brún og brá, margskonar manngerðum bregður fyrir, en þjóðerniseinkennin eru sterk. Þeir eru ólíkir Ítölum og Frökkum í fasi þótt litaraft og vaxtarlag sé svipað. Ég hafði talið þá ljósa yfirlitum, en sá svo hvergi þau andlit sem ég þekki best: kannski stytturnar vitni um óskir fólksins í borgarkjunum fornu fremur en annað. En sviphreinna fólk hef ég ekki séð. Og maður þarf ekki að fylgja fjöldanum lengi um götur Aþenuborgar til að skynja einstaklingshyggjuna. Ólíkt því sem gildir um Frakka og Ítali þarf ekki að efast um að þeir gefi útlendingi rétt til baka.

Hvers vegna sé ég svona mikið af kvenfólki sem er bólótt í framan, dettur mér í hug. Þegar ég er farinn að kynnast matnum þykist ég hafa fundið ástæðuna. Hann er allt að því þrisvar sinnum ódýrari en ég á að venjast, en skammtarnir helmingi minni. Rýrt það litla, sem er, og engin fæðutegund fram borin öðru vísi en löðrandi í olíum. Mig rak í fyrsta skipti á ferðalagi erlendis í strand með að borða það sem innfæddum er ætlað. Sem betur fer eru amerískir hamborgarastaðir um allt og ég fleyti mér á eggjaköku, kjúkling og hamborgara meðan ég dvel meðal þessa neyslugranna fólks. Jafnvel skipakóngarnir á veitingstaðnum í útsýnisturninum í Þessaloníki borðuðu snasl. Þetta var finn matsölustaður í hjóli efst í turninum og snerist um hann, einn hring á klukkutíma. Á svæðinu umhverfis hafði verið haldin alþjóðleg vörusýning í september og skálarnir stóðu enn, reisulegar, nútímalegar byggingar. Kannski voru mennirnir ekki skipakóngar, en útlitið og fasið var þesslegt. Mennirnir tveir sátu hvor gegnt öðrum og borðuðu súpu af sama disk. Svo undarlegt sem það er þá svipar miðaldra og eldri kaupsýslumönnum þjóðarinnar hverjum til annars, ekki bara í klæðaburði heldur fasi og jafnvel andliti. Á sinni tíð þrengdu Tyrkir svo að grískum bændum að síðarnefndir gátu ekki stækkað við sig nema ganga á hlut hver annars og fremur en gera það, svo stoltir sem Grikkir hafa alltaf verið, fóru hinir metnaðarmeiri til sjós í framaleit. Afleiðingin er hinn mikli skipastóll Grikkja.

Næst stærsta borg landsins, Þessaloníki, er hrein og falleg. Úr útsýnisturninum sá yfir hana alla og veglega fjallasýn að auki; snækollar á hinum hæstu fjöllum nú í janúar. Á einn veg er blár Saloníkiflóinn og Eyjahafið, en engar eyjar sjáanlegar. Frá turninum er stutt til sjávar, þar er breið stétt við flóabotninn, fjaran er gul og sendin og ofan við hana fólk á göngu á stéttinni í báðar áttir. Það fer sér hægt. Tré og garðspilda liggja að stéttinni landmegin; sígrænn gróður. Á annan veg enda hellurnar við smábátahöfn, á hinn við gamlan turn sem minnir á Sívalaturninn í Kaupmannahöfn. Einnig að innan; ég skoðaði turninn. Í miðbikinu hafa unglíngaklúbbar fengið samastaði, hver upp af öðrum, svo hátt sem unglíngarnir nenna að labba til skemmtunarhaldsins.

Innréttingarnar þar minna á skátaheimili. Ofan við brjóstvörnina á turninum blaktir gríski fáninn. Lengst í sömu átt sér til mikilla hafnarmannvirkja þar sem tvö rísaolíuskip liggja.

Það var sunnudagur og ég fór á Þjóðminjasafn Saloniki við torg milli turnanna tveggja; nútímabyggingu á einni hæð. Hópur grískra skólakrakka fór á undan mér um aðalsalinn og krakkarnir gerðu gys að nefbrotnum og handleggjalausum styttnum. Saloniki er höfuðborg Makedoníu þar sem Alexander nam ungur við fótiskör lærimeistara síns Aristóþelesar og fór síðar í austurveg mikla sigurför allt til þess að hann fékk stein í höfuðið úr slöngvivað og ruglaðist. Árin 1977 og '78 fundust konungagrafir norður af borginni. Einn salurinn í safninu er helgaður þessum gröfum: í salnum er gullskrín, sem bein höfðu verið lögð í, höfuðsveigar úr gulllaufum og fleiri skartgripir. Grafarræningjar höfðu aðeins komist í fordyri þessara neðanjarðarmustera. En fátæklegt hefur safn þetta verið fram til þessa fundar. Og fátæk er þjóðin nú ef marka má af því að þessum gerselum er hrúgað í illa upplýsta kassa. Á einum stað í öðrum sal er mjóhundur úr marmara á harða hlaupum; ég þekkti hann af mynd úr kennslubók frá því ég var í skóla, svo vel að í fyrstu gerði ég mér ekki grein fyrir að ég stóð fyrir framan áþreifanlega styttuna sem ég til þessa hafði oftsinnis séð á ljósmynd. Í steinkistu eru bein af konu. Kistan er skreytt að innan með samskonar mynstrum og litavali og svefnherbergi konunnar var. Fyrirkomulagið minnir á Egypta sem gerðu dauðann að þungamiðju allrar listar og jafnvel sjálfs lífsins. Grikkir spreyttu sig hins vegar á að gæða dauða hluti léttleika mannglegrar vitundar, mjóhundurinn er áþreifanleg sönnun um það þótt ekki væri annað.

Það er sældarlíf að röлта síðdegis um stéttina í Saloniki í veðri eins og það gerist best í júlí heima; sitja á gangstéttarkaffihúsi og maula sælgæti upp úr kassa götusala; standa á hafnarbakkanum og horfa á karla handlanga blakkar tágakörfur, fullar af merlandi smáfiski, upp úr trillum sínum, bæta net.

Skilja Grikki nokkrir aðrir en þeir sjálfir, ef þeir þá gera það? Ég kom snemma morguns til Saloniki og fór á matsölustað; afgreiðslumaðurinn var einn að starfi og ég eini viðskiptavinurinn.

Þetta var allstór, nútímalegur matsölustaður. Afgreiðslumaðurinn gat ekki skipt seðlinum sem ég rétti honum og gekk þá umyrðalaust út af matsölunni. Ég var langt kominn með hamborgarann þegar hann kom aftur með skiptimyntina. Eða tregafull tónlistin, hún hljómar í sýbylju frá útvarpi, gjallarhornum verslana, snældusölustöðum, maður veit ekki fyrri til en afgreiðslumanneskja, sem maður á erindi við, er tekin að raula lag sem virðist hafa jafn flókið hljómfall og simfónía; lagið er tregafullt en samt er ósvikin glaðværð í svipnum, allt að því sjálfsánægja. Ofstopi engilsaxneskra dægurlaga virðist einfaldlega ekki eiga við Grikki og þeir nota slíka afþreyingu lítið.

Forn-Grikkir skildu leiðindi betur en flestir menn aðrir fyrir og síðar. Vandinn hvað gera skyldi í frístundum kom upp vegna þess að þrælar unnu öll erfiðisverk. Leiðindin sem af leiddi settu svip á hugmyndir þeirra um guðina sem töldust eiga í sama vanda og hinir efnaðri Grikkir en höfðu betri skilyrði til að þjóna duttlungum sínum. Guðirnir urðu dauðleiðir á fyrirhafnarlausri tilveru sinni og tóku að gera sögufléttur og hafa í frammi margslungin vélabrögð í samskiptum sín í milli. Svo urðu hinir grísku guðir leiðir á því að fást við jafningja enda engrar niðurstöðu að vænta og tóku þá að spila með menn. Alvaran sem fylgir mannlegum ófullkomleika, dramatíkin sem leiðir af þverstæðum mannlífsins, varð guðunum eftirsóknarverð. Þar með varð listin til. Leiðindin vísa á mannlega þörf fyrir áreiti með sama hætti og hungur á þörf fyrir fæðu og þorsti fyrir vatn. Allt eru þetta mannlegar þarfir. Ófullkomleiki og lífsnautn verða því að fylgjast að ef vel á að fara. Eftir langvarandi yfirráð Rómverja í Grikklandi og síðan Tyrkja virðist mér tónlistin eina eftirlifandi tjáningarform þessarar lífshyggju í landinu. Í grískri tónlist er harmurinn undirstaða allrar gleði.

Milli Saloniki í norðri og Aþenu syðst á skaganum er hálf tíma flug, lagt var af stað upp úr hádegi í sólskini og útsýnið var stórkostlegt. Hömrum girtar eyjar með smáþorpum á stöðum þar sem hægt var að koma við bátum; hafið blikandi blátt. Inn til landsins sá ofan á bláa fjallakolla með fínlegum snjóslæðum. Ströndin sjálf er klettótt og vogskorin eins og í ævintýri: þarna í

höfðanum hljóta að búa tröll, í strýttunni búa áreiðanlega allt öðru vísi menn en á flötinni næstri hjá. Fjallaskarinnar ásættanlegar og vegalengdirnar viðráðanlegar. Mildir litir. Engan þarf að undra að slíkir landshættir hafi snemma vakið menn til umhugsunar um goðkynja verur og knúið menn í framhaldi af því til sjálfstæðrar hugsunar. Svo sér ekki lengur til hafs, heldur aðeins öræfi og heiðbláan himin. Því næst birtist reykjarhulan eins og merki um náttúruhamfarir og koparlitt borgarflæmið. Flogið er í stórum sveig yfir fjölfarinni skipaleið og fjöllin handan Aþenuborgarborgar greinast hvert frá öðru, koparlit öll eins og sjálfar námur Salomons konungs séu í þessum fjöllum. –

Að morgni blasti Akropolishæðin við úr glugga hótelsins í Aþenu og Parþenon-hofið á hæðinni, undarlega hversdagslegt með hliðsjón af nýstárleikanum umhverfis hótelið. Ég lagði upp í leiðangur. Á leiðinni heim á hótelið kvöldið áður sá ég skilti sem vísaði inn í lokað húsasund og á skiltið letrað á ensku: “Marmarahúsið – gististaður.” Ég afréð að kanna hvort ekki væri vistlegra á því hóteli.

Þegar ég kom að “Marmarahúsi” þá um morguninn, átta hæða hús í gömlum stíl sá ég hvergi mannveru í húsasundinu en útidyrnar stóðu opnar upp á gátt. Ég beið um stund í marmaraklæddum forsalnum án þess að verða var við nokkurn mann. Svo fór ég út á götuna aftur. Húsin umhverfis virtust mér tilheyra fyrirtækjum. Ein verslun var í sundinu og á boðstólum þar viðlegubúnaður; ég spurðist þar fyrir um gististaðinn Marmarahús. Afgreiðslustúlkan innan við borðið talaði góða ensku, hún sagði að maðurinn sem ræki hótelið væri erlendis og bauðst til að hringja fyrir mig í konu hans. Hún bar mér þau boð, eftir að hafa hringt, að ég skyldi setja farangur minn við móttökuborðið í aðalsalnum. Um kvöldið fengi ég herbergislykil. Mér fannst tilmælin merkileg en gerði eins og um var talað. Svo fór ég minna erinda um daginn. Að kvöldi kom ég í dimmt húsasundið og þá stafaði daufri, blárri birtu út um gætt gistihússins sem var jafn galopið og um morguninn. Hvergi var nokkra manneskju að sjá fremur en áður, ekki inni á hótelinu, fyrir utan það eða annars staðar í húsasundinu. Birta í stiganum upp á efri hæðirnar var dimmrauð en stiginn breiður og

úr marmara. Lykill sem ég hafði tekið af afgreiðsluborðinu gekk að dyrum á herbergi á annarri hæð. Ég læsti sjálfur millihurð á hæðinni með útbúnaði sem var á hurðinni. Í herberginu var opið út á litlar svalir. Svalt var úti eftir heiðríkjudag og ekki var hlýrra inni, ofnar jafn kaldir og marmarinn í stigatröppunum. Herbergið var mjög stórt og hátt til lofts; umbúnaður á rúminu enginn annar en stafli af teppum. Allt var hvítt og hreinlegt í þessari vistarveru en fram úr hófi tómlegt.

Ég fór niður og skoðaði forsalinn sem var gríðarstór og með gamaldags virðuleikasvip, þar voru hægindastólar frá gamalli tíð, borð og speglar í ábúðarmiklum römmum. Ég lokaði útidyrnum sem voru þungar á hjörnum, fór svo upp á hæðina og kom mér fyrir, þreyttur eftir daginn. Í myrkrinu hleraði ég eftir hljóðum í húsinu og utan þess en alls staðar ríkti grafarkyrrð. Ég hafði lokað út á svalirnar en dyrnar voru óþéttar og ég notfærði mér teppin eins og hægt var. Ég var með hugann við kvikmynd sem ég hafði séð um daginn, Tintrumbuna eftir sögu Gunthers Grass, í jökulköldum sýningarsal í kjallara stórhýsis við eina af störgötum miðbæjarins. Ég sofnaði, en ekki fast. Um nóttina vaknaði ég og fannst ég hafa heyrt í svefnrofunum smábarn gráta. Dauðahljótt var uns ég heyrði hljóðið aftur og áttaði mig á að var væl í ketti sem endurómaði í húsasundinu.

Næst hrökk ég upp við barsmíð frá millihurðinni á ganginum. Ég skreiddist fram úr og opnaði inn á ganginn fyrir ungum manni sem birtist mér í dumbrauðu ljósinu frá stigahúsinu að baki hans; hann brosti út undir eyru og sagði á ensku að hann byggi við sama stigagang og ég og að dyrnar að ganginum ættu alltaf að vera ólæstar, hvarf svo inn í næsta herbergi við millihurðina.

Eftir að hafa flutt úr Hótel Marmarahúsi á hið fyrra hótél á ný fór ég í skoðunarferð. Ópersónuleg návist Olympic-skrifstofubyggingarinnar var mér ekki til ama eins og áður; ég lét bara vera að draga frá glugganum eftir að ég var kominn í hið fyrra hótél. Flöskugrænn liturinn á herberginu verkaði heldur ekki eins fráhrindandi á mig. Á ferðum mínum um borgina þessa daga hafði ég séð á hinum virðulegustu stöðum þvílíkar litasamsetningar að Íslendingi dytti varla í hug að hafa þær uppi. Þegar ég gekk milli

súlna inn í lokaðan garð, þær eru hvítar eins og súlur eiga að vera, en veggurinn á bak við þær dökkrauður og milli veggjar og súlna marmarastétt, þá þótti mér ég ganga inn í málverk eftir Cirico; eitt þessara hálfsturluðu verka þar sem sér í hvíta súlnabyggingu gegnum tíbrá í auðn sem þó hefur sinn lit; framan við súlnabygginguna stendur kona í vatnsbláum kjól með skugga eina í augnastað. Uppi yfir blár himinn. Byggingin framundan mér var nýleg. Dyr stóðu opnar milli súlnanna þegar ég gekk gegnum garðinn, spjald við þær og ég er farinn að geta lesið letrið sem á því er þótt málið sé mér óskiljanlegt. Ég stíg inn fyrir dyrnar og er þá staddur á kínverskri myndlistarsýningu í stórum sal. Því er líkast sem ég hafi stigið inn í svalandi regn úr hitamollu þótt það sé fjarri raunveruleikanum. Myndirnar kínversku eru með sígildu yfirbragði og ég held þær því vera eftir forn-kínverska málara, ekta eða eftirprentanir, uns að mér kemur stæðilegur Kínverji í jakkafötum, hann réttir mér pappíra og á þeim sé ég að myndirnar eru frá síðustu áratugum, sumar aðeins fárra ára gamlar. Ég hélt að Kínverjar máluðu bara alþýðuhetjur og landbúnaðarvélar, en þeir eru þá enn að mála morgunþoku yfir lygnu vatni. Svo geng ég aftur út í garðinn til fundar við Cirico og súlnagöngin.

Hinir manngerðu litir í umhverfinu verka á mig eins og verið sé að brynja sig gegn angist. Jafnvel sólarbirtan er einkennilega hvít; hún ljær súlunum enn hreinni svip. Garðurinn umhverfis er svo stór að stórborgarerillinn heyrir ekki í honum miðjum. Þó er þinghöllin í jaðri hans, svo og Syntagma-torg. Tveir svanir synda á lygnri tjörn. Sumargræn tré flétta saman greinum yfir breiðum, bugðóttum stígum. Á einum stað eru gallaklæddir karlar að hræra steypu í fornfálegri vél. Þeir hella steypunni á jörðina án undirlags. Elskendur eru að kyssast á bekk. Á öðrum bekk situr gamall maður í gráum frakka og hefur lagt tvær hækjur upp að bekknum.

Handan við þinghöllina er mjó gata og við hana á hinn veginn konungshöllin, kassalaga bygging og við innganginn verðir á sportsokkum með skúf í húfu, hreyfingarlausir og lúta höfðinu fram, byssuskeftin hvíla á stéttinni. Allir gluggar konungshallarinnar eru byrgðir með rennihlerum úr viði þótt nú sé miður dagur. Konstantín býr enn á Ítalíu þótt herforingjastjórnin,

sem hann flúði, sé farin frá völdum og afglöp hennar séu þessa daga vinsælt kvikmyndaefni í bíóum Aþenuborgar. En hvað eru þeir þá að gera með þessa verði? Ég geng hring í kringum höllina og kemst að því að það er lögregluvörður um hana með nokkru millibili allan hringinn. Spölkorn frá höllinni er opið plan og þar stendur Spitfire-orustuflugvél úr síðari heimsstyrjöldinni sem ég er lifandi maður. Ég nálgast og sé að það eru fleiri flugvélar á stéttinni og þar í námunda. Og á verönd umhverfis stóra byggingu úr gleri og steinsteypu standa fallbyssur af ýmsum gerðum, hlaupin vita að húsinu líkt og það hafi verið hernumið rétt í þessu með ofurefli liðs. Þjóðverjar eiga þarna minnisvarða um metnaðarmál sín, tundurdufl af stærstu gerð. Ófáar þjóðir aðrar hafa ágirnst það land sem nú er frjálst Grikkland; það sýna þessar minjar á veröndinni. Og nú þegar ég geng hringinn um sýningarsvæðið eltir hermaður mig líkt og hann sé orðinn frávíta af þeirri ágengni allri og búist við að ég hlaupi burt með einhverja fallbyssuna.

Í næsta húsi er Býsantíska safnið; málverk og mósafkmyndir frá valdaskeiði hinna kristnu, rómversku keisara í landinu. Þá var gleymd trúin á einstaklinginn sem Forn-Grikkir höfðu vakið og þess í stað búið að binda tilfinningar manna óheimslegum helgisögum; á sumum myndunum er Jesús þóttafullur á svip og úteygur af embættisdrambi.

Karl er að steikja hnetur á rist á gangstéttinni, kolkrímóttur í framan og á höndunum af reyknun, ég geng breiðgötuna frá safnhúsinu og finn ilminn í þann mund sem ég átta mig á að ég er kominn upp að hlið þinghallarinnar. Torgið blasir við. Í mjógötu í næsta nágrenni er kvikmyndahúsið þar sem Tintrumban er sýnd, táknræn úttekt á tilfinningalífi þýskra borgara á árunum milli stríða; sýningasalurinn er allur neðanjarðar eins og oft í stórborgum. Listrænar myndir virðast njóta sömu kjara og hjá okkur: Þegar ég sá myndina voru átta manns í hrollköldum salnum.

Manni er ekki alveg ljóst hvaða tilgangi þjóni musterisrústir sem maður sér blasa við á hæðum hér og þar um borgina, svo ólíkar sem þær eru öðru byggingasniði hennar. Við bætist að

mengunin er þéttari við rústirnar neðanverðar. Tilsýndar eru þær sem upphafnar í framandi birtu. Sumar þessara rústa eru svo skaddaðar að markleysa virðist að halda þeim við fyrir aðra en vanafasta fornleifafraeðinga. Aðrar eru heillegri eins og rústir Parþenon-hofsins, því marmarahúsi sem frægast er í veröldinni. Forngríkkir hafa rekið þræla sína með marmarann upp á þær hæðir á borgarsvæðinu sem eru virki frá náttúrunnar hendi og verkstýrt þeim þar við að hlaða stílhreinar byggingar. Jafnvel gætt marmarastyttur sínar kynþokka. Á Akrópólishæð roðna konur enn frammi fyrir slíku handverki í mannsmynd, og karlmenn finna “sína týpu” í einhverju kvengervinu. Ég sá mína: Hún er grannvaxin og skikkjan liggur í fellingum yfir brjóstunum og setur dálítið í herðarnar, niðurlút og brúnirnar mátulega miklar til að dylja augnsvipinn. Guð minn almáttugur þetta er bara grjót! Ég stóð sem bergnuminn fyrir framan meyjarnar þrjár úr anddyri Erctheion-hofsins á Akrópólishæð, nú staðsettar í fordyri hins nýja Akrópólissafns þar á hæðinni. Líklega höfðu þær gengið þangað sjálfar.

Ég hélt upp brekku eftir að hafa skilið töskuna eftir í anddyri Marmarahúss og veðjað á heiðarleika Aþenubúa, lagði töskuna undir. Gafl Parþenonhofsins blasti við mér og leiðin að því reyndist mér greið upp hæðina; um einstigi og tröppur. Ofan við brekkuna kom ég á skógivaxna hæð á göngunni. Handan hennar er fjölfarin akstursleið og síðan dálítill garður. Úr honum er gengið á hæðina.

Hofið er hófsamleg smíð eins og gildir um aðrar steinsmíðar Forn-Gríkkja. Þeir hafa gert virkisvegg þeim megin í hæðarbrúninni sem auðveldast er uppgöngu. Þar er fornt leikhús sem hefur verið gert upp að nokkru. Akrópólishæð er slétt að ofan og þar eru nokkrar musterisrústir, auk Parþenonhofsins sem er þaklaust. Steinninn hafði verið þveginn nýlega og var með hvítasta móti. Bannað er að stíga inn á gólflöt hofsins. Sé farið um garðinn framundan hæðinni, yfir hrygginn, liggur leiðin um skógarstíg, ofan brattann, að ruddu, afgirtu svæði sem er á stærð við fótboltavöll; á flötinni var fátækrahverfi fyrir ekki löngu, en í fyrndinni Akadémían sem allir háskólar eru kenndir við, lágreist

hús sem allt er á langveginn og súlnaröð á framhliðinni eins og rist fyrir eldstó. Auk heimspekiskólans var þarna til forna verslunarmiðstöð Aþenu. Nú standa aðeins eftir grunnar hinna upprunalegu bygginga og urð af marmarabrotum. En eftirlíking akademíunnar var reist á staðnum fyrir orð og fé auðmannsins J.D. Rockefeller. Ég sá enga mannveru nærri meðan ég var þarna á stjái en fyrir hugarsjónum mínum þá heimspekinga Aristóþeles og Platon í biblíulegum skikkjum samkvæmt frægu málverki frá þessum slóðum; þeir ganga hlið við hlið og ræða rök tilverunnar og Platon vísar fingri upp en Aristóþeles niður. Í akademíunni er nú bara mynd af gefandanum J. D. Rockefeller. Hún er í jaðri Plöku, gömlu Aþenu, á flötinni beint fyrir neðan Akrópólís, stapann sem gæsir vörðu forðum tíð. Húsin í Plöku eru enn úr ljósgulum steini og svo forn að sjá að gætu verið frá forngrískri tíð. Smámunasalar hafa lagt undir sig þröngar, þrífalegar göturnar.

Eftir göngu þvert gegnum hverfið blöstu súlur við mér í stórum garði handan við breiðgötuna sem ég hafði komið eftir neðan úr borginni. Ég sat um stund í garðinum og hvíldi mig eftir gönguferðina umhverfis Akrópólíshæð.

3.

Turkie Hava Jallari heitir flugfélag Tyrkja, Turkish Airways. Tyrkir einir halda uppi farþegaflugi milli Aþenu og Istanbul. Ég hef ekki upplifað glannalegra flugtak en þegar lagt var upp frá Aþenu áleiðis til Istanbul, það hvein og söng í vélinni, gamalli Caravelle-þotu, þegar henni var undið í snarpa hliðarbeygju og svo beint í brattann, upp í 26000 feta hæð – upp fyrir regnskýin yfir borginni þennan dag. Á flugvöllinn hafði ég farið bæði með rútu og leigubíl því að rútan gekk bara á flugvöll sem Olympic-félagið gríska nýtir eitt, á hinn alþjóðlega verður að taka leigubíl.

Aksturslagið er efni í doktorsritgerð í félagssálfræði. Ökumaður ekur upp að hverjum þeim sem í vegi hans verður og hann grunar um að eigi samleið með farþega sínum – eða farþegum – og tekur upp í bílinn ef svo vill verkast uns bílinn er

fullur og sætta allir Aþenubúar sig við fyrirkomulagið. Ég vissi ekki fyrri til en í aftursætið voru komin maður og kona, hundur, stór fugl í trébúri og pinklar svo að troðið var í hvern krók. Síðan hlaut ég að skipta um leigubíl fyrir tilmæli ökumanns sem varð hinn þverasti þegar ég fór fram á að hann stæði við að aka mér á ákvörðunarstað minn; það myndi hinn bílstjórinn gera, sagði hann, hafði stöðvað annan leigubíl með einu stuttu flauti. Það gerði hann og var ég einn í þeim bíl (sem kostaði mig einn þriðja af því sem hann myndi hafa kostað heima – ók greitt).

Á sætisbakinu fyrir framan mig í flugvélinni var plata sem á stóð að nota skyldi sætissessurnar til að halda sér á floti ef tilefni gæfist. Á björgunarvesti sá ég hvergi minnst. Farangri var hlaðið í hillurnar uppi yfir sætunum, svo miklu sem þær tóku. Reykingar voru leyfðar um allt farþegarýmið. Miði fylgdi matnum með upplýsingum um að í honum væri ekki svínakjöt. Framkoma allrar áhafnarinnar var tilgerðarlaus og þægileg. Ég sá einu sinni niður yfir Litlu Asíu; fjallendi. Sjóinn sá ég, en ekki eyjar. Flugbrautin í Istanbul liggur inn af flæðarmáli eins og í Reykjavík. Amerísk áhrif blasa hvarvetna við, strax eftir að lent er. Byggðin við flugvöllinn kom mér svo kunnuglega fyrir sjónir að ég þurfti ekki að hafa mikið fyrir að ímynda mér að ég væri að lenda heima – veðurlagið fullkomnaði myndina.

En raðhúsabyggðin var fljótlega að baki og umhverfið varð nýstárlegra: leiðin af flugvöllinum liggur á löngum kafla eftir fjörukambi – á annan veg Marmarahafið og markar óljóst fyrir hinni fjarlægari strönd; á hinn veginn við akstursleiðina er afar hrörlegur en þó völdugur grjótgarður og byggð utan í hann og á honum, sumpart hreysi; leirsvakkar umhverfis þau. Hús urðu rismeiri; ómálaðar byggingar. Farið er yfir breiða á eða vog, nokkru eftir að byggðin er orðin samfelld, og svo upp snarbratta brekku. Umferðin er mikil og að langmestu leyti amerísk tryllitæki frá árunum 1950 – ’57 eða þar um bil. Kvartmíluklúbbsmenn ættu að fara í pílgrímsferð til Istanbul, þeir yrðu ekki fyrir vonbrigðum.

Drullusvakk var á öllum götum, þær þrengri eru steinlagðar. Úrkomulaust var þegar ég steig út úr flugvallarrútunni á endastöð í

miðborginni, en dumbungur, þurrkleysa. Fór á hótél sem bar heiti borgarinnar og taldi það því hæfa mér en svo var ekki, ég fór af hótelinu morguninn eftir – það hafði ekki verið skipt á rúmunum. Hvað nú ef ég fengi lús? Færi ég þá inn í apótek og klóraði mér? Hvað er apótek á tyrknesku?

Tyrkir eru fálátari en Grikkir og hér mæti ég, án þess að eiga von á, kurteisi af því tagi sem ég vandist fyrst eftir að ég fór að fara til útlanda, en Bretar og Frakkar eru að týna. Yfirdrepslausri formfestu sem er fremur þægileg, ekki óþjál. Varasamt þó að leggja mikið upp úr þessari lipurð heimamanna: hervörður er hér við allar opinberar byggingar og aðrar sem mikilvægar eru fyrir almenningshag, s.s. strætisvagnstöðvar. Þessir hermenn hafa uppi byssustingi og riffla í viðbragðsstöðu, en eru þó hinir kátustu, hlæjandi og brosandir hver að öðrum og út í loftið og hef ég aldrei séð glaðlegra herlið. Útgöngubann ríkir þó eftir ellefu á kvöldin. Ég varð hissa er ég sá hervörðinn við minnismerki á Taksim-torgi, ofar í borginni. Þeir hermenn voru fýlðir og illilegir og börðu saman höndunum ef einhver ætlaði að stytta sér leið yfir torgið. Ekki glaptist ég til þess.

Fyrsta kvöldið gekk ég um verslanagötu að Taksim-torgi. Áberandi hve mikið var af hryllingsmyndum í bíó, Carrie í mörgum kvikmyndahúsum og allt var það rusl sem ég sá auglýst í kvikmyndahúsunum. Engin götuljós eru hér, og rafmagn virðist vera skammtað. Mergð stræta liggja þvers og langs um allar trissur, þröng og sum niðdimm að kvöldlagi. Í öðrum götum eru matarmarkaðir úti á stétt og luktir hanga uppi. Annars er lýsingin mest frá gluggum húsanna, flóðljósum og bílum og veldur það kvik myndhverfingum í útliti vegfarenda og svefnlegu, afslöppuðu hugarástandi. Víða eru uppi myndir af Ataturk, Tyrkjaföður, sem Evrem hershöfðingi hefur haft að viðmiði um stefnu sína frá því hann gerði byltinguna í september síðastliðinn og friðaði landið – eitt pólitískt morð á dag í staðinn fyrir mörg áður. Tyrkjafaðir, Mustafa Kemal Ataturk, innleiddi þann vestræna brag sem er á mannlífi á þessum slóðum, að minnsta kosti þann sem mest áberandi er: latneska leturgerð, vestrænan klæðnað kvenna, virðingu fyrir germönsku skipulagsskyni. Nú hafa herráðið, sem

með völd fer, og forysta þess, nefndur hershöfðingi, gert hinn látna Ataturk að tákni og lifandi goðsögn, fasismi er bannaður, svo og kommúnismi. Milljón svokallaðra kommúnista situr í fangelsi í Tyrklandi, fimmtíu þúsund flúðu land vegabréfslausir. Vísar Evrem þeim til Moskvu og bannar þeim heimaland sitt um aldur og ævi. Byltingarforinginn boðar að í ágúst í sumar verði haldnar almennar kosningar í landinu.

Veggmyndir af eftirlýstum skæruliðum hanga víða uppi, inni sem úti. Ég sat hálf tíma í lobbíinu í hótél Istanbul yfir góðum bjór og horfði á svarthvít sjónvarp; í hinu tyrkneska er ekki skirrst við að sýna pappírinn sem fréttapulir lesa af. Heima á Íslandi er slíkt álitid dónaskapur og jafnvel það að kannast við að fréttapulir hafi nokkurn neðri hluta á líkamsbyggingu sinni. Verið var að segja frá handtöku nokkurra skæruliða og upptöku vopna þeirra, heldur fátæklegra. Tyrkir hafa aðeins eina sjónvarpsstöð. Aftur á móti eru dagblöðin fjölskrúðug og af þeim eru þeir stoltir.

Regnveður gærdagsins var horfið. Það var sólskin morguninn eftir að ég kom til Istanbul. Borgin stendur á hæðum. Ég tók áttir þegar ég kom út af hótelinu, fór svo yfir voginn sem við mér blasti frá hótelinu og fann fornminjasafn landsins. Þar er deild fyrir hvern þátt í litríkri sögu borgarinnar, töflur áletraðar af Fönikumönnum sem fundu upp letur okkar, steinkista Alexanders mikla með lágmyndum úr orustum hans; hvor ber af öðrum hér í salnum í dag, hugsaði ég. Ég eða hann? Glæsileg stytta af Nike sem ég met meira en aðrar gyðjur. Önnur stytta af formfögnum konulíkama með karlmannskynfæri; hermafrodite. Safnið er í stórum garði í vesturhluta Istanbul.

Eftir nokkurra mínútna göngu kom ég að öðru safni, því sem helst laðar til sín ferðamenn sem til borgarinnar koma. Í Topkapi-safninu eru mestmegnis minjar um Tyrkjasoldána. Þar var margt um manninn, en varla hræða í hinu fyrra safni að frátöldu starfsfólkinu. Topkapi-safnið er í höll, sem svo er kölluð, en er reyndar mikill vefur lágra húsalengja sem lykja af lokaða garða. Nú er í hverri lengju ein deild safnsins og gengið út í garð til að komast í milli. Líkt og til að sýna hver hafi samt sem áður verið mestur er ein deildin helguð spámanninum Múhammed. Þar getur

að líta gegnum stækkunargler hér úr skeggi hans. Í sama sal er skrautskrín með tönn spámansins, hún hrökk úr honum í orustu. Einnig bréf frá sama, ritað á skinn og nú dökkt af elli. Einnig sverð og gunnfáni: hin veraldlegu sameiningartákn allra múslíma. Í Topkapi getur að líta mörg fleiri undur. Handlegg af Jóhannesi skírara og er gullarmur utanum sem skýlir beinunum nema á handarbakinu. Svo og 86 karata demant í nisti, svo tæran að hann glóir sem ljósgjafi. Þar er líka smaragður á stærð við golfkúlu; þeir eru sefgrænir. Fullur diskur var þarna af smarögðum og hefði einn átt að vera kominn til betlikerlingar sem ég sá á götu daginn áður.

Ég sá svo mikið af gimsteinum þennan dag að best gæti ég trúað að myndi duga til að kaupa á Íslandi allt sem til fjár verður metið og kannski oftár en einu sinni. Krúnuskraut Bretadrottningar í Windsor-kastala er fátækraskraut í samanburði. Matar- og kaffistell skreytt með gimsteinum, hásæti úr gulli þakið eðalsteinum í bak og fyrir. Byssur og sverð með slípuðum eðalsteinum til að drepa með menn á tyllidögum. Í orustum notuðu soldánar hagnýtari vopn. Kínverskan leikfangagarð úr gulli, á trjánum í þeim garði voru aldinin perlur. Brynju alsetta sólmálminum og gimsteinum niður í klyftir. Sumir gripirnir eru hin mesta listasmíð, fleiri minna á tilhneigingu nýríkra að hlaða saman því sem dýrast er af einni saman trú á verðgildið.

Hestvagnar soldánana voru þeim mun líkari fyrstu bílunum sem þeir voru nýrri svo að á nýjustu vögnunum var munurinn sá einn að þar var slá fyrir hesta sem síðar kom vél. Ég sá vígvopn hinna fremstu soldána. Kóran, sem Ottoman soldán var veginn við er hann las, og voru blóðslettur í opnunni. Handsmáir hafa þeir verið, þessir forystumenn, og lið þeirra allt. Brynjur, tyrkneskar, búlgarskar, persneskar, bera vitni um minni líkamsburði en norrænna og engilsaxneskra manna; þær eru í senn fínlegri og þó grimmilegri. Ein er gjöf frá Japanskeisara og minnir á belg af skordýri. Japanir hafa áreiðanlega náð lengst í að gera brynjur illilegar í útliti. Hversdagsklæði soldánanna vitna um að þeir hafa verið lítið úti við. Í Topkapi er mikið safn postulínsmuna, þar á

meðal myndskreyttir vasar sem ekki eru síðri málverk en hin klassísku sem gerð eru á striga.

Skyldi soldán hafa átt 400 konur fyrir sömu söfnunarástríðu? Kvennabúrið er mikið völundarhús og aðeins einn inngangur. Gengið er gegnum varðsalinn og um götu undir þaki þar sem þrælalið bjó, sótt til Afríku. Síðan tekur kvennavistin við. Hinar eldri konur bjuggu á neðri hæð, hinar yngri á þeirri efri í þessari yfirbyggðu götu og hafa líklega átt dauflega vist því götuhliðin er opin og allt blasir við þaðan sem fram fer á syllunum báðum megin. Þvert yfir götuna eru slár og á þær voru hengdar konur sem gerðust brotlegar. Inn af sundinu er gætt. Um hana fóru Svartliðar soldáns og hann sjálfur – og ekki aðrir en þeir sem hér voru í boði soldánsins. Inn af forsalnum voru hífýli Drottningarmóður sem svo var kölluð, hinnar æðstu meðal búrkvenna soldánsins. Vistarvera hennar er fjórtán herbergi og salir, skreyttir í hólf og gólf. Þaðan er farið í stórt, skrautlaust baðhýsi. Og um sama gang í aðalsalarkynni þessa lystihúss. Þau eru klædd rauðu pelli og gullsami; þar er hátt til lofts. Á svölum þessa salar var hljómsveit þegar soldán vildi skemmta sér, þá sat hann í hásæti sínu við einn salarvegginn og magadansmær iðaði á gólfinu eftir hljómfallinu. Inn af salnum er svefnherbergi og hefur soldáninn valið milli tveggja palla þegar hann vildi eiga stund með konum sínum.

Hann átti tuttugu uppáhaldskonur; þær bjuggu við ferhyrnt torg þar sem sér til himins, en aðeins ein leið liggur þaðan, inn í völundarhús kvennabúrsins. Á einn veg við torgið eru íbúðir á tveimur hæðum, rimlahlerar fyrir gluggum. Við sunnið þar sem opnast sýn inn á þetta torg bjuggu þær konur sem soldán hafði gert barn. Þar eru fyrst hífýli drottningar; herbergi sem minnti á lífslyst og munúð en ekki íburð eða óhóf: á veggjum er málað blómaskrúð á appelsínugulum grunni. Krónprinsinn bjó í námunda við móður sína, í “Hinú gullna búri,” sem svo var kallað, tveimur undurfögnum sölum. Birtan fellur gegnum fíngerðan laufaskurð í veggjum og er blá í öðrum salnum, en bleik í hinum, svefnhýsinu. Krónprinsinn var lokaður inni í þessum sölum frá fjórtánda aldursári til þess átjándra. Eins var farið með elstu dóttur þjóðhöfðingjans, en þó ekki í þessum hluta Topkapi. Allar

konurnar áttu þess kost að fara út í stóran garð, umlukinn háum múr, þar sem er vegleg sundlaug, – full af tæru vatni á þessum sólskinsdegi, sýndist mér úr hallarglugganum.

Topkapi stendur á höfða við norðanvert Bosporussund. Sunnan við húsasamstæðuna er garður þaðan sem sér vel yfir 400 metra breittundi til Uskidar, þess hluta borgarinnar sem er í Asíu, tilsýndar er Uskidar samfelld byggð hvítra húsa. Á vinstri hönd er mikil hengibrú á tveimur stöplum sem nú hvíldi í mistri. Undir er skipgengt og brúarhafið hið fimmta stærsta í veröldinni. Úti á sundinu stendur kirkja á eyju sem virðist vera lítið stærri en grunnur kirkjunnar. Ég sný við eftir að hafa fengið mér að borða í matsölu við virkismúr strandmegin við höllina, geng á ný í gegnum lystigarðinn.

Þegar ég var strákur í sveit fyrir norðan, hjá Karli bónda á Stóru-Borg, sagði hann mér frá húsi í Miklagarði sem væri merkilegra en flest önnur í veröldinni; og eldra en þau öll. Að minnsta kosti þau sem voru á sinni tíð ætluð lifandi mönnum. Í þessu húsi meðtóku málaliðar Miklagarðskeisara sitt sakramenti. Ég þurfti ekki lengi að leita. Og Kalli fór nærri um það: Soffíukirkjan er 1444 ára gömul. Konstantínus keisari, sem var hinn fyrsti keisari kristina manna, lét rífa grísk hof til byggingarinnar. Tyrkir náðu borginni Konstantínópel úr höndum kristinna manna 1453. Þeir gengu með virðingu í húsið eftir sigurinn og fjórum dögum síðar helguðu þeir það guði sínum. Af því tilefni létu Tyrkirnir hlaða ferning kringum húsið með turnspírum, mínarettum, til mikillar prýði. Það varð að síðvenju að soldánar kusu sér legstað við múra moskunnar. Þeir létu reisa sér grafhýsi á tyrkneska vísu sem hlóðust utan á húsið og hvert utan á annað eins og stór varðskýli uns austræn og vestræn menningaráhrif voru orðin patt á þessum reit. Húsið er nú safn og hefur svo verið síðan 1934 er Ataturk skipaði svo fyrir. Þá hafði Ægisif verið moska í tæp 500 ár. Og kalk hulið helgimyndirnar á veggjunum.

Enn í dag er hvolfþak Soffíukirkjunnar hið fjórða hæsta í heimi. Hún er enn safn, en inni er ekkert nema fáeinir tilhöggurnir steinhnallar sem lítið ber á, jafnvel altarið líkist helst skurfu í

vegginn. Að innan minnti byggingin mig á hauskúpu. Kalkið hefur verið hreinsað af hinum kristnu myndum en gull þeirra er bliknað. Gríðarstórir, bláir skildir með helgum orðum Kóransins hanga í keðjum niður af svölum í miðbiki hússins. Niður úr 55 metra háu loftinu hanga svartar járnljósakrónur, skrautlausar eins og í kastala, og svo lágt að þær eru í seilingarfæri þess sem undir þeim stendur á auðu gólfinu. Sól flæðir inn um litaðar rúður svo að það er bjart undir hvolfþakinu. Gólfhellurnar hafa 38 kynslóðir manna þæft undir fótum sínum. Múslímar berfættir. Öðruvísi ganga þeir ekki í guðshús sín. Í steinhandrið á svölunum hafði einhver Ragnar rist nafn sitt með kuta sínum.

“Ta-ggg-si,” segja leigubílstjórnir hæversklega á breiðgötunni framan við safnið Ægisif. Ágengir eru þeir ekki heldur standa á gangstéttinni í hóglegum yl vetrarsólarinnar og láta eins og þeim standi á sama um alla ferðamennsku. Tveir skrafa saman en þagna og snúa sér að mér þegar ég fer hjá.

Ég fór fyrst í Bláu moskuna handan götunnar því að ég var of nærri Soffiukirkjunni þegar ég kom út úr hávöxnum trjágróðrinum í garðinum til að átta mig á því hvar ég var staddur. Bláa moskan er mun skrautlegri. Stórhýsi með hefðbundnu lagi mosku, fögur bygging, stílhrein og hvít líkt og nýbyggð þótt svo sé ekki. Enda er lítið sót á húsum í Istanbul, í mesta lagi eðlilegur skítur. Kallað var á mig af tröppum moskunnar þegar ég var kominn nærri; ungur maður var að forvitnast um ferðir mínar og þar með bjóða þjónustu sína, hann talaði ágæta ensku. Þegar hann var búinn að tala út og var þagnaður benti ég á moskuna og sagði að mig langaði til að fara þar inn. Leiðsögumaðurinn hafði ekki nefnt þennan kostinn en lét nú slag standa. Við fórum úr skónum úti eins og aðrir sem voru á leið inn í moskuna. Héldum á skónum og settum þá frá okkur í fordyrinu, á trérennu á þykku gólfteppinu sem er ætluð til þess arna. Handofin teppin eru ekki stór hvert um sig en þekja alveg gólflötinn, leiðsögumaður minn hvíslar því að mér að teppin séu öll gjafir frá efnafólki í Tyrklandi. Mér verður hugsað til verksmiðju í Marokkó þar sem ég sá stúlkubörn hnýta teppi. Stúlkurnar voru fjölmargar og á aldrinum átta til tólf ára eftir því sem mér sýndist og aðeins ein fullorðin manneskja í salnum. Svo

var mér vísað út og eins fór nú. En ég náði þó yfirsýn. Flísar með bláu mynstri þekja vegg moskunnar að innan upp undir loft og gluggarnir, undir kúplinum, eru steindir bláir og hvítir. Kimar eru með veggjum eins og í kaþólskum kirkjum, en ekkert í líkingu við skrautið sem í þeim er að sjá, og ekki annað en flísarnar, litglerið og mynstruð gólfteppin. Út við vegg lágu karlmenn á hnjánum og frá þeim barst muldur. Leiðsögumaðurinn lýsir moskunni eftir að við erum komnir út í birtuna á ný: Flísarnar eru komnar úr steinnámu í Austur-Tyrklandi. Þriðjudagar eru sunnudagar múslíma; aðeins á þeim dögum eru notaðar háar trétröppur með heilum þiljum sem ég hafði líka séð og liggja upp einn vegginn eins og einstigi. Til hvers? Ég spyr ekki.

Nærri innganginum voru nokkrar konur á bæn og mestallt hið auða gólfrymi milli þeirra og karlmanna. Þær snúa í sömu átt og þeir. Konurnar hafa lagt slæðu yfir hárið og andlitin eru afmynduð af hugarstriði meðan þær steypa stömpum að hefðbundnum hætti. Altarið er óbygður gluggi sem veit í átt að borginni Mekka. Náttúrleg birtan er þessu fólki vitnisburður um guðlega nærveru. Ljósastæðin uppi yfir eru þungar járngjarðir eins og í Soffíukirkjunni.

Íbúar Istanbúl eru alls tvær milljónir. Fjórir af hverjum fimm eru múslímar. Fimm sinnum á dag stíga til himins bænaköll frá mjóturnum moskana, svörtum skugga bregður fyrir á hringsvölum ofarlega á turninum og rödd eins og frá gömlum lúðurgrammófóni kallar á Allah. Bænakvak prestanna berst mér ójarðbundið gegnum borgarysinn, hrifning, tregi, aðdáun: “Alllallah!” kalla þeir. Ég hef tekið mið af háum kastalaterni á hæðinni handan vogarins; þannig mun ég rata á leið minni frá safninu til hótelsins.

Síðdegis þegar ég er kominn til baka frá Uskidar yfir brúna við hið Gullna horn og hef fíkrað mig eftir steinlagðri, hlykkjóttri götunni upp á hæðina þar sem hótelið stendur, eru þar á hæðinni á ferð brauðsölumenn með kringlótta bakka á höfðinu og á þeim kringlur sem þeir hafa hlaðið í píramída; þeir kalla og það tekur undir í háum húsunum. Ef kaupmönnum í verslunum þykir hægt ganga að selja fara þeir fram fyrir dyr út á strætið framan við og

lýsa yfir ágæti varnings síns háum rómi og með virðuleikasvip. Bananasölumenn draga á eftir sér stóra handvagna. Aðrir selja úr höndum sér ódýra vindlinga og virðist ekki vera með öðru móti hægt að kaupa vindlinga í borginni. Hvarvetna eru mjóleitir menn, grannholda og hvikir með svart yfirvararskegg. Það ber minna á kvenfólkinu; á matsölum og hótelum sjást varla konur; þær afgreiða í bönkum og stórverslunum, en ekki í hinum smærri verslunum eða á útimörkuðum. Kvenfólk virðist ábyrgðarlaust. Strákar eru skammaðir fyrir ærsl stelpna í leiksystkinahópi og virðing barna fyrir fullorðnum er alger. Börn eru löðrunuð fyrir að hugsa ekki eins og fullorðnir.

Í Istanbul er Armenahverfi, gyðingahverfi, Kínahverfi og allt eru þetta fátækrahverfi. Lítil efni eru algeng, en sár fátækt sjaldséð. Kringum Ankara, hina nýju höfuðborg Tyrklands, handan sundsins, 400 km inni í landi, hafa myndast kassafjalabyggðir; í Istanbul eru fátækrahverfin á hinn bóginn fornleg og myndræn í augum ferðafólksins á hótelum Hilton og Sheraton. Í Armenahverfinu er slík myndræn fátækrabyggð, strýtulaga timburbyggingar með svölum. Gömlu borgarhverfin verka á mig eins og hringekja í skemmtigarði, hinar vestrænu línur lárétt og lóðrétt eru ekki til og bil milli manna virðist aldrei verða meira en seiling. Pollarnir, sem verið höfðu á götunum þegar ég kom til borgarinnar, voru horfnir að morgni og síðdegis, þegar ég rölti um þröngar göturnar, var duftkennt ryk á núðum götuhellunum og menn pírdi augun við mér í aftanskininu með varúðarsvip; lítið er um ferðamenn á þessum tíma árs.

Við vorum fimm sem fórum morguninn eftir ásamt fararstjóra austur með Bosporussundi í mistri og háskýjuðu. Við mynni Svartahafs er hernaðarlegt svæði og sveigja verður framhá því. Við ókum inn á hraðbrautina E-4 sem liggur alla leið frá Belgíu til Beirut í Líbanon, önnur hraðbraut af tveimur um Tyrkland, hin liggur meðfram Bosporussundi. Samfelld byggð er við veginn. Við komum að tyrkneskum kastala sem reistur var á fjórum mánuðum eftir fall borgarinnar í hendur Tyrkja; kastalinn er mikil og hagleg smíð og virðist glænýr þó hann sé aldagamall. Sígaunar í hestakerrum voru á ferli eftir brautinni. Fararstjórinn, sem var

sólarorkufræðingur, benti okkur á útbúnað til að virkja sólarorku á húsþökum í framhjáferðinni. Í landinu eru 260 sólskinsdagar á ári, sagði hann. Leiðsögumaðurinn hafði smíðað sér sjóskó og gengið yfir sundið, bætti hann við og hefði fyrir vikið komist í sjónvarpið. Nú hafði hann ákveðið að ganga eftir endilöngu Bosporussundi á sjóskónum. Yfir brúna gengur enginn maður því að það er bannað. Tyrkneskir landhelgisbátar eru sífellt á siglingu um sundið sem þó er alþjóðleg skipaleið og stórskip þar á ferð nú. Marmarahafið blasir við, hvítt því að það er grunnt, Bosporussundið er grænt því það er dýpra. Svarta hafið er djúpt og þess vegna dökkt að yfirsýn.

Seinni hluta dagsins hitti ég mann frá eyjunni Mauritius í Indlandshafi þar sem síðasti dúdú-fuglinn dó, það var á miðöldum, fuglinn hét þetta vegna hljóðs sem hann gaf frá sér. Margt er líkt með Mauritiusbúum og íslensku bændafólki: báðar þjóðir gefa kúm sínum og kindum nöfn og verður saga úr hverju atviki. Maður þessi ferðaðist um heiminn og tók ljósmyndir sem hann seldi.

Um kvöldið hitti ég forstöðumann Ítalíudeildar British Museum á tyrkneskri matsölu, hann kom yfir að borðinu til mín með disk sinn þegar hann varð var við annan útlending innan um hávaðasama Tyrkina, hafði verið settur niður á alþjóðlegt hótél, sem eru ömurlegir staðir, sagði hann, af bresku stjórninni. Nú notaði hann hvert tækifæri til að sleppa burt frá hinu alþjóðlega umhverfi og komast í bland við fólkið í landinu. Honum stóð meiri stuggur af hervörðunum en mér sem hef vanist hinum bandarísku verndurum okkar Íslendinga frá fyrstu tíð og held að allir hermenn séu gott fólk.

Á hótelinu um kvöldið var tyrkneskur hjartaknosari að syngja í sjónvarpinu, eingöngu kveinstafi, en söngvarinn brosti samt blíðlega. Fremur en hanga yfir engu fór ég á bjórkrá. Ég fylgdist með tyrkneskum karlmönnum ryðja sig yfir kollunum og fallast í faðma, alltaf með rjúkandi sígarettu innan seilingar. Þetta kvöld fór ég á þrjá skemmtistaði neðanjarðar: tónlistin á einum var skemmtileg blanda úr rokki og þjóðlegri tónlist. Á öllum þessum stöðum var þéttholda kvenfólk rekið að mér eins og fé, konurnar feimnar við ódyggðina eins og prestmaddömur. Svipað gilti um

karlana sem að baki þeirra stóðu, þeir voru óuppburðugir og hikandi gagnvart útlendingnum. Siðalögmálið er ríkt í heimafólkinu. Tilburðir við að snuða – að hyggju þess – drukkinn ferðamanninn voru svo ómarkvissir að ég þurfti ekki þarf annað en illskulegt glott til að fá leiðréttingu. Innfæddir eru mikið fyrir skúmaskot og afkima í þessum jarðholum sínum. Ég hafði séð menn hverfa einn af öðrum inn um myrka gátt innst í þeim salarkynnum sem ég kom síðast í á kráaröltinu þetta kvöld og til að sanna fyrir sjálfum mér og Tyrkjunum umhverfis að það væri ekki hræðsla sem hélt mér frá dansmeyjunni sem að mér var haldið meðan ég drakk síðasta bjórinn, lét ég eftir forvitni minni og skaut inn um þessa myrku gátt og niður stiga þar inn af. Niðri var þröngur gangur og nærri almyrkt fyrst fyrir sjónum mér. Svo grillti ég í ljóstýru í aflanga vistarveru með kojum á báðar hendur og menn í kojunum með ópíumleggi úr vatnspípum milli varanna. Ég fór með sama asa út um dyr í hinum enda gangsins og upp tröppur og var þá staddur í bakgarði. Ég fann leið um húsasund út á götu þar sem hermenn voru teknir að ganga saman tveir og þrír undir alvæpni vegna útgöngubannsins. Ég hafði komið í ópíumgreni.

Skemmtanafíknir Vesturlandabúar ættu að halda sig á heimaslóð fremur en leita í Istanbúl að lystisemdum lífsins. Það verður lítið úr næturlífinu í þeirri borg í samanburði við þær borgir sem við Íslendingar þekkjum betur, Kaupmannahöfn, London, París. Klámblöð blasa ekki við vegfarendum í söluturnum, en einkenna söluturna vesturvefrópskra stórborga eins og beinserkir fornaldarskriðdýr. Það var skammt til miðnættis. Í flóðljósum þröngra strætanna þyrlaðist fólk til sinna heima innanum hermenn sem stilltu sér upp í varðstöðu, búnir vélbyssum, og ég hélt til náttstaðar míns eins og aðrir.

Úr skaflinum

Ísafirði í mars 1995

1. Snjórinn er ástand

Húsið okkar í Holtahverfi hefur legið undir snjó frá því í janúar. Úti geisar stórviðri. Við feðgar erum einir heima, hvílum okkur eftir ævintýralega ferð suður með fjörðum í gær, og hér sit ég við tölvuna, tímavélina, en kemst ekki frá hríðarmuggunni handan glersins.

Frammi í stofu syngur drengurinn eins og lævirki og ég heyri einfaldan taktsláttinn frá geislaspílaranum en ekki músikina, viður í gólfi og lofti magnar högginn. Öðru hverju tekur hann undir og ekki að heyra annað en allt sé með felldu. Hann nýtur þess að geta lagt undir sig gólf og skápa í rúmgóðri stofunni í dátaleik sínum því það hefur honum ekki staðið til boða. Hann er ellefu ára gamall. Við erum einir hér í skaflinum því að mæðgurnar eru fyrir sunnan að njóta lífsins í kennaraverkfalli. Þegar ég segi skaflinum er ég ekki að ýkja. Við bíðum af okkur óveður og erum skóflulausir. Í þetta skipti verðum við líklega að notast við glugga til að komast út þegar um hægir. Ég gleymdi skóflunni á ferðalaginu í gær. Ég segi frá því seinna.

Það væsir ekki um okkur í rúmgóðu einbýlinu hér inn af Skutulsfjarðarbotni. Heyrist jafnvel ekki í veðrinu sé því ekki gefinn gaumur, og hver gerir það viljandi? Húsið er vandað, nýlegt miðað við þau úti á Eyri þar sem við bjuggum áður. En stórir gluggarnir bera því öllum stundum söguna hvernig tíðarfarið hefur verið í vetur. Héðan úr vinnuherberginu grilli ég milli snjóklepranna á glerinu í húsin handan götunnar, það af þeim sem stendur upp úr snjónum, og enn á ný hleður að kyrrstæðum bílum og skefur yfir þök. Í gærðag var gatan jafn greiðfær og slétt og að sumarlagi. Hún hafði verið mokuð. Nú er hún horfin.

Þeir glugganna sem ekki eru á kafi í snjó eru nærri ógagnsæir af snjóþrusi sem á þá hefur hlaðist síðan í gærdag að óveður brast á enn á ný. Margar slíkar lotur hafa gengið yfir okkur á þeim mánuðum sem liðnir eru frá því um áramót. Gluggarnir á húsinu austanverðu hleypa þó inn birtu sem er meira en sagt verður um gluggana á vesturhliðinni. Þar hafa snjódyngjur hlaðist upp svo að varla sér birtumun um miðjan dag og mikla tiltrú á reglufestu árstíðanna þarf til að halda í vonina að létti um síðir. Ég verð að hugsa þessa hugsun til enda: að handan glugganna muni einhverntíma blasa við græn garðflöt og þéttlaufgað limgerði. Jafnvel blóm. Já, blóm.

Fjarstæðukennd tilhugsun. Meira að segja limgerðið handan garðflatarinnar bak við húsið er horfið, sem þéttlaufgað náði mér í axlir síðastliðið sumar. Þegar ég rifaði fyrir dagsbirtunni ofan við stofugluggann með snjóskóflu um daginn kom hundur nágrannans í næstu götu hlaupandi á sprettinum eftir sléttri fönninni, fullvaxinn labradorhundur, ljósgulur á lit, steinþegjandi og hélt víst að ég væri kominn inn á yfirráðasvæði hans. Ekki undarlegt því þrjú limgerði afmarka garðflatir héðan frá skoðað yfir að húsinu þaðan sem hundurinn kom og að öllu jöfnu sér ekki úr einum garði í annan. En nú var ekki annað í milli en hvít sléttan. Svo var hundurinn rokinn aftur og hafði áttað sig á mistökunum.

Snjórinn hefur svift mörgum hinum kunnulegri ummerkjum burt og sett sín í staðinn, og hann hefur undarleg áhrif á menn, ekki síður en skepnur. Það þarf tíma og fyrirhöfn til að læra á hann, og þá á ég ekki við hinar áþreifanlegri staðreyndir málsins eins og snjómokstur og þesskonar sem auðvitað er líka þörf lexía. Snjórinn er samskonar ástand og hinn varanlegri áþreifanleiki; hann er nýtt landslag, munurinn sá einn að hann endist skemur. Í janúar féllu snjóflóð í næsta nágrenni við heimili okkar, þau máðu út hluta byggðarinnar handan fjallsins sunnan við hverfið, og handan árinna norðan við okkur féll önnur skriða sem minna gekk undan af verðmætum. Á þeim dögum horfðum við hér í einbýlinu út um gluggana á skafla myndast í byggðinni umhverfis, sáum þá éta í sig landslagið sem fyrir var og var orðið okkur kunnulegt frá því við fluttum inn í fjörð í ágúst í sumar er leið.

Síðan hafa skaflarnir sífelld verið að breyta svip umhverfisins. Við búum í jaðri hverfisins. Handan götunnar eru tvö hús. Þar handan við liggur víðfeðm sveitin undir hvítum hjúpi. Snjórinna hefur máð út hæðir sem lægðir, hann leggst yfir allt. Ég hef bara einu sinni séð kafsnjó áður svo að valdið hafi ófærð. Þá var ég krakki heima í Reykjavík; ég kom út að morgni og bílarnir á götunum í nágrenninu voru hérumbil á kafi í snjó. Nú hefur sama gerst fyrir augum mér. Það var sniðugt í fyrstu. Ég minntist sögu Munchausen af því þegar hann villtist í hríðarbyl og tók þann kostinn að binda hest sinn við spíru sem stóð upp úr snjónum. Um nóttina hlánaði og að morgni hékk hesturinn á vindhana á kirkjuturni. Ég átti ekki von á því líku fannfergi né hláku, en húsin í hverfinu hér inn af fjarðarbotninum eru flest einnar hæðar, þökin flöt, eða því sem næst, og snjórinna lagðist yfir með hætti sem líktist ásetningi, jafnvel áfergju. Við fjölskyldan horfðum út um gluggana hér heima á sköpulag sem umbylti öllum föstum formum, húsagerðarlist vísindaævintýris. Píramíðinn fram undan vinnuherbergisglugganum, á stéttinni sem eitt sinn lá að aðalinngangi hússins, virtist óháður þyngdarlögmálinu. Það rauk upp af hnífmjóum toppinum. Við mendum á þessa furðu. Að horfa í veðrið var líkt því að horfa kringum sig undir yfirborði vatns. Við vissum að úti var ekki stætt.

Illviðrið hélt áfram svo dögum skipti, jafnvel vikum, með hléum líkt og fyrir örmögnun. Tók sig svo upp aftur af endurnýjuðum þrótti að nokkrum klukkustundum liðnum líkt og væri lifandi skepna.

Við búum nú við vetrarríki. Hið fyrra landslag er óljós minning. Mér hefur lærst að finna ekki að því þótt krakkar stytti sér leið yfir húspakið og garðana hverjir sem eru. Drengurinn hoppar af þakbrúninni niður í snjóinn. Það er skemmtilegra að stökkva ofan af þaki en renna sér á skíðum, sagði hann þegar ég fyrst fann að þessum bókstaflega átroðningi við hann.

Fyrsta hretið stóð yfir í viku. Ég braust út með myndbandsvélina nokkur skipti á þeim dögum. Vildi ekki vera sagður hafa verið í sporum Munchausen þegar suður kæmi. Þegar birti mokaði ég frá stofuglugganum og garðspilduna að skúrveggnum. Það er gefandi

verknaður að moka snjó fyrir þann sem hefur ekki gert mikið af því um dagana, það rúmast svo mikið á skóflublaðinu. Auk þess var snjórinn þurr eins og pappi eða frauðplast; það var hægt að sníða úr honum og nota hann til hleðslu. Í Reykjavík er bara slabb.

Ég fór hring um hverfið með myndavélina þegar veðrið var gengið niður. Fæstir voru eins duglegir og ég að moka frá gluggunum hjá sér, sá ég og mundaði vélina, margir rifuðu ekki einu sinni fyrir gluggunum þar sem skafið hafði fyrir þá uppundir þakupsirnar.

Svo fór aftur að snjóa. Í það sinn var snjórinn eins og dúnn. Það var hægt að fóta sig í snjónum eftir fyrri óveðurshrotur en ekki þessa. Fæturnir hurfu í snjóinn líkt og í brim. Krakkarnir sukku upp að öxlum. Undarlegur uggur fylgdi, um að þeir hyrfu alveg þótt ekki færu lengra en út í garð til að leika sér, jafnvel þótt þeir færu ekki lengra en út undir húsvegg.

Vesturhliðin á húsi okkar og nágrannanna var horfin, snjórinn náði upp á þak. Inni var ekkert að sjá nema snjóvegg sem hitinn að innan kom í veg fyrir að þrengdi um of að rúðunum. Og svo óljósa spegilmynd þess sem starði í snjóvegginn. Þegar linnti úrkomunni stakk ég mér í garðskaflinn utan við stofugluggana með stóru skófluna til að hamla gegn öflum sem voru komin langt á leið með að þurrka út mynd hverfisins fyrir sjónum mínum. Ég byggði snjóhús. Lét þessa ósk mína úr bernsku rætast, að byggja manngengt snjóhús.

Tveir til þrjú tímar á dag eru ekki of mikið í lagt til að láta bernskudraum rætast. Auk þess var ég tekinn til við líkamsrækt sem kostaði ekkert. Fyrst mokaði ég manngenga geil frá innkeyrslu nágrannans og yfir að garðdyrunum hjá mér til að hægt væri að koma burt uppmokstri úr skaflinum við húshliðina. Ég stakk út köggla sem vel hefðu hentað í grænlenst íbúðarhús af eldri gerðinni. Gaman hefði verið að byggja slíkt hús úr kögglunum, en hvar hefði sú bygging átt að standa? Ég rogaðist með kögglana upp geilina og strákurinn tók við þeim uppi á geilarbarminum og velti þeim burt. Við feðgar vorum í fyrsta sinn farnir að vinna saman að húsagerð. Svo birtist sólpallurinn undir hvítri harðneskjunni og þegar komið var allmarga metra inn í

skaflinn kom í ljós grænt timburþil, skjólvirki sem byrgir sýn á pallinn að sumarlagi.

Frá því þetta var hefur hitinn frá húsinu opnað rifu milli þakskeggs og skafls framan við gluggann á herbergi drengsins. Birtan breytir skaflinum fyrir sjónum þeirra sem inni eru í risastóran kóral. Handan við þrönga geilina sér í glugga á snjóhúsinu, myrka holu, gluggi gegn glugga. Ég hefði getað haldið áfram að grafa út á götu en opnaði mér leið upp úr skaflinum þegar ég kom að húskaflinum. Snjóhúsið var orðið nógu stórt.

Á snjóhúsum sem ekki eru hlaðin á eskimóavísu tekur þakið þegar að síga fljótlega eftir að þau eru fullgerð og þannig fór um þetta snjóhús okkar feðganna. Þakið hneig undan eigin þunga og nýsnævinu, því nú tók að snjóa aftur, geilin fylltist og einnig inngönguopin í snjóhúsið. Nú er skaflinn hærri en fyrr, en með tímanum hefur myndast nægilega breið glufa milli skafls og veggjar til að krakkarnir geti skriðið út um húsgluggann og inn um gluggann á snjóhúsinu.

Snjórinn er ástand. Hann lýtur ekki sömu lögmálum og föst form. Stundum trúir maður næstum að hann búi yfir vilja. Um tíma þótti mér hann vilja fylla aðal innganginn hjá mér, hvíltina milli hússins og tvöfalds bílskúrsins sem er sambyggður húsinu svo að í milli er V-laga snjógildra. Á þeim dögum fannst mér snjórinn bregðast við mótþróa mínum af langlundargeði og yfirvegum. Fyrst fór hann sínu fram með hörku, hlóð tvívegis fyrir gættina, svo að ekkert var að sjá í dyrunum, þegar opnað var, annað en harðtroðinn snjó og förin eftir hurðina, ofan frá efri karmi og niður á þröskuld. Á veggjunum í forstofunni voru fjölskyldumyndirnar hið rétta mótvægi við þessum framandleika sem við blasti að morgni.

Við brugðum á það ráð að fara krókaleið, nota eldhúsdyrnar sem vísa að garðinum bakvið húsið og troða okkur slóð yfir mannhæðarhátt þil inn í næsta garð og þaðan upp á bílskúrsþakið. Tróðum svo einstigi ofan af þakinu inn á mokstursleið af skaflinum fram á götuna. Snjóþrepið minntu mig á bíómyndina um Doktor Zivago. Ekki lengur.

Þetta fyrirkomulag dugði um hríð. Svo hlóð snjórinn fyrir eldhúsdýrnar, að hálfu, líkt og til áminningar. Við héldum uppteknum hætti uns stóra snjóskóflan hvarf einn daginn. Ég hafði skilið hana eftir uppistandandi í garðinum. Snjórinn skilar henni í vor, vænti ég. Ef það kemur vor. Ég keypti aðra. Henni gleymdi ég í gær í ferðalaginu. Kannski finn ég hana líka seinna.

Snjórinn er óútreiknanlegur. Hægfara ágengni hans seiðir, hún er samskonar blygðunarefni og dvínandi heilsa manni sem sjaldan hefur orðið misdægurt. Í þessari þokuhvítu auðn glatar röddin hljómi sínum og augnaráðið verður grunnt og starandi. Maður bregður á sama ráð og hin vanmáttugustu meðal dýra, læst vera dauður. Svo gefur allra mildilegast hlé — jafnvel svo að snjóruðningstækin hafa undan. Og maður fer að trúá því að allt sé með felldu.

Í gær var bjartviðri og greiðfært um götur. Ekki hafði snjóað að ráði undanfarin dægur og mannlífið var farið að færast í samt horf, eins og sagt er. Eða er þetta ástand, snjórinn, horf þess mannlífs sem hér helst – í horfi?

Í gær fór ég í ferðalag.

2. Ferðasaga

Já, ég er kominn heim í skaflinn á ný, bíllaus og skóflulaus. Úti geisar illvirði. Bylurinn er grár eins og óteljandi mánudagar norðan af heimskauti.

Í gær var sólskin og blíða fram eftir degi, en illviðrisspá hafði borist eins og stundum fyrr, veður myndi versna þegar líða tæki á næstu nótt og svo framvegis. Ég vildi suður og fyrir eigin atorku ofan í innisetur og einangrun undanfarinna vikna. Samkvæmt spánni átti ég að hafa daginn til að komast. Ég var búinn að fá mig fullsaddan á skakstrinum í flugvélinni og afréð, eftir að hafa kynnt mér færðina, að aka inn Djúp og lengra ef ég kæmist, ella bara snúa við og gera úr þessu fyrsta bíltúrinn suður í Djúp í vetur. Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar voru moksturstæki að

verki hér og þar á leiðinni um Steingrímsfjarðarheiði og Hrutafjörð suður á hringveginn.

Já, ég vildi komast suður og þó ekki væri nema til að sjá aðra skafla í öðrum byggðarlögum eftir tveggja mánaða þæfing í snjó sem allt ætlaði að kæfa. Eða eins og Vestfirðingurinn Bertrand Russel ritar í ævisögu sinni: “Lífið er hryllingur, alger hryllingur, farðu og njóttu þess!” –

Mér hefur ekki enn lærst sú list heimamanna að flækja ekki málin fremur en færin. Til er rétt aðferð og röng, álíta heimamenn í Skutulsfirði ef dæma má af framferði þeirra. Ef þú ferð rétt að er það ekki umtalsvert. Farirðu á hinn bóginn rangt að siturðu uppi með afleiðingarnar, og þær eru þitt mál. Í firðinum er lífsbaráttan hið eina sem gildir.

Það er skemmtilegra að aka en fljúga. Við feðgar komum páfagaukunum í vist í blómabúðinni inni í bæ eins og jafnan þegar fjölskyldan fer að heiman til lengri fjarveru. Á meðan fór flugvélin og þar með skynsamlegri úrkosturinn fyrir þann sem vill suður. Ég var því feginn; mig langaði í bíltúr.

Umferð um Djúpveginn var nánast engin. Ég ók í bjartviðri, jafnvel sólskini, á þremur tímum 200 km leið suður í Ísafjörð, innsta fjörðinn við Djúp. Vegurinn var sléttur eins og fjöl alla leiðina, svo vel var hann skafinn. Á skálanum í Djúpmannabúð sá ég að var miði, Lokað 15. september, og hvergi mann að sjá. Í Reykjanesi, þar sem skólanum hafði verið lokað að fullu fyrir ári, voru engin merki um mannaferðir, bensíndælurnar undir segli eins og þúfur í snjónum. Sumstaðar í þröngum fjörðunum litu klökugir hamrarnir út eins og skærblá pípuorgel. Liturinn á orgelunum í fönninni algert stílbrot hvernig sem á var litið. Vegurinn var mun betri en að sumarlagi. Að aka tímum saman um snjógeilar sem gnæfa yfir bílinn er eins og bobbsleðaakstur eða rússíbani.

Í Ísafirði, innst í Djúpinu, voru vegstálin hærri en annars staðar á leiðinni og það kom mér á óvart, ég átti von á minni snjó þegar sunnar drægi. Þarna í firðinum er friðsælt, en þegar ég var á úteftirleiðinni að sunnanverðu og á leiðinni upp á hið vestfirska miðhálandi sá ég austanvert við Djúpbotninn strók til himins, brúnan eins og sandbyl, og himinninn í bakgrunni stróksins

sortnaði fyrir sjónum mínum svo hratt að ég sá það gerast. Ég sannfærðist um að snjóslæðurnar sem dönsuðu sakleysislega á háum vegköntunum umhverfis mig væru frumstig þess sem á síðari stigum tæki á sig þetta framandlega útlit.

Á leiðinni suður Djúpið taldi ég sex moksturstæki á veginum. Ég var kominn upp í heiðarsporðinn og sneri nú framhjóladrifinni Samörunni við á veginum í fjúkinu. Það hafði þegar hvesst til muna og vegurinn á heiðinni var að fyllast af foksnjó á þeim augnablikum sem ég virti hann fyrir mér úr kyrrstæðum bílnum. Því var líkast sem ósýnilegur vinnuflokkur ysi snjónum inn á veginn og bíllinn var þegar tekinn að hristast í vindhviðunum.

Ökumaður að vetrarlagi fyrir vestan ekur ekki um fjallvegi heldur með sjó ef hann á þess kost. Í sumum fjarðanna við Djúpið getur varla talist vera bær, ella er einn eða fáeinir. Varla er ljóst hvort bæirnir eru í byggð fyrr en barið hefur verið að dyrum, guðað á glugga eða kíkt niður um strompinn. Á þessum tíma árs hvílir yfir landinu öllu þrúgandi eyðileiki og freistandi að álíta að það sé ekki áþreifanlegur heimur. Viðbrögð manns verða að sama skapi draumkennd við þessar aðstæður allar ef hann heldur ekki einbeitni þeim mun betur.

Vetrarlandslagið var framandi og þegar veður spillist á einni svipan í kafsnjó við Djúpið er útlitið ennþá annarlegra. Ég hafði snúið við þegar tók að skafa inn á veginn á berangrinu í heiðarsporðinum og ók nú svo greitt sem ég treysti mér til sömu leið til baka. Sumstaðar var glampanði hvítt snjóstálið nokkrum metrum hærra en bíllinn; lóðrétt og skorið eins og af hnífsegg. Hvernig fara þeir á moksturstækjunum að því að skera snjóinn án þess að eyðileggja stikurnar inni í sköflunum? Þær birtast í heilu lagi, gular rákir í freranum. Slæðudansinum var lokið, skafrenningurinn steig nú upp af skaflbrúnunum á báða vegu eins og reykur. Í dýpstu geilunum steypiti hann sér yfir bíllinn eins og illir andar. En næstum þegar varð allt með felldu aftur, blátær heiðríkjubirtan söm og fyrr.

Geilarnar lágu innfjarða, úti á nesjunum var berangrið meira og þar festi skafrenninginn ekki á veginum enn heldur birtist og var á burt í samri svipan. En svo fóru að hlaðast upp fannadrög á

veginum og þegar ég ók fyrir múlann inn að Ögri reyndist vegurinn hulinn þykkum snjó kantanna í milli. Eftir að hafa borist áfram nokkrar lengdir sínar í snjónum sat bíllinn fastur. Það var bjart yfir og snjórinn flæddi yfir veginn eins og vatnsiða. Ég braust út úr bílnum. Framundan í snjóíðunni grillti ég í afturljós og vissi að þar hlaut að vera bíll þótt ég sæi ekki annað sem staðfesti það en ljósið. Ég sagði drengnum að halda kyrru fyrir í bílnum og öslaði snjóinn að skutbíl á veginum sem þegar var hálf grafinn í snjó. Undir stýri sat kona og gaf í eins og hún gat, en aftan við bíllinn voru tveir krakkar að reyna að ýta bílnum upp úr hjólförunum svo vonlítið sem það verk var.

Öðru hverju sá ég til byggða gegnum skafrenninginn. Inn af voginum voru hús. Þar á meðal kirkja. Ég vissi hvar ég var staddur og að ég var hér um bil hálfnaður norður í Skutulsfjörð. Ég sneri við og sótti drenginn, kom honum fyrir í fremri bílnum. Svo arkaði ég gegnum snjóinn heim á bæ eftir aðstoð. Túnið var undir fæti eins og jökulbreiða og þarna stóð jeppi á harðfenninu sem greinilega hafði ekki verið hreyfður lengi. Kona heimavið hringdi á næsta bæ við voginn. Svo var ekið á jeppanum og stórrí dráttarvél út með voginum sunnanverðum. Það hafði bæst við bíll í skaflinum, ökumaðurinn á suðurleið, bóndi á heimleið frá Ísafjarðarkaupstað. Hann sagði veginn enn færan norður úr. Ögurmenn aðstoðuðu okkur við að koma bílunum yfir haftið. Heima í Ögri fréttum við svo að snjóblásari væri á ferð í Hestfirði á norðurleið og að honum fylgdi kröftugur eftirlitsbíll Vegagerðarinnar. Afráðið var að hann kæmi til móts við okkur sem vorum í bílunum tveimur á norðurleið og við héldum þegar áfram.

Vegurinn varð nú strax aftur greiðfær og ólíkur því sem verið hafði í sunnanverðri Ögurvík. Samflotsbíllinn úr skaflinum var með drif á öllum hjólum og stakk okkur fljótlega af. Nú varð ég var við að bíllinn hafði eytt helmingi meira bensíni en ég hafði gert ráð fyrir og það var að þrjóta. Ég var kominn langleiðina inn með Skötufirði, þeim næsta sunnan við Hestfjörð, þegar ég sá húsþak og efri hluta veggja upp úr skafli ofan við veginn. Í brattri hlíðinni þar upp af var strákur að leika sér á vélsleða. Hér dugar mönnum

ekki annað en eiga bensín heima að vetrarlagi. Í krafti þessarar sannfæringar minnar lagði ég bílnum í vegkantinn, en þá vildi ekki betur til en svo að annað framhjólíð sökk niður úr vegkantinum sem reyndist ekki vera annað en snjór og klaki og bíllinn lagðist á öxulinn.

Heima á bænum fékk ég lögg af bensíni úr tunnu. Hún stóð við veginn. Meðan strákur var að dæla úr tunnunni spurði ég hann um dráttarvél til að losa bíllinn. Hann benti á skemmuþak sem lá, eftir því sem helst var útlit fyrir, á snjóbreiðunni og sagði að þar undir væru vélarnar geymdar og þangað inn kemst enginn. Ég reyndi að moka bíllinn lausan með skóflunni sem ég hafði tekið með í ferðina, en ekkert gekk. Svo kom kraftmikill bíll eftir veginum á suðurleið. Ökumaðurinn batt spotta í minn bíl og dró hann upp á veginn.

Ég var kominn langt út með Skötufirði að norðanverðu þegar ég uppgötvaði að skóflan hafði orðið eftir. Eitt leiðir af öðru. Ég ók yfir hálsinn milli fjarða og leiðin var greið. Í sunnanverðum Hestfirði sá ég handan fjarðarins strók upp af blásara á veginum þar eins og væri brotinn brunahani. Það var tekið að rökkva og skafrenningurinn orðinn meiri þegar ég ók fram á blásarann. Hann var á norðurleið. Eftirlitsbíllinn hafði þá haldið sig um hríð á eftir okkar en ég ekki rætt við mennina tvo í jeppanum enda þurfti ekki að hafa orð um þörfina á að komast sem fyrst til byggða.

Eftirlitsbíllinn staðnæmðist við blásarann sem átti stutt eftir upp á hálsinn yfir í Seyðisfjörð vestra. Ég ók viðstöðulaust fram fyrir bæði ökutækin og áfram upp á hálsinn og komst með herkjum gegnum snjóadrög á veginum yfir í Seyðisfjörð. Fjörðurinn er stuttur og hann var frosinn eins og aðrir firðir sem ég hafði ekið um í þessari ferð inn í Djúp. Ég var kominn í Kambsnes norðan við Seyðisfjörð. Þar festi ég bíllinn á ný. Blautur snjór hlóðst á bílþurrkurnar og þær voru hættað að hafa við. Í þessu sama hafti sat annar bíll fastur, líklega sá sami og í Ögri. Það glórði á ný í rauð afturljós framundan en nú í svarta myrkri. Vegurinn lá framanvert í bröttum múlanum sem klauf vindstrenginn utan af hafi eins og skipsstefni straumröst, og það magnaði enn veðurhæðina svo að úti var ekki stætt. Ég vissi af hafinu í námunda en sá það ekki og

grunaði að hátt væri af veginum niður í fjöru. Ég reyndi að þoka bílnum áfram, en það gekk illa, afréð svo að bíða þeirra sem á eftir komu. Hlýtt var í bílnum. Drengurinn var í aftursætinu. Hann hafði verið rólegur allan tímann og var það enn.

Um hálf tíma síðar birtist snjóblásarinn með hvin og ljósagangi sem magnaðist eins og væri fljúgandi furðuhlutur í muggunni. Hátt ofan við veginn blasti við maður í glerhúsi með áfestum öflugum ljóskösturum. Vegagerðarbíllinn fylgdi fast á eftir. Ég braust út úr bílnum þeim megin sem meira skjóls var að vænta en blásarinn og bíllinn sveigðu báðir viðstöðulaust niður fyrir minn bíl og svo aftur upp á veginn og annar mannanna í eftirlitsbílnum snaraðist umyrðalaust út með tóg sem hann festi milli bílanna og höfðu svo svipt bílnum nærri jafnharðan yfir skafllinn framundan. Svo leysti sá sami taugina, var horfinn inn í bíl sinn og þeir óku af stað.

Purrkurnar voru hættar að hafa við. Ég hélt mér í dyrakarminn landmegin, skóf rúðuna og bæði sá og fann bíllinn taka dýfur í vindhviðunum. Ég reyndi að missa ekki af stórum afturljósunum á jeppanum, en ljósin fjarlægðust uns framundan var ekki annað en hríðarsortinn. Ég var umlukinn myrkri og nú lenti ég á fölskum vegkanti, undir var ekkert nema snjór og bíllinn tók að hallast sjávarmegin og að nokkrum andartökum liðnum missti ég allt skyn á hvað var hvað, vegur, myrkur, hríð, bílljós. Bíllinn var á hreyfingu áfram og niður á við utan vegar og var tekinn að plægja snjó undan hallanum. Mín megin sá ég vegkantinn rísa upp yfir bíllinn. Ég stýrði upp í hallann og bíllinn staðnæmdist og bílljósinn beindust skáhallt upp í loftið með afkárlegum hætti. Kyrrstæður bíllinn hallaðist svo mikið undan brekkunni að ég bjóst ekki við öðru en að hann færi þá og þegar niður í myrkan svelginn hægra megin. Svo skildist mér að vindstrengurinn utan af opnu hafinu hélt að bílnum, þrýsti honum ofan í fönnina þar sem hann stóð. Ég hélt niðri í mér andanum í þeirri von að ekki drægi úr stormbálinu meðan ég kæmist út með drenginn. Ég kveikti loftljósið. Hann var ekki í sætinu sem ég átti von á honum heldur lá utan í hurðinni fjærst mér og var farinn að kjökra. Ég seildist eftir honum og dró hann varlega til mín yfir sætisbakið og fannst að hver minnsta hreyfing hlyti að senda bíllinn niður í fjöru. Ég sá nú að

eftirlitsbíllinn nálgæðist eftir veginum spölkorn fyrir ofan mig undir fullum ljósum, staðnæmdist svo þegar þeir höfðu orðið bílsins varir og ökumaðurinn sneri bíl sínum við í upphaflega aksturstepnu, og sterkum ljóskastara var beint niður í hliðina. Þegar ljóskeilan náði að mínum bíl braust ég út með drenginn í fanginu. Vindurinn hrifsaði af mér þjónahúfuna um leið og ég kom út og húfan hvarf fyrir sjónum mér eins og myrkrið hefði gleypt hana. Uppi á veginum beint fyrir ofan var eftirlitsbíllinn og vindurinn lagðist þétt að mér á leið minni upp brekkuna og allt vit mitt og geta fór í að hitta á bílhurðina og missa drenginn ekki frá mér upp í fjall.

Veðurhamurinn var mér algerlega framandi, nærfellt eins og sprengingar. Afturhurðinni á eftirlitsbílnum var hrundið upp um leið og ég kom upp á veginn og hiti frá öflugri miðstöðinni gaus á móti mér. Ég sá hræðsluna í andliti drengsins í grænni birtunni frá mælaborðinu í bílnum um leið og ég þrýsti honum inn í aftursætið. Þegar við höfðum komið okkur fyrir báðir benti farþeginn í framsætinu við hliðina á ökumanninum upp fyrir veginn þar sem glórði í svart bergið og síðan niður í hliðina þar sem ljósin frá bíl mínum beindust upp í loftið og lítil merki um bílinn önnur ef nokkur. Maðurinn sagði: Það er ekkert hægt að gera. Það getur fallið snjóflóð hvenær sem er. Honum var greinilega mikið í mun að komast sem fyrst burt af svæðinu.

Það var ekið af stað. Snjóblásarinn ruddi leiðina með hraða gangandi manns og strókurinn sundraðist yfir stýrishúsinu með miklum leiftrum og ljósagangi frá sterkum kösturinum. Leiðin lokaðist að baki okkar nærri jafnharðan. Fremri bíllinn bættist fljótlega í lestina. Svo vorum við komin inn í Álftafjörð, það hafði dregið úr veðurhæðinni og við sáum ljósin í Súðavíkurbæ handan við fjörðinn. Mér sýndist þau furðu fyrirferðarmikil þótt bærinn sé ekki stór. Það tók okkur tvo tíma að aka fyrir fjörðinn, sömu leið og ég hafði ekið fyrr um daginn á stundarfjórðungi.

Grænum bjarma stafaði frá mælaborðinu og sjálflýsandi tökkum símans sem hringdi með stuttu millibili. Hraðmæltir, jafnlyndir, gamansamir, þessir menn frammí og vafalaust líka hinir sem við þá töluðu. Nærvera þess mannlega náði fljótlega til drengsins. Í

bílnum á undan hafði hann séð selskapsgauk í búri stundina sem hann dvaldi þar. Ég trúi því.

Í Súðavík var snjór og klaki brotinn af blásaranum með skóflum og skipt um mann í stýrishúsinu, hvort tveggja án orða og leifturhrott. Við flugvallarendann í Skutulsfirði losuðu mennirnir stóran fólksbíl úr skafli, bíllinn var mannlaus en lyklarnir höfðu verið skildir eftir. Annar mannanna ók bílnum inn í Holtahverfið. Á fjarðarbrautinni sat fjöldi bíla fastur í gríðarstórum skafli og eftirlitsbíllinn þræddi leiðina utan vegar meðan þörf var á. Síðasta spölinn gengum við feðgar. Og heim komumst við litlu eftir miðnætti, bíllausir, skóflulausir, en vel á okkur komnir.

Ég minnst orða sálfræðings í sjónvarpsfréttunum í fyrrakvöld um kennaraverkfall og afleiðingar þess fyrir börn sem nú hefðu ekkert við að vera annað en sjónvarpsgláp, að sögn sérfræðingsins.

Ég kom þó drengnum frá sjónvarpinu.

3. Hinn lævísi harmleikur

Nýr dagur er hafinn. Úti geisar vindurinn. Þegar ég horfi út í grámann úr eldhúsinu sé ég á ný þessa sjón sem hefur að minnsta kosti í tvær lotur á undanförunum mánuðum blasað við mér úr eldhúsglugganum þegar hríðarslæðurnar hrekur fyrir vindinum frá austri til vesturs, til fjallsmúlans vestanvert við hverfið, úlfar á hlaupum í fannferginu; þegar hugurinn er engu bundinn heldur altekinn af litleysinu birtast þeir í hryðjunum, alltaf á sömu leið, frá austri til vesturs, til fjallsmúlans vestan við hverfið, í senn þrír eða fjórir, kannski fleiri, lyfta framlöppunum hátt í snjónum og sem snöggvast slær skugga á klepraða hártoppa á innanverðum lærunum, teygja fram höfuðin og á hlaupunum slangrar mjósleginn afturendinn til og frá. Sýn sem er þreytandi í einfaldni sinni og einhæfni.

Það er eðli dýrs, ekki manns, að steðja áfram með þessum hætti, leggja aldrei lykkju á leið sína, fylgja náttúrulögmálum sem krefjast alltaf hins sama af eðli og upplagi. Þessi lögmál sem hér eru að verki eru ekki mitt mál. Ég veit það er til einskis að spyrja

hvers vegna; þessum hríðarslæðum er ekki tjaldað fyrir mig. Löngu eftir að ég guggnaði á biðinni eftir betri kjörum og yrði allur í fannferginu utandyra eða því ástandi sem af því leiðir innan dyra þá rynni úlfgrá harðneskjan sína leið, ósnortin, lævísleg, óútreiknanleg þrátt fyrir lögmál og veðurfréttir sem segja að síðdegis á morgun muni linna.

Ef ég æki snjóblásara myndi ég aldrei vera í rónni að ég æki ekki fram á mann, liggjandi í snjódyngjunni. Einhvern sem orðið hefði að skilja bíl sinn eftir í snjónum og síðan gengið af stað þessa einu leið sem liggur fyrir þeim sem vandi steðjar að, og sem mörgum reynist löng, til annarra manna. Ég veit ekki hvort þeir hugsa svona, snjóruðningsmenn sem keyra snjóblásara þar sem fannfergi raskar öllum mannlegum hlutföllum, en hitt veit ég að vaktir þeirra eru langar og strangar. Þeir miða við tólf tíma en vaktirnar geta í tíðarfari eins og því sem ríkt hefur undanfarnar vikur og mánuði lengst upp í sólarhring og um einn veit ég sem vann í glerturninum samfleytt, segi ég og skrifa, þrjátíu tíma. Ég veit ekki hversu margar úlfahjarðir hann sá síðustu tímuna, kannski enga, en ég hefði áreiðanlega verið farinn að sjá suðrænar sólarstrendur um það er lauk.

Þeir einu sem hagnast á ástandinu eru stjórnendur snjóruðningstækjanna og auðvitað eru þeir vel að því komnir. Hér í bæ eru þeir í því að koma landslaginu í samt horf þessar vikur, þegar um hægir. Flytja hæðir og hóla út úr hverfunum þar sem þeir hafa hrúgast upp við ruðning gatnanna, og fram í sjó. Nú er Pollurinn, sá hluti fjarðarins sem er innan við eyrina, allur á ís undir þunnri snjóhulu, fannhvítur nema autt svæði kringum bryggjurnar við eyrina þar sem skipin athafna sig. Út á þennan ís fer enginn, enda er hann bara skæni; það sé ég af lænunum sem myndast þar sem ár og lækir streyma út í fjörðinn.

Héðan frá séð og til norðurs er breiður dalbotn og brött hlíðin í Tungudal þar sem sumarbústaðahverfið var. Eftir miðjum dalnum rennur Tunguá milli hárra skara, grá og myrk í vetrarríkinu eins og grafíkmynd, snjóhvel bakkanna eru öldur, annarlegt sambland mildi og hörku þeim sem framhjá fer á gönguskíðum. Áin er straumharðari en svo að hún hafi öll getað lagst undir ís og snjó. Í

staðinn skriður hún blýgrá ofan frá göngunum og fram í sjó við söluskálann Brúarnesti þangað sem ég skrapp stundum á kvöldin á bílnum að kaupa okkur hlýju. Afgreiðslumaðurinn vék sem snöggvast frá sjónvarpstækinu í bakherbergi skúrsins þegar hann varð mín var, hrollkaldur, yfirspenntur. Skúrinn er á snjóflóðasvæði sem fyrst lokast þegar hættuástand ríkir í firðinum, en hrollurinn stafar síður af því en af kulda og einsemd eyðileikans umhverfis. Við hér óttumst ekkert meir en að myrkrið gleypi okkur og hver trúir því að ein ljósglæta megi sín nokkurs milli fjallarisanna í bak og fyrir ef – já ef hvað?

Sjónvarpsskjárinn er ekki fyllilega traustvekjandi heldur, það flóð birtu og lita sem frá honum stafar getur stöðvast hvenær sem er, og hríðin brotist inn í þann heim líka, jafnvel hann. Næstum jafn algengt og útsendingatruflanir er að rafmagnið fari; það er jafnvíst að það gerist og að fannfergi fylgir illviðri þessar vikur. Þá er ljósgjafinn kerti og luktir. Ég vildi ekki vera í skýlinu í Brúarnesti þessa daga þegar þannig stendur á.

Úlfsá er hér nær. Hún rennur í norðurjaðri hverfisins; í milli er tún. Ég hef ekki séð ána lengi heldur er sléttlendi þar sem í haust var gil; athafnasvæði fyrir þá sem vilja leika sér á vélsleðum eða fara ferða sinna á gönguskíðum upp og ofan dalinn. Það er annars ágætis gönguleið á skíðum norður yfir Úlfsá þar sem hún rennur einhvers staðar undir fannferginu og yfir ásinn í Tungudal og síðan upp með hinni teiknuðu Tunguá, yfir göngubrúna og troðnar slóðir um golfvöllinn sem þar hlýtur að vera undir snjónum niður af sumarbústaðahverfinu sem í fyrra hvarf í snjóflóð. Þar standa nú eftir tveir eða þrír bústaðir. Og kjarrkræklurnar, líkar hárflóka, eru einnig horfnar, ekki bara undir fönn heldur fyrir fullt og allt. Fossinn innanvið er í klakaböndum og gilið fullt af snjó.

Allur þessi snjór er hreinn. Tærleiki loftisins er á við bergvatns; kuldinn og hreinleikinn minna á hnífsblað, blikandi stál í miskunnarleysi sínu og skýrleika. Allt er æpandi það sem það er og vilji einhver leita mynstra sem að baki búi þá er sá ekki Vestfirðingur og kann sig ekki við þessar aðstæður. Annaðhvort fílarðu þig í þessum vafningalausum heimi eða þú ert ekki til.

Hrifning kemur málinu ekki við, þaðan af síður skagfirskt stærilæti eða þingeyskur belgingur.

Ekkert er ólíkara Undralandi Lísu en þessi vestfirska harðneskja. Við eigum hamstur sem heitir Mikki. Hann býr í stofunni við ofninn undir glugga og hann minnir á Vestfirðinga. Kanínan í Undralandi var alltaf að líta á klukkuna, hún hafði ekkert tímaskyn. Mikki hamstur er klukkulaus, en jafnvel í svartasta skammdeginu fer hann á stjá um miðnætti; ævinlega til þess sama, hamstra, enda býr hann hvorki yfir vopni né kröftum, eins og allir vita, og engum bjargráðum öðrum en næmu tímaskyni og stórum kjafti sem hann safnar í með skjótum hætti birgðum og flytur í holu sína. Þar unir hann svo uns hreyfipörfin knýr hann á stjá á ný.

Frá því síðastliðið sumar hef ég séð fá merki um breytta lifnaðarhætti hér í Holtahverfi þrátt fyrir tilraunir tröllskaparins til að breyta útliti hverfisins með hvítu fyllingarefninu. Það er varla að sjáist bregða fyrir ljósi. Stundum sést manneskja á ferli sem svo hverfur strax og hefur enga tilfinningu vakið. Markvisst látleysið minnir á velþjálfaðan íþróttamann að búa sig undir keppni.

Stundum sé ég innum óbyrgðan glugga mann sitja í jaðri ljóskeilu í stofurökkri þar sem útlínur húsmunanna staðfesta reglubundið líferni. Enginn heimamanna argar á fjöllin og yrkir ekki um þau heldur. Hvernig þeir fara að nákvæmlega veit ég ekki og skil ekki. Einu sinni slapp Mikki hamstur úr búrinu og týndist. Það var leitað skipulega um allt húsið, en hans varð hvergi vart. Á þessum dögum bjó Mikki í mjólkurfarnu í búi sínu. Nú var fernunni að kvöldi komið fyrir undir stofuskápnunum með kornbirgðum. Viti menn, morguninn eftir var Mikki kominn heim til sín í fernuna. Hvar hann faldi sig veit enginn nema hann, og mér finnst best að vita það ekki fremur en aðrir, enda væri það óvirðing við Mikka að gera svo lítið úr helsta úrræði hans við óviðráðanleikanum; hæfileikanum að láta sig hverfa.

Sama gildir um heimamenn hér. Þeir munu endast svo lengi sem enginn finnur þá út og því best að leita ekki uppi mynstur sem að baki búi þegar þeir eiga í hlut, – en halda sig við þau sem segir af í veðurfréttunum af þeim Stratus og Nimbóstratus, Kúmulus og

öðrum köllum sem hart glíma hér yfir fjöllum, með rammaslögum og tröllatraðki.

Og nú fara úlfarnir að austan síns óþekkta erindis við Kubbann, sem heimamenn kalla svo, hér ofan við hverfið; mikilúðlegur og fannbarinn rís hann og efst klettaþil. Ég þarf að teygja mig yfir eldhúsvaskinn til að sjá hann út um gluggann. En beint á móti mér og svo langt sem augað eygir héðan séð, til austurs og vesturs, er hár fjallgarðurinn sem markar af fjörðinn að sunnanverðu, slétt þil, gráir hnausar í hvítum vegg, og svolítið ýfður til brúna eins og sumir bændur fyrrum meðan ellin enn hélt virðingu sinni. Nú er sá dauði sem myndin boðar aðeins lokasigur ómennskra afla sem alls staðar eru að verki hér umhverfis. Annaðhvort hefurðu það af eða þú verður afmáður eins og annað í þessum gráa leik. Þar á hendingin mikinn hlut að máli. Viljirðu fara burt þá geturðu það með lagni, en þú kemst aldrei langt. Ég verð alltaf nærri, – segir fjallið.

4. Hugrekki

Hún fæst ekki út úr herberginu, segir konan. Ef ég væri í hennar sporum myndi ég stúta einni sérríflösku, og svo annarri ef það dygði ekki. Þegar pabbi missti hann Munda bróður, þá fyllti ég gamla manninn. Þegar rann af honum vildi hann komast á staðinn þar sem slysið hafði orðið. Við höldum fyrst að þetta væri vitleysa en hann hélt áfram að þráast. Ég hringdi í Jóhann lækni sem sagði að það hlyti að vera í lagi, svo ég fór með pabba á staðinn. Eftir það fór hann að jafna sig.

Ég hlustaði á orðaskiptin sem mér voru ekki ætluð. Konan hafði þennan sérstaka hátt staðarkvenna við að koma orðum sínum til karlmanns; flæmist undan um leið og hann sýnir viðbrögð; hélt ekki áfram fyrr en maðurinn hafði sýnt merki um vilja sinn. Hér í Skutulsfirði eru konur ekki gerðarlegar eins og konur í sveitinni í gamla daga. Karlmenn eru heldur ekki miklir á velli og hetjulegir eins og segir af í sögum um fiskverkakonur. Né heldur eru karlar

ofstopafullir. Ummerki um hefðbundinn kynjamun sýna flestir í verki af fullri stillingu; hér fara menn ekki yfir grensuna viljandi.

Að sýta til lengdar orðinn hlut í harðri lífsbaráttu, eins og hér gildir ein, er snertur af sjálfsmorði. Líkt og skurðlæknar á harm fóru menn með jarðýtur á húsleifarnar eftir snjóflóðin í Súðavík í vetur þegar fullvíst var orðið að enginn lá undir rústunum lífs eða liðinn. Við svo búið verða menn fyrr tilbúnir að hefja nýtt líf við sömu kjör.

Skyldan bíður. Hún er hornsteinn nýbyggðarinnar við Bústaðaveg í Súðavík eins og annarra byggða undir úlfgráum brúnum fjallanna hér vestra. Þetta fólk er alltaf að vinna, sagði kona úr Patreksfirði við mig eitthvert sinn í flugvélinni á leið suður í skýringarskyni um Vestfirðinga, heimfólk sitt, hún vissi hvað hún var að segja. Leiðindi, einhæfni, koma málinu ekki við.

Borgarbúar eru komnir lengra í burtu frá náttúruöflunum. Borgarbúar hafa lagt milli sín og náttúrunnar tæki sín, raforkuver, bækur, malbik, steinsteypu. Aðkomumaðurinn í dreifbýlinu litast um og svo útskýrir hann það sem hann sér eins og skýringar skipti máli. Í Súðavík hafa menn nú kosið að læra af reynslunni að hætti þéttbýlismanna; byggðarmenn hafa flutt byggðina nægilega langt inn í fjörðinn til að vera vissir um að fjallið hrynji ekki í höfuðið á þeim á ný fyrir óvaskulega smíðagerð náttúruaflanna. Hvers vegna að flytja ekki lengra burt? Inn í Skutulsfjörð? Já, eða suður? Eitthvað þangað sem náttúruhamfarir ná ekki að festa í mönnum klærnar. Svarið er þetta: menn sem sífellt hafa orðið að laga sig að ófyrirsjáanleika náttúruaflanna leita uppi jafn ótryggan förunaut hvar sem þeir fara; handfljótir og samlyndir sjómenn undir stjórn eins manns sem etur þeim út í óvissuna fyrir aflavon líta lífið ekki sömu augum og réttir og sléttir borgarar. Hér er dauðinn í ætt sérhvers manns. Og þetta er ættrækið fólk.

Þess vegna hafa menn reist hús sín undir fjallsegginni hér vestra, rétt eins og þar sem opnara er. Borgaraleg smásmygli gagnvart lífi og heilsu brýtur í bág við upplag fólks sem aldrei gerir neitt nema af nauðsyn. Því er ögrun að vera kallað að heiman þegar útreikningar mæla svo fyrir að viðveran sé komin yfir tilskilin hættumörk þeirra fyrir sunnan. Fjallið, sem hætta stafar af,

á sinn hlut í lífi og heilsu manna hér fyrir vestan, og Vestfirðingar móðga ekki fjöll, jafnvel ekki með kveðskap. Það er líka Vestfirðingum heldur hláleg landafræði sem segir að það eitt að færa sig úr stað geti orðið til þess að landslagið reynist annað en var. Allt nema það sem augað nemur situr við hið sama fyrir þeim sem hefur alist upp við svo stór fjöll sem þau vestfirsku, jafnvel þótt hann flytji til Ástralíu. Þau koma á eftir.

Þegar við handlönguðum á milli okkar altarið í hriðinni eftir minningarathöfnina um Súðvíkingana sem fórust, til að koma því fyrir í sal menntaskólans á ný og ég fann krossviðinn taka í sig rakann undan klökugum hönskunum, þá fann ég hlátur seitla innra með mér eins og snjóbráð; rétt sem snöggvast, óviðeigandi og vanmáttugt lífsmerki sem hæddi sjálft sig frammi fyrir vélrænni endurtekningu og hörku, hörku, hörku. Grimmdin er afsprengi harðneskjunnar, fylginautur hugleysis og dauða. Líf, hvað ert þú að gera hér í afkáraskap þínum? Uppi í fjalli sligast raflína undan ísingu og þér verður svart fyrir augum. Þannig fer um líf þitt.

Ekkert nema sársauki getur fært manni í lífshættu heim sanninn um að líkaminn sé annað og meira en tæki. Lífið er hugurinn hvort sem hann er mótaður af hugtökum, atburðum eða að mestu af staðháttum eins og fólks hér vestra. Á hættustund vaknar ótinn ekki fyrr en hugurinn bilar í trúnni á þau form sem hann þekkir helst, finnur að þau fá ekki lengur staðist. Þegar kunnugleg viðmið eru um það bil að víkja eins og svikull vinur á þeirri stund sem hann rennur saman við sviplausan múg. Þá upphefst æðisgengin leit að nýrri festu. Þá verður vissan um að tækið, líkaminn, sé að bregðast að stríði. Dauðastríði.

Líkaminn bilar. Hálfra ævina hrörnar þessi fylgikvilli lífsins, líkaminn. Og þegar vitið tekur að bila byrjar hugurinn að deyja og þar með maðurinn. Handan þess skjólvirkis sem hugurinn er grefst maðurinn í lævísan dauðabeyg eins og snjó.

Ég hef setið í morgun við tímavélina, fastur í augnablikinu. Úti geisar veðrið. Drengurinn er kominn á stjá, klukkan er nærri eitt. Verfall kennara. Hann verður að komast út, er með hjartslátt í fótunum, segir hann. Hann hefur fundið ráð til að gera sér dagamun þrátt fyrir ófærð, fannfergi við allar dyr og skófluleysi;

nota okkur heimsendingarþjónustu Frábæjar á vélsleða, veitingastaðar á eyrinni. En þangað er of langt. Og einu verslanirnar í Holtahverfi eru í norðurjaðri hverfisins, í stórrí skemmu. Þangað kemst ég varla gangandi gallaður frá toppi til táar á mannbroddum með bakpoka og göngustaf. Og hann alls ekki. Ég læt drenginn um að lifa í voninni.

Utan við gluggann á herbergi hans er ekkert veður því fönnin byrgir alveg fyrir gluggann og nær upp á þak. Hitaústreymið hefur myndað geil við gluggann. Drengurinn gallar sig upp, skrífar laust stormjárnið á opnanlega glugganum og skríður út. Búinn húfu og snjógleraugum treður hann sér milli skaflsins og gluggans út í hríðina, gegnum holu og upp á flatt húspakið. Frá glugganum neðanverðum til jarðar er faðmlengd mín þegar allt er með felldu, en nú sé ég síðast undir stígvélið hans þegar hann yfirgefur húsið. Ég sæki eldhússtól og stilli honum upp í forstofunni hinum megin í húsinu handa honum að stíga á þegar hann hefur brotist yfir þakið og losað klakahröngl frá útihurðinni. Stabbinn í dyrunum nær uppfyrir miðja hurð og er orðinn harður eins og gifsklumpur. Hann hefur sannfærst um að betra er inni en úti. Og þegar ég hef tekið á móti honum af eldhússtólnum og hjálpað honum úr gallanum fær hann að horfa á myndband.

Við lifum í ólíkum heimum, ég og hann, þrátt fyrir nærveru hvors annars að staðaldri. Hér á Ísafirði hefur hann átt heima hálfa ævina, en ég tíunda hluta minnar. Honum er það pítsa og myndband sem mér eru hugðarefnin við tölvuna. Loks fengum við tækifæri til að kynnast eins og tveir menn, í friði frá skólanum; ríkisforsjóni sem einokað hefur uppeldi hans frá því hann var sex ára gamall.

Snjórinn er ástand og kannski ekki sem verst. Ég vildi að vélin gæti borið mig burt en það getur hún ekki. Ég sit og mæni á skjáinn, tákn á gráum fleti, og á letur austanvindsins og útsýnið er í þann mund að glata allri dýpt. Ég reyni ekki að ráða þessi tákn, lesa í óendanlega fjölbreytnina. Þá gæti farið svo að hugurinn þekkti ekki lengur mun á sjálfum sér og formum sem eru engin form heldur formleysa og svipleysa þegar til kemur.

Ef um of er einblínt út fer maður að leita reglna í sértækri myndgerð rappsins á gluggunum, fannanna utan við. Hugurinn er afsprengi reglna og nærast á reglum og hvað leiðir þá af slíkum hugleiðingum nema nýjar reglur sem eru rugl því ekkert vit er í þessum formræna óskapnaði. Þar með týnir maður sjálfum sér, verður einn með veðri og snjó og kulda sem sest hefur í beinin og lagst fyrir brjóstið og sýlt hverja hugsun lengur en maður man. Þegar svo er komið hefur sá maður sem inni sat og spáði í veðrið breyst í snjómann sem einn dag í ljósaskiptunum kemur á gluggann hjá þér.

5. Sátt

Það er friðsælt veðrið núna eins og reyndar oftast hér í firðinum, hvað sem við kemur stórvíðrum undanfarinna vikna. Nú er logn. Heldur kalt. Sér vel upp á efstu brúnir, upp fyrir gráa skýjahuluna. Kominn að sunnan eftir viku dvöl. Flaug báðar leiðir þó mér leiðist það. Bíllinn stendur úti á götu. Bensínlykt af höndunum á mér eftir að hafa sett á hann úr brúsa sem ég fékk að láni á stöðinni inni á Eyri þangað sem ég gekk í morgun til að ná í bensínið. Keypti skóflu í stað þeirrar sem varð eftir suður á fjörðum fyrir rúmri viku. Vegagerðarmenn drógu bíllinn upp á veginn eftir að veðrinu slotaði, tveimur eða þremur dögum eftir að ég yfirgaf hann. Ég hafði sannfærst um að ég sæi bíllinn ekki aftur, en vindur og snjór höfðu haldið honum skorðuðum í brekkunni þar sem ég yfirgaf hann. Ég fékk kunningja minn á Ísafirði til að sækja með mér bíllinn suður í Kambsnes. Nú stendur bíllinn rafmagnslaus úti í götu. –

Ég leitaði til lögreglunnar á Ísafirði eftir aðstoð við að koma bílnum heim. Ég hringdi að sunnan og spurði hvort þeir myndu ekki verða á ferðinni um Kambsnes, sunnan við Álftafjörð, á næstunni. Hvort þeir gætu ekki gefið start eins og það er kallað fyrir vestan. Ég hafði skilið bíllinn eftir með ljósum og hann hlaut því að vera rafmagnslaus. Varðstjórinn svaraði að það væri ekki hægt, það væri svo mikið af viðkvæmum tækjum í lögreglubílum,

ratari og þesskonar, lögreglan mætti ekki nota startkapal. Ég spurði hvort þeir gætu ekki dregið bílinn í gang, en það var ekki hægt heldur, slíkt væri bannað með lögum, svo mörg óhöpp og jafnvel slys hefðu hlotist af að ekki væri lengur leyfilegt að draga bíla. Þá spurði ég hvort varðstjórinn gæti bent mér á einhvern í Súðavík sem gæti aðstoðað, en það gat hann ekki, að sögn hans. Og ef ég fyndi einhvern sjálfur myndi hann áreiðanlega vilja borgun. Svörin voru öll mælt fram í styttingi og enn skemmtilegri en ég hafði búist við. Ég hafði átt von á viðbrögðum í þessum dúr en hringdi samt fyrir forvitnis sakir. Á Ísafirði ónáða menn ekki lögregluna ódrukkniir en eiga svo þeim mun meira óuppgert við hana ef illa svífur á þá. –

Úti á skóflunum hér heima við heyrði ég fuglasöng áðan og á leiðinni heim í strætó sá ég að á vökinni framundan Tunguá var talsvert af fuglum og ótvíræður vorkeimur af háttum þeirra. Vissulega hefur snjórinn minnkað á þeirri viku sem liðin er síðan ég var hér í firðinum síðast. Götturnar eru orðnar greiðfærar og hraukarnir á gangstéttunum minnka dag frá degi. Mokstursvélar hlaða vörubíla snjó sem fluttur er niður í fjöru og þar hafa nú hlaðist upp leirbrúnir haugar. Þegar flutningabílarnir aka fyrir hornið hér fyrir neðan sé ég þá úr vinnuherberginu speglast í stofuglugga húss handan götunnar.

Ég mokaði stabbann frá dyrunum með nýju skóflunni, leifum síðasta óveðurs, mokaði svo lítið sem ég gat komist af með, gerði þrep, en áður stíg að dyrunum. Hvernig getur nokkur maður haft gaman af því að moka snjó?

Á Ísafirði verður þú að kallast á við vit í ókunnugleikanum í þeirri von að þú fáiir svar sem þú sjálfur skiljir. Þá líklega helst mennskra manna. En það er engin hefð fyrir því að tala við fjöll hér í firðinum, hvað þá við hafið. Og því svífa engin orð yfir fjöllum hér um slóðir. Hafi svo verið einhvern tíma þá hefur barningur daglegs lífs stýft vængi þeirra orða. Breyttir tímar hafa þá troðið þau niður í jarðveginn. Aðeins sinnulaus, vitlaus þeysingur vélsleðamannsins af einni hjarnbreiðunni á aðra markar mannlífínu núorðið slóð um firnindin hér ofan við fjörðinn og byggðina.

Á Ísafirði verður því að hefja landnám orða. Mönnum verður að lærast að líf og vit eiga ekki óhjákvæmilega samleið. Annað fylgir ekki hinu eins og rakki húsbónda. Það er svo langt síðan orðum hefur verið gefið frelsi hér um slóðir að ummerki þeirra finnast aðeins í jarðvegi og berglögum stirðnaðra venja í huga og reynd; eins og steinrunnar trjáleifarnar sem fundist hafa við gangagerðina. Steinrunnin orð. Sá sem alltaf lifir fyrir nauðsyn eina lifir án vits og hugar.

Hvað getur svínbeygt vit ef ekki fjöll eins og þau sem umlykja mannfólkið hér í firðinum? Eftir langan vetur situr frumkrafan ein eftir, að hafa það af frá degi til dags. Halda í horfi. Við svo búið er mannlífið ekki lengur samspil vitsmuna og þess óþekkta heldur glíma þarfarinnar fyrir óbreytanleika við tilviljanir. Við duttlunga náttúruaflanna eins og menn orða það í viðleitni sinni að gera því upp mennska eiginleika sem þó er ekki mennskt. Hér standa menn með veðurspár einar að vopni frammi fyrir blindu samspili náttúrukrafta.

Konan er komin aftur og hefur lokið við nýja peysu á stelpuna fyrir sunnan. Stelpan spókar sig í peysunni nú að morgni dags, fimm ára gömul og fallegri en nokkru sinni fyrr. Utan við gluggana skín skær, hlýjulaus morgunsól sem þó boðar varma upp úr hádegi og á að endast, jafnvel fram á þar næsta dag. Þá á að hefjast þriðja þrep hlákunnar, hin tvö skiluðu árangri en svo fylltist fannakistan á ný á tveimur og hálfum sólarhring. Ég bíð eftir að maður komi að gefa bílnum start því bíllinn hefur ekki verið góður í gang undanfarið. Startarinn verið blautur og hrakinn. Hér rekur alltaf til þess að einn maður sér um hvert verksvið og ef það á að vera start þá er að tala við Jón í Pólnum. Þeir hjá fólksbílastöðinni, svokallaðri, koma ekki nálægt slíku var mér sagt þegar ég hringdi þangað og var vísað á Pólinn og Jón.

Drengurinn hefur fullorðnast á undanförunum vikum, sjálfsöryggið er meira, án tilgerðar eða ósvífni. Eftir að við komum suður, ég og hann, var hann suður á nesjum hjá frændfólki sínu og hefur haft gott af dvölinni. Verkfallið hefur haft minni áhrif á hann en marga aðra krakka og unglunga hér í byggð. Ég veit af

reynslunni að margur unglingurinn sneri til náms líkt og væri úr betrunarvist.

Einæðið, fylgikvilli þess að búa í þröngum firði við fátt annað en nauðsynjar, verður aldrei eins áberandi og í lognmollu snælandsins þegar hríð næsta dægurs dugar um það bil til þess að gera að engu afleiðingar hláku dagsins á undan. Fásinnið skapar mönnum skilyrði til að lifa í fortíðinni, hrindir þeim jafnvel til móts við óuppgerð einkamál af því tagi. Allir menn vefa nútíð sína í vefstól eigin bernsku. Á líðandi stund framfylgjum við mynstri sem okkur hefur orðið tamt strax á fyrstu æviárunum sjálfum okkur og öðrum til böls eða blessunar. Manni sem á fullorðinsárunum er grafinn í fönn vikum og mánuðum saman verða svipir fortíðarinnar að áreiti ekki síður en hversdagsverunnar. Líðandi stund, sem ætti að sveigja hugann til fylgilags við sig, snýst á annan veg og tekur að stilla sér upp til samræmis við huga hinna innilokuðu og nærvera annarra manneskja hættir að skipta hvern um sig máli fyrir annað en einleik eigin tilfinninga. Nútíðin leggst í dvala og fólkið í skaflinum hættir að gera ráð fyrir sambýlingunum til annars en skipa hlutverkin sem minningar kveikja af sér.

Og þá er stutt í að þunglyndi spennir allt sínum köldu greipum. Reimleikar sálarlífsins taki völdin. Fólk tekur að hrærast hvað innan um annað í skilningsleysi og ótta. Í stað hóflegs samlyndis er komin grimmileg hvefsni; samskiptahátturinn verður stuttaralegar blælausar athugasemdir sem lexían hefur kennt að eyða beri sem minnstri atorku í. Þá getur svo farið að sinnulaus ragmennska stjórnist af hræðslu við að inn flæði snjór, mikið af hrollköldum snjó, ef á annað borð er reynt að sporna við ástandinu. –

Hvernig stendur á þessum harðindum? Hvers vegna er grafin í snjó svo mánuðum skiptir sú tillífun manna og menningar sem við köllum Vestfirðinga, og alltaf fyrir vindstreng úr sömu átt? Vísindamenn segja ástæðuna mengunaráhrif sunnan úr heimi sem valdi keðju orsaka og leiði til þessarar niðurstöðu. Á sautjándu öld var syndum mannanna líka kennt um erfitt árferði, veturna Lurk og Píning. En rökkin nú eru eins og við er að búast, meira sannfærandi en hin guðfræðilegu fyrr á tímum þótt syndaaflausnir kunni að

vera jafn langt undan landi. Hin nútímalegri rök eru þessi: hækkandi lofthiti, fyrir mengunaráhrif, bræðir jökullinn handan hafsins norður af Íslandi hraðar en við eðlileg skilyrði. Af þessari ástæðu er kaldur yfirborðssjór norður af landinu með meira móti og hann byrgir inni varma golfstraumsins. Þetta varmateppi okkar hér á norðurhjara, sunnan úr höfum, golfstraumurinn, nýtist okkur samkvæmt þessari kenningu ekki með sama hætti og áður. Sé röksemdafærslunum trúað vaknar gömul guðfræðileg spurning, sem þrátt fyrir allt kann að eiga rétt á sér: Eiga allir að bera fyrir einn og einn fyrir alla þegar að syndum kemur? Eða hvers eiga Ísfirðingar að gjalda?

Nú skín sól; fölblá heiðríkja vottar um raka í lofti. Og því lengra sem kemur í almanakinu þeim mun fremur hefur sólbráðin undan. Og er á meðan er.

6. Á suðurleið

Febrúar 1996

Ég hef borið með mér, þetta hálfá árið sem liðið er síðan ég flutti að vestan, ósýnileg merki um búsetu í þröngum firði í fimm ár. Hugurinn snýst um sjálfan sig innan settra marka sem engin orð ná til, – enda hefur ekki reynt á það að ráði. Í gömlum heimildum segir af sturlun sem henti að yfirkom unga sem aldna í afskekktum byggðarlögum landsins fyrr á tíð. Dæmi eru um að menn tækju allt í einu strikið þaðan sem þeir stóðu og hlypu yfir stokka og steina. Jafnvel í aðrar sveitir eða inn á fjöll og öræfi, og voru þá stundum eltir uppi og náðust örmagna og jafnvel ærir. Þegar af þeim bráði höfðu þeir jafnan sömu sögu að segja, að þeir hefðu séð einhvern sér nákominn fara á undan sér með boðum og bendingum um að þeir eltu og hefðu þá ekki annað getað. Helst skýrðu menn þessi ólíkindi með því að álfar hefðu verið að glepja fyrir fólki.

Ég stend með þjóðtrúnni því það voru ættarböndin sem drógu okkur suður, mig og fjölskylduna, og hefði ekki annað þurft, enda er ég Reykvíkingur og við öll fjögur nema kannski stelpan sem var eins árs þegar við fluttum vestur. Við hlupum ekki, heldur ókum,

og áreiðanlega öll með fyrir hugarsjónum mannlegra og kunnuglegra samhengi en hafði haldið aftur af okkur árin á undan, – nema kannski stelpa sem sagði þegar suður var komið og ég benti á Esjuna, formprúða og mátulega langt í burtu: Já, en hvar eru fjöllin?

Unglingur gekk ég á blankskóm mér til hressingar á Esjuna í hríðarmuggu í janúarmánuði, leiður á námsbókum, sannfærður um að fjöll væru tákni um frelsi, um einingu himins og jarðar. Í þeirri trú lifði ég fjögur fyrstu árin fyrir vestan en lærði svo að umgangast vestfirsk fjöll. Ekki af þeirri ró hugans og lygnu sálarlífsins sem einkennir innfirðina vestfirsku og Vestfirðinga sjálfa, heldur af ásetningsaga og viljafestu manns sem borðar 25 egg á tíu mínútum fyrir það eitt að hann hefur asnast til að segjast geta það. Bak við sjúkraskýlið í Mánagötu á Ísafirði voru skúrar á síðustu öld og í skúrunum geymdir vitleysingar, líklega einhverjir þeirra verið sóttir eftir tilgreind hlaup vansælunnar út að sjónarrönd, og urðu bæjarbörnum áminning um að jafnlangt er til himins af fjallinu sem úr flæðarmálinu. Ég lærði þá lexíu fyrir vestan þótt síðar væri.

Á fimmta ári meðal vestfirskra fjalla kenndu þau mér að þegja. Úr því fór ég, eins og aðrir sem meðal þeirra dvelja, að una sémilega við minn hag, upp á vestfirskan máta. Svo miklu varðar að komist sé í gegnum daginn ærslalaust við vestfirsk kjör að náttúrlegt myndríki hugarins verður að víkja fyrir svipleysi og hörku grjótsins. Sá sem reynt hefur að hraða sér yfir urð veit hvað ég á við. Gerðu allt fyrir vestan nema æsa þig. Og umfram allt gleymdu ekki að ómennskir berggrisar stjórna lífi þínu, ekki bæjarstjóri eða byggðastefna, hvað þá valdboðar fyrir sunnan. Menn sem líta af jafnlyndi til lofts þegar þeir heyra niðinn frá flugvél í hríðarmuggunni og sjá vélina bera sem snöggvast veikburða við svarthvíta mynd fallsins á leiðinni hálfhringinn fyrir fjarðarbotninn til þess svo að demba sér niður í fjöruna þar sem flugbrautinni hefur verið tyllt undir brattri hlíðinni, – menn sem halda ró sinni við þessa sjón og af hversdagsgráu jafnlyndi hafa yfir tölfræðina að þetta heppnist ekki í hundraðasta skipti fyrst það

hefur tekist í öll hin, – og skreppa svo suður í helgarfrí með næstu vél; slíkir menn teljast fullnuma í vestfirsku jafnaðargeði.

Vestfirðingar trú á tækni, en fyrir sjónum aðkomumanns er furða að menn skuli komast upp með að halda við samgöngum með sömu tækni og bjargfuglinn. Í fyrsta sinn sem ég heyrði vélina að sunnan nálgast einbýlishúsið sem við leigðum í Holtahverfi inn af firðinum var ég staddur á garðflötinni bak við húsið. Ég hélt þá að vaxandi drunurnar kæmu frá stórum flutningabíl sem silaðist upp götuna framan við húsið, hlaðinn búslóð einhvers sem væri að flytja eins og ég hafði nýlokið við að gera. Svo birtist flugvél milli Kubbands og íbúðarhússins og ég sá ofan á vængina báða og hliðarstélið meðan vélin skreið yfir hálsinn sunnan við hverfið, nógu lágt til að geta dembt sér niður á flugbrautarendann í fjörunni handan við voginn. Tölfræðin er Vestfirðingum ekki alvörumál heldur rúllettan.

Bíllinn sem kom til að sækja búslóðina í hverfið þegar ég flutti suður var svo stór að ég hafði aldrei séð annað eins. Stoltir, glaðbeittir hleðslumenn, sem bílnum fylgdu, sögðu mér að aðeins einn annar svona stór bíll væri til í landinu. Á Hornafirði, líkt og til jafnvægis. Búslóðin hafði þanist út frá því við fluttum vestur af þörf okkar á að sýnast vera til í öllum tröllskapnum, en nóg pláss var samt fyrir öldullur Ísfirðinga sem fluttar voru suður í plastpokum við þetta tækifæri. Af sambýlinu við þær í rykþéttum fullkomleikanum leiddi lykt sem sló fyrir brjóst mér fyrir sunnan þegar hurðarhlerunum var slegið upp á vagninum í þröngri götunni þar sem setja átti saman hið nýja heimili; það var engu líkara en verið væri að flytja ölkrá. Ég flaug á ný vestur að kvöldi og upp úr hádegi daginn eftir ókum við af stað fjögur í Lödunni okkar rauðu eftir nokkrar ferðir á skipaafgreiðsluna með rest og afgang af restinni í skotti og aftursæti. Ókum vesturleiðina enda hafði ég um vorið fengið mig fullsaddan af Djúpveginum.

Við ókum um fjallvegi þar sem enn voru mannhæðardjúpir skaflar nú í ágústbyrjun, lotlegir í vegköntunum af sólbráð, og svipir hjá sjón síðastliðins vetrar. Fórum sem leið lá framhjá Holti þar sem er undirlendisspilda og um tvo fjallvegi í viðbót, sem ég reyndi að aka eftir minni að hætti heimamanna. Leiðin lá um hlað

á Hrafnseyri þar sem ég hef komist næst 19. öldinni um mína daga. Hvað eru leikir Skagfirðinga á Glaumbæjartúni um sláttinn hjá raunveruleikanum á Hrafnseyrarhlaði 17. júní? Þann dag fyrr um sumarið stóð ég einn þarna á hlaðinu meðan verið var að flytja hátíðarræðuna inni í opnum salarkynnum í nýbyggingu staðarins, mátulega fjarri til að heyra aðeins nið af máli ræðumanna og þá fann ég Vestfirðinga.

Snjór var að mestu horfinn af láglandinu á þessari stundu sem ég stóð þarna á hlaðinu, en það var afar kalt. Framundan lá breiður Arnarfjörðurinn og bólgirnir skýjabakkar yfir fjöllunum. Allt meira og minna blátt, og af því tagi sem ekki fylgir hitastrengur; engir fjólubláir draumar eins og stundum yfir Akrafjalli og Skarðsheiði. Hvítkembdar öldur hér og þar. Að baki niðurinn frá mannsröddum, undarlega hjáróma seiður. Ekki vottur af tilgerð eða ágengni, aðeins skyldubundin, næstum meðvitundarlaus tryggð við eitthvað sem ég myndi aldrei geta tileinkað mér þótt ég kembdi hærurnar í þessari byggð; við hina staðbundnu harðneskju sem heldur öllu umhverfis föstu í greip sinni. Ég sannfærðist óafturkallanlega um að leiðindi eru tuttugustu aldar uppfinning. Hér gilda skyldur einar. Engin merki að sjá um frjálsan vilja, um einstaklingshyggju samkvæmt fræðunum, hvað þá hugkvæmni, en aftur á móti um úthald sem endist svo lengi sem staðhættirnir sem við mér blasa.

Það breytti engu um þá krafta sem hér voru að verki að húsið á bæjarhólnum var nýtt og reisulegt. Myndin var sú sama. Ofar í varpanum voru torfbyggingar að rísa eins og þær væru alvara málsins, en ekki ný húsakynnin þar sem hátíðin fór fram. Klæðnaður fólksins var jafn marklaus í þessu samhengi öllu og nýbyggingin; mér þótti ég jafnvel sjá bregða fyrir svartklæddum konum með sjal og kollhúfu; körlum í grófsniðnum vaðmálsfötum. Og því líkast sem vatnsþynnta alvöru í skýrum, einföldum andlitsdráttum.

Vegna þess annmarka míns að geta ekki aðlagast meðal manna gekk ég því næst í nepjunni um kirkjugarðinn, haldinn af bláum lit og gráum eins og sál úr nýdaudum manni sem finnur sig með engu móti við nýjar aðstæður framlífsins. Og mér var kalt. Enginn veit hvað kuldi er fyrr en hann hefur búið þrjá mánuði í snjóskafli. Ég

prófaði þetta með afturgönguþilfinninguna í kaffinu á prestsetrinu á eftir innan um glaðbeitta menn að tala um lífsbjörgina í beinu framhaldi af dagatali nítjándu aldar. Stund milli stríða sem ekki snart mig með neinu móti.

Það er grynna á hinum upprunalega Íslendingi á Vestfjörðum en annars staðar á landinu og nú er ég ekki að tala um skáldarómantik heldur mannfræði. Skoðið myndasafnið á Hrafnseyri. Fátt er eins skemmtilegt og gamlar mannamyndir. Þeim er stillt stækkuðum upp í dálitlu safnrými á efri hæðinni, jafn hendingarkennt og annað sem Vestfirðingum verður að minnum frá liðinni tíð enda er þjóðarsagan þeim ekki fræðigreinin heldur hversdagslegt stúss á liðandi stund, óljós nútíð það sem víðast hvar annars staðar á landinu er þessi árin að komast til virðingar á byggðasöfnum. Við fyrstu kynni virðast sum þessara andlita fyrri tíða Vestfirðinga engum lifandi manni lík; þau eru meira öðru vísi en sem nemur muninum á Lappa og Íslendingi. Sjáið til dæmis einkennilegt svipmót afmælisbarnsins sjálfs, Jóns Sigurðssonar, sem með leyfi að segja hefur alltaf minnt mig á fresskött á myndum. Annað þessu líkt. Og hvað gerist: í kaffinu hjá prestinum – sem ég reyndar sá ekki þar – gæðir einn gestanna sem snöggvast endurnýjuðu lífi manngerð sem ég taldi útdauða eftir að hafa skoðað myndasafnið á loftinu.

Þessi tilfinning um smæð, að enginn einn skipti öðru máli en aðstæður þjóða þá stundina, að það sé hægt að skipta um mann í hverju rúmi hvenær sem er. Drúpanði alvörufullar konur og glaðbeittir karlar á hægum lestargangi heim til bæja, móleitt fólk og svart, með einhverskonar skóblöðrur á fótum, og klæðisdruslur um herðar og höfuð, álútt gegn svellandi vindinum sem skók bílinn við brottförina líkt og gerningar væru, sem myndu þá og þegar kasta okkur óafturkallanlega inn í þessa tíð sem enn gekk sinn lestargang vestur á fjörðum þennan 17. júní dag. Sá sem vill upplifa þjóðhátíðina í alvöru (engar pulsar, engar blöðrur, enginn kokteill) ætti að verja þeim degi á Hrafnseyri við Arnarfjörð, – í afmæli hjá Jóni Sigurðssyni.

Við geystumst nú fram hjá Hrafnseyrarsetrinu á suðurleið, þessari síðustu í Vestfjarðardvölinni, við vorum að reyna það sem

enginn heimamaður trúir að sé mögulegt, losna undan álagaham fjalla sem engu mannlegu tali taka. Handan fjarðar bjó einsetumaðurinn Gísli á Uppsölum í Selárdal þar til fyrir fáeinum árum sem frægur varð að endemum fyrir þaulsetur sínar í heimahögunum. Og í sama dal einnig Samúel Jónsson sem reisti draumum sínum hallir á bæjarhlaðinu, – ein aðferð til að brjótast undan ofurvaldi fjallanna er að láta eins og þau séu ekki til.

Á hlaðinu við Mjólkársvirkjun inni af Arnarfirði tóku á móti okkur illskufláir hundar, þegjandi, laungrimmir, og við afréðum að geyma okkur áninguna þangað til handan heiðar enda voru regnskýjadrög tekin að hlaðast upp á himninum. Á fjallveginum sem við tekur ofan við Arnarfjarðarbotninn er varla stingandi strá. Jarðvegurinn er ljósleitur, í minningunni allt að því gulleitur, og stærðarhlutföllin milli bíls og heiðar geta leitt þanka ökumanns að járnsmiði á stefnulausum hlaupum. Yfir situr krakki með steinvölu í hendi og gerir upp við sig af takmörkuðu viti hvort eigi að láta detta eða ekki. Svo skiptast leiðir, sú til hægri liggur um rökkurfulla gljúfraveitu niður í fjörðinn í norðri. Sú til vinstri liggur suður um skarð sem storkandi blasir við fyrir ofan okkur eins og til að reyna á þá sannfæringu okkar að þar liggi leiðin í hundrað þúsund manna byggð sem við ætlum að ná að kvöldi.

En mikið rétt við erum á réttri leið, í rigningunni sem skollin er á, silumst við niður grónar hlíðar fjarðar handan við skarðið og sjáum til hafs sunnanvert við Vestfjarðarskagann. Svo ökum við um kjarrlendi þar sem stendur byggð sumarhúsa. Ætlunin er að fara yfir Breiðarfjörð með ferjunni og eftir að hafa staðfest tveggja tíma bið niðri á láglandinu hvíla þau hin sig inni á hóteli, endilöng í setustofunni, við litlar vinsældir gestgjafanna, en ég fer í sund í regnsallanum, bak við skíðgarð í kjarrgróðrinum, ásamt nokkrum ungmennum sem fylgja lífstíl sem kenndur var við Flugleiðir, svo við Strandverðina og nú við hvað? Skjá eitt?

Og svo er það ferjan, vindsveljandinn, blár kuldinn, regnhryðjurnar. Vatnsskreip, svört sker þar sem sitja ótal fuglar, næstum lóðréttir og háleitir að hætti sjófugla. Við komum okkur fyrir í flugvélastólum meðfram síðu skipsins, stellingin er andstæð fuglanna. En svo fer ég upp á þilfar með stelpuna í fanginu sem er

nógu ísfirsk til að láta sér hvergi bregða, og sýni henni þennan undarlega heim sem við blasir, eyjar út um allan sjó og meira að segja hús eins og hvítar skellur á einni eyjunni. Umhverfis á þilfarinu spígspora útlendingar í regnstökkum, sperrtir eins og sjófuglar.

Það er tekið að kvölda þegar bíllinn tekur dýfuna upp á bryggjuna í Stykkishólmi og á leiðinni gegnum bæinn um flatlendi sem við tekur fellur rökkrið yfir. Í skarðinu er líkt og þoku sé blásið gegn okkur. Síðasti fjallvegurinn. Svo er orðið alveg úrkomulaust og við tekur akstur, sem virðist endalaus í kolsvarta myrkri, beinan og sléttan veg ofan Mýrarnar, og silfurlitar vegstikurnar geystust hjá reglubundið eins og loftsteinaflug í geimsiglingu. Framundan hvít ljósinn í Borgarnesi. Þegar við loks komum þangað snerumst við nokkra hringi kringum greiðasöluna en höfðum ekki annað upp úr því en þvottakonu sem sagði allt lokað. En þessi hringsnúningur var fremur gerður af þörf fyrir tilbreytingu en annað.

Við ókum Hvalfjörð. Þvílíkur kreppingur hlýtur það að vera að aka undir djúpan fjörðinn, hugsaði ég eftir fréttum og minntist samræðna í Árholti, við eldhúsborðið hjá jarðgangastjóranum í næsta húsi um hvar næst yrði grafið að loknum Vestfjarðargöngum.

Í íbúðinni var þriðjungur meira af húsgögnum en þar rúmast og leiðin inn eins og gegnum þyrnigerði. Klukkan var að ganga þrjú þegar við komumst undir þak, hver með sinn mal af lífsreynslu frá síðustu fimm árum til að vinna úr og hagræða til samræmis við það sem framtíðin ber að hendi. Hver fyrir sig hefur um sín orð. Börnin eiga tryggðarvini fyrir vestan og eiga eftir að brúa bilið milli þess sem var og hins sem nú er. Mér verður minnisstæðastur kuldinn og þrengslin.

Kuldi í öllu. Kuldi í mannlífi sem þrífst án þeirra aðferða sem Íslendingar annars staðar bera núorðið fyrir sig til að vitkast þrátt fyrir óhrjáleika umhverfisins. Kuldinn í landinu sem þegar er lagstur að ef dregur fyrir sólu eins og tortryggni þess manns sem aldrei hefur góðu kynnst. Kuldi híbýla sem ekki bara er bundinn kyndingu heldur einnig birtunni, grámuskulegum týrum sem

bregða nóturlegum blæ á litleysið sem mér sýnist heimamönnum vera helst að skapi innanstokks. Kuldinn í gróandanum sem ýmist sýnist vera að krókna í snjóbráð eða að verða örfoka fyrir skort á jarðvegi. En látum ekki glepjast; þar sem eru menn þar eru aðferðir og Vestfirðingar búa að langþróaðri, ósýnilegri tækni til að þrífast þrátt fyrir sambylið við voldugan andstæðing.

Og þrengslin. Útsýnið er takmarkað nema á einn veg, út fjörðinn til austurs fram á Djúpið og Snæfjallaströndina. Þrengslin taka einnig til tilfinninganna. Fjallaumgjörðin mótar hugann, gerir menn sterka, þröngsýna, hneigða til einstefnu. Hvergi á landinu þrífst karlmannleg einfaldni eins vel og fyrir vestan, – enda eru konur þar enn upp á gamla mátann, þær halda uppi málafylgjum en láta þeim eftir úrskurðin. Mannþröngin ákvarðar hug og vilja borgarbúans með neysluvenjum og tísku í lífsstíl; ofgnóttin veldur því að borgarbúinn hefur vara á sér við hvert val að ekki muni verða hið síðasta. Íbúi sjávarbæjarins byggir aftur á móti sitt hugarfar á takmörkunum sínum; honum lærist að nýjungar séu allar af hinu verra; best sé að halda því sem í hendi er.

Þeim fyrir vestan er því ekki sýnt um að bollaleggja málin heldur framkvæma og taka afleiðingunum. Þrautaúrræðið er að hugsa málin, svo seinlegt sem það er. Þeirra er trúin á styrkleika viljans, hins einbeitta ásetnings. Og umgerð þess vilja er óhjákvæmilega náttúrufar landsins sjálfs; ekki múghreyfingar og samfélagsmynstur eins og okkar hér fyrir sunnan. Einkennin verða óskáldlegt samlíf manns og náttúru. Úrræði vantrúarinnar á að mannlífi sé til lengdar lífvænt í faðmlögum við náttúruöflin. Afleiðingin er nirfilsháttur á tilfinningar sem löngum hefur einkennt Íslendinga þótt nú séu aðrir tímar. Og við blasir enn fyrir vestan.

7. Lokaorð um húfu

Danskur fjöllistamaður og ljósmyndari J.M. Simson, settist að um aldamótin 1900 í Ísafjarðarbæ. Simson þessi ástundaði ræktarsemi af nýstárlegu tagi langa ævi meðal Vestfirðinga. Það má kallast

táknrænt um þau vaxtarmögn sem eru þrátt fyrir allt að verki í vestfirskum byggðum að einn sumardag rak ljósmyndari annars héraðsblaðsins, Bæjarins besta, augun í krítarstytta af mannsbúk á malarkambi á Eyrinni og þekkti þar laskaða mynd úr garði Simsons inni í firði sem farið hafði undir snjóflóðið 1994. Styttan hafði verið skilin eftir í sjónmáli við heimili bæjarlistamannsins í Neðsta kaupstað, einu af elstu húsum landsins. Listamaðurinn skildi ákallið og nú stendur stytta endurgerð í garði Simsons á ný og furðu margt fleira af því sem þar var fyrir náttúruhamfarirnar. Umhverfis eru Ísfirðingar að hefjast handa við að endurreisa sumarbústaðahverfi sitt.

Morgun einn síðastliðið vor var ég á leið til kennslu út á Eyri, birtan var gul og glær og kulið sárbeitt þegar ég steig út fyrir dyr á heimili okkar í Árholti. Á leið minni í bílinn kom ég auga á húfu hangandi í runna við húsið; grábláu þrjónahúfuna mína; þarna dinglaði hún á brumlausri grein í svalanum og minnti á myrka stund í Kamsnesi á liðnum vetri. Ég varð sem snöggvast gagntekinn hrolli – vegna minninganna en einnig þeirra óvega sem liggja frá manni til manns.

Hafi þeir þökk fyrir húfina sem skilið eiga.

Megi þessi ferðasaga að vestan verða urt í garði Simsons.

Mallorka

Staddur í Alcudia á Mallorca í júníbyrjun, 1995. Hef dvalið hér í fimm daga. Hitinn þjakandi um miðjan dag. Allt sem maður snertir líkt og sveitt, óþjálmt viðkomu. Kannski er þetta bara óhreinindi. Fengum úthlutað íbúð í raðhúsi. Hverfið þar sem við búum er nokkrar götur á flatlendi, líklega um tveggja kílómetra vegalengd frá ströndinni. Fjarlægðin niður á strönd spilar minni rullu en mér sýndist í fyrstu því milli húsaranna í hverfinu liggja nægilega margar sundlaugar til að gestirnir geti þverfótað þar hver fyrir öðrum og sólað sig þegar þeim hentar. Þeir sem nenna ekki niður á strönd að sóla sig.

Hitinn gerir gestina framtakslausa. Þeir liggja eins og rækjur við laugarnar og sjá sér ekkert erindi til strandar. Ég var ósáttur við aðstöðuna fyrst eftir að ég kom, einkum vegna síkis í götunni framan við húsið sem fara verður yfir þegar farið er héðan og yfir í Miðstöð sem við köllum svo, því af síkinu stafar hætta fyrir börn og það er heldur óþrifalegt, að minnsta kosti tortryggilegt. Það er sefgrænt á litinn og hvergi sér til botns.

Híbylin eru vel við unandi. Hér inni ríkir kyrrð og friður, – að undanskildum ýfingum milli okkar hjónanna. Handan síkisins, í átt að Miðstöðinni, er víst varla íbúð þar sem ekki niðar í eyrum skvaldur frá lagunum. Verstur er hávaðinn í næsta nágrenni við þjónustumiðstöðina því að þar milli íbúðarhúsa er stærðar útveitingastaður, auk lauganna sem eru tvær, og útvarpað allan

daginn poppi úr hátölurum. Og er þó aldrei verra en á kvöldin því að þá eru flutt þar á palli skemmtiatriði til miðnættis.

Í svalanum á kvöldin er best að vera á ferðinni fyrir þá sem ekki eru haldnir þörf fyrir að verða brúnir á litinn. Það er líka fullorðinslegra að vera úti eftir að fer að dimma. Við höfum farið einu sinni niður á strönd, til sílaveiða með börnin. Yfirleitt sýnist mér mest gert fyrir börn hér í ferðamannahverfinu og svo þar á eftir mest fyrir eldri borgara sem svo eru kallaðir. Þeir eldri hafa samkvæmt þjónustunni þörf fyrir framhald bernskuleikjanna eftir langt og vinnusamt hlé. Konur þrífast hér í vellíðunarfantasíu, óháð útliti og vaxtarlagi. Karlar sýnast mér aftur á móti eiga örðugra með sig, kannski helst fyrir það að þeir hafi látið hafa sig út í ferðalagið um efni fram. Og allir eru þreyttir nema ungviðið, það er bara þreytandi.

Ferðaskrifstofan hefur ofan af fyrir gestunum, svo verklega að minnir á sumarþúðir fyrir börn. Skemmtanir sem ætlaðar eru fullorðnum eru afar staðlaðar og raunar útþynntar, einkum kynningar á menningu heimafólksins, allt að því smáarlegar fyrir þann sem minnst samskonar skemmtana frá því fyrir aldarfjórðungi eða svo. Mér reynist þessi útþynning hin sama hér og heima á Íslandi í kynningum á fyrri tíða síðum og vitnar líklega um almenna þróun hvarvetna, – en ekki meira um það.

Ég hef lítið synt, þykir vatnið of kalt eða óþreyjan er of mikil. Vænti að meira verði.

Í dag fórum við á ströndina og lágum þar í sólinni. Við fórum einnig í skoðunarferð út á flóann. Gluggar voru á botninum á bátnum. Við sáum því sjávarbotninn eins og ráð var fyrir gert. Vatnið afar tært. Smáir fiskar á sveimi eins og skuggar í grænu djúpinu og stöku sinnum aðrir stærri, en ég sá engan stóran. Drengurinn sagðist hafa séð hákarl. Mikill, grænn þaragróður. Sigldum út fyrir Alcludia-höfða og svo til baka. Stelpan sofnaði. Ég tók því leigubíl þennan spöl neðan af ströndinni.

Vorum á ströndinni í um klukkutíma áður en kom að ferðinni, ég óð en synti ekki. Þau tvö syntu. Sú litla lék sér í sandinum við hlið mér.

Skapið betra í dag enda samkomulagið betra.

Gekkk einn dag um höfuðborgina Palma. Gömul borg með öngstrætum. Fór með Atla sem stendur sig vel, einkum er hann naskur á mál og athyglisgáfan er góð. Hann lærði mikið af Noregsferðinni með mér í vor og fylgir mér nú eftir eins og skuggi þegar við förum tveir einir í könnunarleiðangra. Náði mér í nýja skyrtu í morgun, ítalska, en hef annars ekkert verslað. Í gærkvöldi hlustuðum við á Four Tops á útiskemmtistað hótelsins. Finn dinner þar, en það spillti fyrir að ég varð að leita uppi þá litlu sem hlaupið hafði sinn veg, og kjötið varð kalt. Hún er helsta áhyggjuefnið þar eð stöðugt verður að hafa auga með henni. Kvöld á sænskum skemmtistað eyðilagðist fyrir misskilning milli okkar hjóna og þreytu sem af því leiddi.

Við Atli förum tveir saman í grísaveislu sem svo er kölluð, úti í sveit í nágrenni Palma. Stórgóðir galdrameistarar og einnig var gaman að hlusta á og sjá The Drifters, þekktir frá fyrri tíð og hafa nú komið sér fyrir hér á Mallorca, enda hentast fyrir hina heimsþekktu þegar tíminn og tískan hafa hlaupið þá af sér, því hingað leitar fólk í sólarvímu til að endurlifa fortíðina eins og hún lítur út í minningunni.

Kvöld. Sit úti á svölum. Kata sefur. Atli er hér fyrir utan að veiða síli í síkinu. María er innanhúss, hefur líklega lagt sig. Ég bíð eftir að eitthvað gerist. Kannski gerist ekki neitt. Vænti þess að ómur vakni. Ég skil ekki þennan stjarfa. Þetta frosna æði. Getur ekki hvíld, makindi, sól brætt það, vikið því burt?

Við höfum dvalið hér í Alcudia í ellefu daga. Líklega var hápunktur ferðarinnar til Mallorca í gær. Fórum þá í Marineland og sáum m.a. glæsilega höfrungasýningu. Um morguninn vorum við fjölskyldan í höfuðborginni Palma og skoðuðum dómkirkjuna þar, meiri háttar byggingu frá löngu liðinni tíð. Í gærkvöldi sat ég á veitingastað hótelsins, borðaði góðan mat og hlustaði á Presley-efrirhermu. Svo á tríó flytja lög frá sjötta áratugnum.

Í nótt sátum við hjón hér úti á svölunum og tókum lífinu léttar saman en við höfum oftast gert, og væri betur að slíkum stundum

fjölgaði. Eitthvað finnst mér vera að losast um. Þælingarnar eru ekki svo megnar sem oftast áður. En í dag þyrmir yfir mig á ný.

Fyrirlestur í léttum dúr um vínmenningu í hádeginu í dag. Einar Thoroddsen læknir fer milli sólarstaða og les yfir löndum sem þar er að finna, um lífslyst léttra vína. Hann hefur skrifað bók til varnar áfengi.

Sú litla var slöpp í maga í dag og fylgir heimþrá. Allt er þetta helst til um of fyrir hana, en vona samt að krakkarnir spillist ekki af eftirlætinu.

Höfum verið tvívegis á ströndinni. Ég varð að hlífa mér við sól í gær og í dag vegna þess. Hef synt lítillaga. Kann best af öllu hér við sólböð á ströndinni.

Höfum borðað flest kvöld tvö úti. Í fyrrakvöld fórum við með hópnum á kínverskan matsölustað og því næst á bjórkra, Biergarten. Upp úr miðnætti litu inn til okkar hjón af Skaga, fyrrverandi Súgfirðingar. Rabb stundarkorn. Kvöldið áður fylgdumst við með dávaldi á skemmtistað hótelsins, rustafengnum og sýndi fremur vald en tilþrif. Ég er farinn að finna fyrir eyðslunni. Peningarnir fjúka fyrir en varir þótt allt sé vissulega ódýrara en heima. Skemmtiatriðin á veitingastað hótelsins kosta ekkert aukreitis.

Mér líður betur en þegar ég kom. Ég er á mig kominn því líkast sem ég hafi losnað úr fangelsi.

Fórum á útímarkað í gær. Um kvöldið kom til árekstrar milli okkar Maríu, en hefur annars verið gott undanfarna daga. Henni þótti ég gera mér of dælt við kvenmann í samsæti hjá einum nágranna okkar en hvernig svarar maður þaðri? Og illa kunnum við okkur saman í samsætum.

Tek því rólegar í dag, og svo hefur það oftast verið að annan hvorn daginn eru umsvifin mikil, en hinn hvíld, og sækir þá fátt á annað en leiði. Var þó gott framan af degi. Lá í sólbaði úti við laug og synti. Fórum svo á ströndina og lágum þar, en skýjað á tímabili, og svo heim. Nú er bjartara, – hún er einhvers staðar úti í sólbaði. Krakkarnir einnig úti. Hef nú minni áhyggjur af að týna dótturinni.

Hér er fólk á ferli víðast hvar í sömu erindagerðum og við og hættur litlar fyrir sjálfbjarga börn.

Ég held hætti mínum að drekka mikið magn á skömmum tíma og mætti vera minna í einu. Svo ekkert í milli. Hið innra er harðhnútur sem ekkert vinnur á. Engu er um að kenna. Kannski þó kuldinum frá því í vetur og áður.

Kettirnir á Spáni

Mars 2004.

La-Florida-hverfi. Playa de Oruhuela. Costa Blanca. Spáni.

Halló, Kata.

Ég vona að þér leiðist ekki allt of mikið. Ég ætla að segja þér svolítið af því hvað hér er að sjá. Við Norma búum í sandgulu húsi með leirbrúnum bryddingum sem er eitt af tólf í tveimur lengjum raðhúsa og mynda rétt horn hvor við aðra; bogafrágangur á hurðum og gluggum eins og tíðkast í Austurlöndum enda eru hér í túristabyggðinni hvarvetna arabísk áhrif á byggingasniðið hvað sem það á að þýða. Við Norma höfum verið alveg útaf fyrir okkur enda var ekki kominn túristatími þegar við komum hér fyrst, fyrir þremur vikum. Umhverfis húsin er meira en mannhæðarhátt hekk og þar utanum enn hærri vírgirðing eins og í fangabúðum og þú hefur séð í bíó. Þetta er gert til að engir óæskilegir komist inn á lóðina. Né sjái inn á hana. Á lóðinni eru tvö hlið og læsi ég á eftir mér í hvert skipti sem ég fer út í hverfið eða kem heim á ný. Sama um útidyrnar; þær eru þannig frágengnar að enginn hurðarhúnn er að utanverðu svo að litlu skiptir þótt maður gleymi að læsa; það er ekki hægt að opna að utan öðru vísi en með lykli.

Íbúðin okkar er á tveimur hæðum. Auk annars öryggisfrágangs á lóð og húsi eru hvít rúllutjöld úr harðplasti fyrir öllum gluggum hússins. Rúllutjöldin byrgja algerlega sýn inn ef maður dregur þau fyrir; jafnvel svo að ekki er hægt að sjá hvort ljós eru kveikt inni í

íbúðinni eða ekki. Og þá ekki hvort húsið er í notkun eða komið í eyði fyrir löngu. Sama gildir um önnur íbúðarhús hér í hverfinu og reyndar svo langt sem augað eygir ef staðið er uppi á sólveröndinni á húspakinu og horft út að sjóndeildarhringnum í hvaða átt sem er. Öll húsin í allri þessari breiðu eru svipuð útlits og að lit. Vikurnar sem ég hef búið hér í Orihuela-héraði hafa gluggahlerar langflestra húsanna í nágrenninu verið dregnir fyrir allan tímann enda eru húsin mannlaus. Bílaumferð er að sama skapi lítil. Það er því dálítið skrítið að búa hér í La Florida-hverfi meðan svo fáir hafa komið sér fyrir í húsunum, svo snemma á árinu sem við erum á ferðinni hér suður frá, ég og Norma.

Í garðinum er hringlaga baðlaug sem er stærri en svo að hægt sé að kalla hana pott, en minni en svo að hægt sé að synda í henni nema þá hring eftir hring eins og höfrungur. Það er reyndar mynd af höfrungi á laugarbotninum. Myndarlegt pálmatré stendur við laugina. Hér og þar um byggðina eru slík pálmatré á stangli, svo langt sem ég hef farið. Annars eru fíkjutré í garðinum. Við Norma erum ein í húsalengjunni auk miðaldra íslenskra hjóna í fjarlægasta húsinu. Það fer afar lítið fyrir þeim. Raðhúsin tvö eru að mestu í eigu Íslendinga. Niður á strönd er um hálf tíma gangur, en enginn fer í sjóinn og varla fyrr en eftir nokkra mánuði, held ég, svo kalt hefur verið í vetur á austurströnd Spánar.

Við Norma höldum þeim sið sem við höfum haft heima í Hveragerði, að fara á kvöldin í gönguferðir. Þá mætum við stundum fólki; oftast tveimur og tveimur, og næstum allir komnir yfir miðjan aldur. Í stystu máli sagt er mest um gamalt fólk hér í túristabyggðinni, svo stór sem hún er. (Stærri að yfirsýn en Hafnarfjörður, held ég.) Auk Spánverja eiga hér hús Englendingar, Þjóðverjar, Normenn, Svíar og Íslendingar, svo og fólk af fleiri þjóðernum og það kemur og fer eftir því sem því sýnist.

Fyrir krakka er hér lítið við að vera. Við Norma köllum staði þar sem eitthvað annað er að hafa en einsleita íbúðabyggðina, *torfur*, svo sem verslanir og veitingahús. Tvær slíkar torfur eru í um tíu mínútna göngufæri héðan að heiman og aðrar þaðan af lengra í burtu. Fyrir krakka eða unglunga er lítið við að vera á þeim svæðum fremur en annars staðar. Til að finna tívolí og annað það

sem þið mamma þín þekkið best úr ferðum ykkar til sólarlanda þarf að fara í dagsferð og verður þá að finna strætó og jafnvel í framhaldi af því rútu. Það er langt að ganga á næstu stoppistöð og vagninn fer um á klukku tíma fresti. Enda er fólk yfirleitt á eigin bílum eða það notar sér bílaleigur. Það hef ég ekki gert hingað til og mun varla gera í þessari ferð.

Heima í raðhúsinu eru öll gólf flísalögð. Gengið er beint inn í stofu úr portinu. Inn af stofunni er opið eldhús og þar innaf lítið herbergi sem snýr að garðinum og ég nota fyrir vinnuherbergi. Þar sit ég nú við að skrifa þetta bréf á ferðatölvuna. Úr stofunni er marmarastigi upp á efri hæðina. Þar er gangur eða hol, bað og þvottaherbergi og innar stórt svefnherbergi með litlum svölum út að götunni. Í hina áttina úr holinu er lítið herbergi og veit það að garðinum. Á því eru stærri svalir og hringstigi þaðan upp á þakið sem er slétt með brjóstvärn á alla vegu. Þar eru þvottasnúrur, sólbaðsstólar og rennandi vatn til að kæla sig ef veður verður of heitt.

Eins og ég sagði þér hefur verið kalt og ekkert sólbaðsveður undanfarnar vikur. Skýjað var í viku og rigndi jafnvel lítilsháttar tvo daga eða þrjá. Nokkra daga hefur þó skinið sól. Sé logn verður strax vel heitt. Á nóttunni er kalt í húsinu enda engir áfestir ofnar heldur fylgja tveir sem eru færanlegir milli hæða og herbergja. Þetta er ástand sem flestir útlendingar þekkja hvarvetna, en við Íslendingar síst vegna hitaveitunnar heima. Af því sem ég nú hef sagt sérðu og skilur að það er ekki allt hiti og sólarsæla á Spáni, þótt þú heyrir kunnugleg nöfn frá Íslendingaslóðum eins og Costa Brava (nyrst), Costa Blanca (þar er ég nú). Strandlengjan suður af heitir Costa del Sol og nær langan veg í átt að Afríku enda Spánn stórt land. Íbúarnir eru rúmar 20 milljónir eða meira en hundrað sinnu fleiri en Íslendingar.

Nú ætla ég að segja þér dálítið um túrismann á Spáni. Landið hefur um langan aldur verið eitt vinsælasta ferðamannaland í heimi. Nú eru Spánverjar orðnir leiðir á túristum og vilja sem minnst við þá tala og helst alls ekki neitt nema þeir tali reiprennandi spænsku sem fæstir aðkomumenn gera. Heimamenn hafa einnig ákveðið fyrir löngu að hleypa ekki að sér lágmenningu

af því tagi sem einkennir amerískt sjónvarp og bíómyndir, en Norður-Evrópubúar lifa á hinn bóginn í eins og fiskar í sjó. Spánverjar hafa í þrjátíu ár og líklega lengur talsett allt sitt sjónvarpsefni og bíómyndir. Í sjónvarpinu spænska heyrst varla nokkurn tíma enska; allt talað mál er heimafólksins. Dagskráin er af öðru tagi en við eigum að venjast. Ofbeldi sést varla á skjánum heldur er alltaf verið að sýna gamanþætti sem snúast mest um ótrúlega aulalega spurningaleiki. Sjónvarpsauglýsingarnar eru svo fyrirferðarmiklar að romsan geisar viðstöðulaust í stundarfjórðung inni í miðri bíómynd, eða jafnvel í fréttatíma. Tvær slíkrar rennur geta vel verið í hverri bíómynd, jafnvel fleiri. Á hinn bóginn er fréttaefninu ekki ritstýrt eins og heima. Það er aldrei varað við ljótum fréttaskotum og ekkert um þau hirt. Þau eru því ógeðslegri en heima og myndu aldrei líðast í íslenska sjónvarpinu. Stöðvarnar eru sex eða sjö, allar spænskar og hver annarri líkar. Til að sjá sjónvarpsefni frá öðrum löndum þarf fjárfestingu sem aðkomumaður leggur ekki út í nema hann eigi húsnæðið sjálfur.

Það var orðin þörf á því fyrir mig að breyta um umhverfi og finna mér skilyrði til að hvíla mig, eftir margra ára óarðsama vinnu við bækur og bókagerð, auk þess sem ég þarf nú að brydda upp á einhverju nýju, rétt eins og þegar ég flutti til Hveragerðis á sínum tíma. Ég vil vera hér á Spáni nægilega lengi til að mér lærist hvernig ég geti komist hingað aftur eða á sambærilegan stað og sinnt því sem ég hef mestan áhuga á án þess að það kosti mig aukna fyrirhöfn. Það kostar um 30000 kr. að komast hingað og heim aftur og þá er ég að tala um strandbyggðirnar á austanverðum Spáni. Maturinn er helmingi ódýrari en heima og ekki verri. Hann er betri ef munurinn er einhver. Og þá á ég við vöruna eins og hún er boðin heima í stórmörkuðunum. Í stað Bónus og Hagkaup eru hér Mercadonna og fleiri Sparkaup. Þetta þýðir að kostnaðurinn af matarkaupum einum borgar á tveimur mánuðum upp ferðirnar.

Í stað þess að ferðast á vegum ferðaskrifstofu verður maður að hafa útsjónarsemi til að bjarga sér á eigin vegum ef maður ætlar að nota peningana til annars en ferðalagsins. Og það er fremur auðvelt hér í byggðinni. Maður verður að vera nægjusamur sem ekki einkennir sólarlandafara og það á ég gott með því að mér leiðist

flest sem tilheyrir venjulegum sólarlandaferðum. Ég þarf ekki mikinn félagsskap og hafi ég tölvuna mína get ég sinnt áhugamálum mínum hvar sem er. Ég hef enga löngun til að kaupa neitt sem ég hef séð í búðum hér, hvorki föt né annað. Megnið á sér jafngóða samsvörun heima á Íslandi. Og hér er ekki allt ódýrt þótt maturinn sé það.

Ég hef ekki netið heldur nota ég mér aðstöðu sem ég kaupí í nágrenninu. Síamál eru ekki auðveld. Það er dýrt að hringja milli Spánar og Íslands. Lausnin er að fá sér spænskt símakort eins og Norma hefur gert, en það þýðir nýtt símanúmer. Hjá mér eru allar hringingar á sama verði og millilandahringingar því ég hef ekki enn fengið mér símakort. Jafnvel þó ég taki upp á því að hringja innanhúss úr mínum síma í Normu í næsta herbergi verð ég að borga jafn mikið og þegar ég hringi í þig.

Þú skilur nú væntanlega, að ef þú værir hjá mér á þessari stundu gætir þú ekki notað netið, ekki horft á sjónvarpið þér til gamans, ekki leigt mynd (ekkert vídeó og engin vídeóleiga í nágrenninu), þú gætir líklega ekki sent SMS (?), ekkert komist um öðru vísi en gangandi, ekki farið á ströndina, ekki komið þér upp félagsskap unglunga, varla verið mikið á ferli ein. Mikið er um varðhunda þar sem fólk er í húsunum. Stærð hundanna sýnir að þeir eru ekki bara gæludýr. Hins vegar hef ég ekkert skuggalegt fólk séð sem gefi tilefni til tortryggni heldur bara túristana og þeir eru meinleysislegir. Öðru máli gegnir um spænsku borgirnar utan túristasvæðisins. Í fátækrahverfi í Cartagena, þar sem við vorum á ferð einn daginn, var svo að sjá sem menn væru til alls vísir. En við því er að búast; mannlífið er samt við sig hvar sem er. Og sjálfur verður maður að læra að þrífast þrátt fyrir boð og bönn, lása og eftirlit.

Í dag er Þingvallaveður hér á austurströndinni: sólskin en strekkingsvindur. Undanfarnar þrjár vikur hef ég unnið við að endurskoða bók sem ég geri mér vonir um að komi út í haust. Þess utan hef ég lesið tvær skáldsögur mér til ánægju. Við Norma fórum ekkert út fyrir hverfið fyrstu vikunnar, en oft í gönguferðir um hverfið, jafn vel alla leið niður að sjó. Undanfarna daga höfum

við farið í tvær dagsferðir til næstu borga. Og förum líklega í þriðju ferðina fyrir vikulokin.

Meira seinna.

Bestu óskir frá þabba.

26.3.2004

Sæl, Kata.

Í gær var gola og skýjað og við Norma ákváðum að fara í bæjarferð. Þannig er að bærinn Torreveja, þangað sem við förum, liggur meðfram strandlengjunni álíka langt héðan frá túristahverfinu La Florida og Mosfellsbær frá Reykjavík. Norma tindi saman dót í bakpokann sem hún keypti fyrir ferðina og hefur alltaf með sér í dagsferðir sem þessa. Og svo gengum við yfir hæðina þar sem stórmarkaðurinn er og að strætóstoppistöðinni. Hún er í um korters fjarlægð héðan að heiman. Vagninn stoppar við verslanamiðstöð sem er minni en Suðurver. Þaðan sér vel til sjávar ofan úr brekkunni, yfir fleiri túristahús af því tagi sem eru hér umhverfis. Og við blasir líka heilt hverfi blokka og raðhúsa sem verið er að byggja; öll húsin múrsteinsrauð á litinn.

Í strætisvagninum glymur útvarpið í eyrum farþeganna svo ekki heyrir mannsins mál. Alltaf þýsk poppstöð sem starfrækt er á Flamengóströnd í göngufæri héðan úr Florida-hverfi. Torreveja er að mestu heimabær Spánverja og því eins útlits og aðrir slíkir á Spáni, en útfrá bænum eru túristabyggðir og í milli spænskar sveitir þar sem heilmikið er rækað af appelsínutrjám. Eins og í Reykjavík eru aðalverslunargöturnar í gömlu Torreveja tvær og liggja samsíða; þær eru af Íslendingum hér í byggðum kallaðar Laugavegur og Hverfisgata. Mér til furðu er strætó lagt við götuljós, eða því sem næst, og þar bíður vagninn í tíu mínútur líkt og væri endastöð. Ég er á leiðinni að skoða ljósmyndasýningu í nágrennabæ sem heitir La Mata og bið því vagnstjórann um upplýsingar, en það er eins og fyrri daginn að uppúr honum togast ekki eitt einasta orð á öðru tungumáli en hans eigin, né fæst hann til að tala hægar þótt ég skilji ekki málið. Eins og stundum áður

eru það farþegarnir í vagninum sem reynast fúsir til að leysa úr vandanum. Við Norma förum úr vagninum þegar lengra kemur inn í verslanagötuna samkvæmt ábendingum þeirra. Umferðin er mikil um þrönga götuna. Við skiptistöðina reynist vera nokkur bið og við förum á tyrkneskt veitingahús þar sem ég borða hádegismat í snyrtilegu, hvítmáluðu umhverfi. Norma þiggur ekkert nema vatn, en er þó í góðu skapi. Starfsfólkið á veitingastaðnum álitur greinilega að hún borði ekki annars staðar en heima hjá sér og rennir til mín augum með lotningu, jafnt konur sem karlar.

Svo erum við komin í vagninn sem fer krókotta leið um þröng verslanastræti. Umhverfis er bílaumferð og mannmergð, og síðan fer vagninn gegnum túristabæ, þeir eru hver öðrum líkir, og er svo kominn á endastöð í litlum bæ við klettótta strönd þar sem brim brýtur af litlu minni krafti en í fjörunni við Eyrarbakka og vindurinn blæs köldu þótt komi utan af heiðbláu Miðjarðarhafinu. Við Norma göngum um bæinn sem allur sýnist í svefni enda er klukkan um þrjú eftir hádegi og hádegishlé hjá Spánverjum í þessum bæ sem ekki liggur á inn í nútímann. Ég stefni á útivistarsvæði sem merkt er á kortinu og reynist þegar þangað er komið stærðar flæmi handan við hraðbraut, næstum heil sveit, græn og leirbrún flatneskja með ávölum hæðardrögum og stóru lóni þar sem eru flamengóar. Vegaslóðir liggja um svæðið út í buskann, og á einum stað í námunda við okkur og hraðbrautina er hvítalkað hús sem á kortinu er sagt upplýsingamiðstöð fyrir ferðafólk. Við örkum að húsinu en þar er allt lokað og mjög í samræmi við aðra þjónustu við túrista þar sem við höfum komið. Ég er löngu hættur að ergja mig út af tómlætinu og Norma finnur sér alltaf eigin leiðir.

Við sitjum um stund á bekk skjólmegin við húsið og virðum fyrir okkur svæðið og útlendinga sem eru að flækjast þarna eins og við; tvö eldri pör. Eftir að hafa gengið um miðbæinn í La Mata á ný án þess að finna sýningarstaðinn förum við á veitingastað niðri við sjóinn og fáum okkur hressingu. Þar spyr ég til vegar og finn ákvörðunarstað minn, ljósmyndasýninguna, sem reynist haldin á bókasafni bæjarins, og lokað þar því það er enn hádegishlé.

Á bakleiðinni förum við úr vagninum í Torreveja og við löbbum niður að sjó. Meðfram klettótttri ströndinni er breið gangstétt og gamaldags verslanir og útveitingahús. Við finnum gjafavöruverslun sem Norma á erindi í og eftir að hafa virt fyrir okkur brimið við klettana niðrundan stéttinni göngum við upp Marargötu (Calle de Mar) og á verslunargötunni þar ofan við kaupir Norma tyggjó handa þér, eins og þú baðst um í símann, en ég fer í apótek og kaupi nefúða handa sjálfum mér, enda stíflast á mér nefið í vindi eins og verið hefur þennan dag; loftið er ekki ferskara en það. Við förum úr vagninum í Los Altós-hverfinu handan við Floridana-hæðina og göngum svo spölinn sem eftir er. Norma er orðin þreytt í fótunum og hún gengur oftast spölkorn á eftir mér. Við komum við í stórmarkaðinum – Consum – og tinum saman varning fyrir kvöldið og morgundaginn. Hér standa innkaupakörfurnar alltaf í snyrtilegri röð enda festar saman með keðju. Hana losar maður frá röðinni með evru sem skilar sér á ný þegar maður hlekkjar körfuna á ný við röðina að loknu erindi. Milli hússins í Júpítergötu og markaðarins er ekki nema nokkurra mínútna gangur yfir óræktað, óbyggt svæði í jaðri Florida-hverfisins. Þegar við göngum framhjá geltir hundur bakvið þétt limgerði af samskonar óviðráðanlegu þrályndi og einkennt hefur hunda allt frá því þeir fyrst komust í slagtog við menn.

Við Norma höfum látið endurnýja gasbirgðirnar hjá okkur og því er sæmilega hlýtt á neðri hæðinni. Á kvöldin förum við á einhverja torfuna, fáum okkur að borða og sitjum svo um stund meðal annarra gesta á veitingahúsinu. Í gærkvöldi fórum við yfir á Ensku torfu þegar líða tók á kvöldið, til að skrá nýtt kort í símann hennar Normu. Til að vera viss um að það takist hentar að fara þangað sem hæst ber í hverfinu. Reynslan hefur sýnt að best samband næst á ákveðnum stað á Ensku torfu. Við kíkjum sem snöggvast inn á veitingastað þar sem stoppuðum stólum er komið fyrir með setustofufyrirkomulagi og risastórir skjáir eru á veggjunum með enska boltanum í fullum gangi þó áliðið sé kvölds. Inni eru fullir Englendingar í háværum samræðum; klæddir eins og Bretar á Indland fyrir öld. Svo löbbum við spölinn niður í Júpítergötu aftur.

Ég lauk vinnu við bókina sem fyrir lá, en hef annað verkefni til að sinna. Nú er morgunn og ég sit í vinnuherberginu. Það hefur rignt í nótt og portið er blautt; himinn skýjaður og heldur kalt. Gangstéttirnar handan við trjágerðið og girðinguna eru ryðrauðar, þær eru lagðar lituðum flísum og munstur í flísunum og þær verða hálar sem gler í rigningu. Ég set upp hatt og geng út í vætuna upp í móti uns ég kem yfir ávala hæðina á mörkum La Florida og La Mimosa-hverfis. Þar handan við óræktað svæði er fasteignasalan Skjót þjónusta, Prontoservice, sem tvær íslenskar konur reka. Þar er netþjónusta og þaðan sendi ég netpóst þegar mér hentar. Og nú þetta bréf til þín.

Meira seinna.

Bless. Pabbi.

29.3.2004.

Halló, Kata.

Ég vona að þú hafir fengið síðustu tvö bréf mín til þín. Hér rignir svo út úr flóir. Engin alvara er þó á ferðum hér í nágrenninu, en eftir sjónvarpinu að dæma er heilmikið flóð á götunum í Malaga sem er allmiklu sunnar, á Costa del Sol. Hjá okkur er enn hægt að komast um götur þótt sæta verði lags á milli polla. Í Zaragossa, sem er mun norðar og uppi á hásléttunni, snjóar. (Spánn er mestallur háslétta, og strandlengjan að austan mildasta veðursvæðið, – þar sem ég bý.)

Nú nálgast mánaðamót. Við Norma ætlum að flytja okkur norður fyrir Alicante, í íbúð sem við höfum leigt í Benidorm til að reyna fleira. Íbúðin er á 10. hæð í blokk. Það standa því til flutningar hjá okkur með töskudrasl og ekkert tilhlökkunarefni ef veðrið heldur áfram að vera svona eins og nú er.

Í gær, sunnudag, fór Norma ein til borgar sem heitir Murcia. Henni leiðist enn meir í túristabyggð eins og þessari sem við búum í því hún er normöl eins og nafnið bendir til. Ég lá uppi í rúmi þennan sunnudag og las bók um einhverfan strák og hund sem var drepinn og strákurinn reynir að finna út hver gerði það.

Hér og umhverfis strandbæinn Torreveja búa um 350 Íslendingar í vetur. Á föstudaginn var fór ég einn á veitingastaðinn La Luna þar sem Íslendingarnir koma saman einu sinni í viku, þeir sem nenna. Staðurinn er í göngufæri héðan úr Júpítergötu. Allt fólkið var gamalt nema ein feimin stelpa og tveir ungir menn sem báru með sér að vera í vinnu hér í byggðinni. Hvernig var? Segjum að pappaspjald sé rífið og tætlunum fleygt út í storm. Eftir það fjúka tætlurnar um í leit hver að annarri. Nú hefurðu mynd af mannlífinu á La Luna-bar þegar Íslendingar komu þar saman síðdegis á föstudaginn var. Og líklega aðra föstudaga líka.

Í fyrrakvöld fórum við Norma út að borða með vinafólki hennar. Þau hjón fluttu hingað á ströndina í haust. Keyptu hús í Mimosu-hverfinu. Það heitir eftir trjám sem bera appelsínugul blóm og fyrr á tíð þöktu hæðina þar sem hverfið nú stendur. Nokkur trjanna eru eftir, en setja ekki svip á hverfið. Maðurinn keypti sér nýlega annað hús, ófrágengið, ásamt syni sínum, til að hafa eitthvað að gera og endurnýja tengslin við fjölskylduna. Þeir ætla að vinna við húsið í vor og í haust. Íslendingur sem kaupir hús á Spáni verður að ganga í gegnum greiðslumat hjá íslenskum banka alveg eins og Íslendingar heima. Ef allt fer að vonum fær hann 70% lán (70 af hverjum 100 kr. lánaðar). Húsin eru heldur ódýrari hér í túristabyggðunum en heima, en það munar ekki miklu. Vextir af lánum eru hins vegar miklu lægri, sé lánið frá spænskum banka og það þarf ekki að borga verðtryggingu eins og heima sem þýðir að lánið breytist ekki með breyttu verðlagi eins og húsalán gera heima. Þetta fyrirkomulag þykir mörgum Íslendingum mikil freisting. Spænska húsnæðislánið þarf að borga á 20 árum. Það merkir að í 20 ár ber manni eftir þessu fyrirkomulagi að greiða um 30000 kr. á mánuði fyrir hús sem hann hefur keypt fyrir um 15 milljónir íslenskar. Hafi hann keypt hús upphefst draumurinn um að hægt sé að leigja húsið á nægilega háu verði til að það standi undir sér og hann geti sjálfur búið í húsi sínu 4 mánuði á ári eða svo, sér að kostnaðarlausu. Í fæstum tilvikum er þetta hægt. Fyrir nokkrum árum breyttu Spánverjar gjaldmiðli sínum yfir í evrur, en notuðu áður peseta. Við skiptin hækkaði mestallt verðlag í landinu. Þeir Íslendingar sem voru svo heppnir

að kaupa fyrir gjaldmiðilsbreytinguna græddu á kaupunum. Þá var húsnaðið mun ódýrara.

Það hefur rignt undanfarið. Því var spáð fyrir þremur dögum að rigna myndi í þrjá daga, en hvort þessi ótíð heldur áfram veit ég ekki. Ég er orðinn leiður á þessu veðurfari. Helsta skemmtunin í túristahverfinu er að fara út að borða eins og þú þekkir. Maturinn er góður og vel útlátin. Einkum er ég hrifinn af kínversku matsölustöðunum. Annars fer ég í langar gönguferðir enda er betra að fara um gangandi í þessu landslagi ef ekki er mikil sól. Göngur um byggðina verða þó leiðigjarnar því endalaus túristabyggðin hefur öll á sér sama svip. Þótt húsin séu ekki öll eins útlits þá eru þau samt öll tilbrigði við sama staðal. Líkt og kubbum væri raðað saman með mismunandi hætti. Mér verður hugsað til þess ef einn ábúandi af ótal mörgum í þessu byggðarflæmi tæki upp á því að mála húsið sitt öðru vísi en hinir, til dæmis bleikt eða blátt, en ekki sandgult og leirbrúnt eins og allir hinir, hvort sá maður yrði tekinn fastur eða yrði að borga sekt og mála upp á nýtt. Eins og þú manst frá þeim tíma þegar við bjuggum á Ísafirði þá málaði stöku maður hús sitt allt öðru vísi en allir aðrir svo að setti svip á alla byggðina. Verslanamiðstöðin fyrir Holtahverfi hét Ljónið og var bleik á litinn – jafnvel eini bleiki liturinn utandyra í öllum Skutulsfirði.

Nú sefur Norma en ég sit við fartölvuna eins og oftast á morgnana. Úti er íslenskt veður. Í nágrenninu tekur hundur sig til og fer að gelta, hann heldur því áfram um stund, þagnar svo og kyrrðin verður alger á ný. Í dag þarf að þvo allt innanhúss og tína saman dótið. Á morgun eða hinn förum við svo norður til Benidorm.

Klukkunni var flýtt í fyrrinótt á Spáni svo að nú er hún tveimur tímum á undan klukkunni heima á Íslandi. Kötturinn okkar, Píla, er í Miðstræti hjá Rósu, dóttur hennar Normu. Gatan er í nágrenni við gamla menntaskólann í Reykjavík. Píla er veiðiköttur eins og þú þekkir og fer mikið um. Hún er merkt með hálsól. Tvisvar hefur verið hringt til Rósu og kötturinn þá verið kominn vestur á Mela, í annað skiptið hringdi einhver og vísaði til hans hjá Þjóðarbókhöðunni, en í hitt skiptið var hringt frá Hótel Sögu. Þá var Píla þar að flækjast. Ég held því fram að hún hafi verið að

leita að mér. Skýringin á þessu framferði kattarins, að vera að flækjast vestur á Melum, er líklega helst sú að kisa er úr Hveragerði og hefur fundið í Hljómskálagarðinum samsvörun við gróðursældina í heimabæ sínum. En fer svo á vitlausum stað út úr garðinum þegar að því kemur að snúa heim í Miðstræti til Rósu. Gullfiskarnir eru geymdir í gæludýraverslun á Selfossi nema sá þriðji og minnsti, þessi sem syndir alltaf á hvolfi, hann er hjá Lísbet í Hafnarfirði í litlu gullfiskakúlunni enda á hún hann.

Þú hefur vanist þeim sið af mér að tala ekki niður til þín eins og margt fullorðið fólk gerir í skiptum sínum við krakka, heldur hef ég gefið þér færi á að seilast upp til mín, enda hef ég alltaf verið svolítið merkilegur með mig og verður að hafa það. Mundu að hversu mikið sem sólskinið er þá fækkar skuggunum ekki fyrir það. Og sá sem kann skil á hvoru tveggja, hinum bjartari og hinum myrkari stundum, hann er meiri hinum sem aðeins þekkir annaðhvort, gleðina eða sorgina, rökkrið eða skímuna, óskina eða veruleikann, drauminn en ekki daginn því hamingjan er fólgin í að finna sig í andstæðum.

Bestu kveðjur. Pabbi.

Benidorm 14.4.2004.

Halló, Kata.

Frá því um síðustu mánaðamót hef ég búið hér í Velsofinnabæ, eða Benidorm eins og heimamenn kalla bæinn. Við Norma leigjum tveggja herbergja íbúð í blokk í miðbænum, í um tíu mínútna göngufæri frá ströndinni og jafnlengd frá stórmarkaðinum Mercadonna þar sem við kaupum helstu nauðsynjar okkar á lágu verði, svo sem mjólk, brauð og egg. Við búum á tíundu hæð af fjórtán. Framhliðin er mestanpart úr gleri og stáli og sér á fimm stöðum héðan af svölunum út á sjóinn milli íbúða- og hóteltorna. Öll gólf eru flísalögð. Í glerskála framan við herbergin tvö sit ég og pikka þetta á tölvuna. Í blokkinni búa mest Spánverjar sem á morgnana fara til vinnu reglubundið. Gengið er úr lyftunni um opnar svalir í sex íbúðir á hverri hæð. Af svölunum er útsýni til

fjalls handan við bæinn. Og þaðan sést á nágrannalóðina, ofan á þakið á gömlu íbúðarhúsi með spænsku sniði, hvítt og gamaldags innan um íbúðaturnana. Garðurinn er stór og í honum margskonar fuglar, endur, svanir, storkar og aðrar tegundir. Samt er þetta einkalóð. Í húsinu hlýtur að búa skemmtilegt fólk.

Mér hefur fundist notalegt að liggja hér í skálanum við gluggann á fleti, sem ég kom hér fyrir, og horfa út, einkum um fótaferðartíma á morgnana. Allur veggurinn er úr gleri. Á þessum tíma sér niður á hljóðar einstefnuakstursgötur og stöku mann á ferli. Þess í milli dunda ég við tölvuna með útsýnið fyrir augunum. Ég er að skrifa um mannlíf á Norðurlandi fyrir hundrað árum, karla og kerlingar –

Veðrið á austuströnd Spánar hefur haldið áfram að vera svalt og sólarlítið en þó komið ein fjögurra til fimm daga lota af sólskini.

Benidorm er gamall bær þótt annað sýnist af myndum úr auglýsingum heima á Íslandi og ekki sé hægt að finna hér á staðnum póstkort með myndum af öðrum einkennum bæjarins en ofurhótelum og vinarbrauðssætum sólsetrum. Framundan er flói og myndar ströndin tvær vikur með höfða í milli sem heitir Kastalapallur. Víkurnar heita í þágu ferðafólks Austurströnd og Vesturströnd. Norður af þessum Velsofinnabæ, Benidorm, eru Köldufjöll því þaðan blæs köldu þegar hreyfir vind hér í bænum. Meðfram ströndinni allri, nema Kastalapalli, er Langastétt þar sem ferðafólk gengur fram og aftur meðan það endist og hefur ekki næði til að liggja hreyfingarlítið í gulum sandinum niður af. Við Norma höfum enn sem komið er bara verið tvo daga á baðströndinni; fyrst hvort um sig, svo saman og þá fór mér að leiðast. Ég fór þá að skemmta mér við að reikna út hversu mörg sandkorn eru á ströndinni niður á eins metra dýpi. Ég sá út að það er vel hægt að telja sandkornin, þótt mörg séu, og líklega erfiðara að finna út hversu margar manneskjur eru á ströndinni á hverju augnabliki þegar sól er og hiti.

Í gamla bænum niðri við Kastalapall eru margar göngugötur sem fyrr á tíð hafa verið lagðar fyrir vagna, löngu fyrir tíð bílsins. Við þessar smágötur eru nú verslanir og veitingastaðir þar sem fá má góðan mat fyrir lítið verð. Í verslunum, sem allar eru litlar,

sumar nánast sölubásar, er varningur sem sennilega hefur verið keyptur í einu lagi á rýmingasölum í Englandi fyrir gjafverð og fluttur hingað til Spánar og síðan seldur nýjum eigendum; í þessum söluskálum er hvað öðru líkt og verðið stundum fáránlega lágt. Mest eru þetta flíkur en einnig smávörur og allskonar glingur. Ég fann bókasafnið eftir nokkra leit og ætla að reyna að senda þér þetta bréf þaðan á eftir. Það er nútímalegt og góð lestraraðstaða, en helst fyrir þá sem kunna spænsku en hana kann ég ekki í dag fremur en í gær. Mér gengur illa að læra hana því Spánverjar tala hratt og segja “nosodros” í staðinn fyrir “við” og annað eftir því!

Við Norma höfum gengið mikið um bæinn sem var ánægjulegra fyrstu vikuna því þá voru færri hér. Í páskavíkunni var mikið af ferðafólki á ferli á Löngustétt og Kastalapalli að leita að einhverju, ég veit ekki hverju, og maður mátti passa sig á að hrífast ekki með straumnum. Á ströndinni er bókapallur undir stóru skyggni og þar er hægt að sitja í skugganum, ef sólskinið er of heitt, og lesa bók. Þær eru lánaðar þar fyrir ekki neitt meðan maður dvelur á staðnum en maður verður að skila bókinni aftur þegar maður fer. Við Norma höfum bæði notað okkur þetta.

Í Velsofinnabæ er ekkert næturlíf, engir klúbbar af því tagi, dans- eða söngstaðir, eða neitt þesskonar sem einkennir margar stærri borgir vítt og breitt um heimsbyggðina. Kannski fólkið niðri á Kastalapalli sé að leita að afþreyingu af þessu tagi? Mér dugar að fara öðru hverju út og fá mér að borða.

Ég vona að þér líki sendingin. Segðu mér um hana frekar á netinu. Pabbi.

Benidorm.16.4.2004

Halló, Kata!

Hér í Benidorm getur maður lifað allan daginn í eigin hugarheimi eins og maður sem dreymir sæll í sinni rekkju enda heitir bærinn Velsofinnabær á spænsku. Hér fóru páskar fram í síðustu viku með sama sniði og annars staðar á Spáni. Við Norma fórum í messu á páskadag í kirkju heilags Jakobs niðri á Kastalapalli. Annars

fylgdumst við með páskahaldinu í sjónvarpinu og borðuðum góðan mat við kertaljós.

Sjónvarpsstöðvarnar eru fleiri á hinum staðnum, þar sem við bjuggum síðasta mánuð, og allar spænskar (nema ein bresk sportstöð sem telst ekki með). Í Alicante, næstu stórborg suður með ströndinni héðan frá séð, rölti skrúðganga heillan kvöldið á föstudaginn langa í beinni útsendingu um götur borgarinnar með drápsklyfjar af ofskreyttum stytum af Frelsanum og fjölskyldu hans á herðunum og var lögð áhersla á það í útsendingunni hvað fólkíð tók mikið út undir þyngslunum. Kvöldið áður, á skírdag, var síðustu kvöldmáltíðarinnar minnst og nú var komið að árvissri krossfestingu og dauða Frelsarans eins og væri leikrit með þátttöku allrar þjóðarinnar spænsku. Hún er rammkaþólsk og stytur af Frelsanum fyrir hvert tækifæri úti um allt, jafnvel af honum dauðum og lítur hann þá út eins og hver annar dauður maður. Á þessu leikriti gengur alla Hina helga viku sem þeir svo kalla (Semina santa). Á páskadag upphefst gleði á ný enda er þjóðin glaðsinna að upplagi og þá loksins laus undan þessari sjálfvöldu áþján sem enst hefur henni alla vikuna.

Í kirkju heilags Jakobs á páskadag hafði Kristi í fullri líkamsstærð verið komið fyrir uppi á hillu með krossinn á öxlinni og blómum raðað á hilluna til að draga úr drunganum. Allt glóir af gulli og hverskonar útflúri í himinhárri kirkjuhvelvingunni. Stytan af Kristi hafði áður staðið framan við altarið meðan sem mest gekk á að harma það sem framundan var. Nú glöddust allir við páskamessuna yfir upprisunni; þessa stund sem við Norma vorum í kirkju heilags Jakobs niðri á Kastalapalli. (En Jesús hafði bara ekki fundist þegar farið var að vitja hans í hellinum.)

Páskaeggið sem þú fékkst var að jöfnu frá mér og mömmu þinni. Hér á Spáni ber lítið á páskaeggjum í Hinni helgu viku og það litla sem sést í búðum er svo smátt að þætti ekki nokkurs virði heima á Íslandi á slíkri hátíð sem páskum. Eggið sem Norma fékk frá mér var fest á súkkulaðihúðaðan snúð. Inni í reyndist vera plasthólkur með bíl til að setja saman svo að sjá má að er ætlað börnum. Stærri egg fást ekki í búðunum og ekki annar varningur í

líkingu við það sem heima setur mestan svip á þessa stórhátíð, páskana.

Áherslan á þjáningu í Hinni helgu viku vitnar um þau sannindi, að Spánverjar eru laungrimmir ástríðumenn, ólíkt því sem gildir um Norðurevrópubúa og hvað þá Íslendinga sem hvorki eru betri né verri en nágrannarnir þótt hafi sín þjóðareinkenni. Mér hefur alltaf þótt sagan vafasöm, um guðinn sem fórnaði syni sínum til að koma vilja sínum fram við mennina. Guðir eru ekki mannlegir, hvorki sá kristni né aðrir, og því ólíklegt að þeir fari svo heimskulega að ráði sínu. Hinn kristni guð telst hafa fórnað syni sínum til að bæta mennina. Jafnvel þó hann hafi bara þótt vera að þessu samkvæmt sögunni þá er þetta of langt gengið frá mínum bæjardyrum séð. Hvorki ég né aðrir verða neinu bættari þótt drepinn sé maður hvert svo sem tilefnið er, jafnvel ekki fyrir aftökur verstu illræðismanna hvað þá meinleysingja eins og Jesús var samkvæmt sögunni. Ekki er öll vitleysan eins, sagði amma stundum þegar ég gekk fram af henni. –

Hér húðrigndi í gær og sjór gekk á land og braut sér leið upp að Löngustétt svo færa þurfti alla strandbeddana ofar á sandinn. Í dag er enn íslenskt veður í Velsofinnabæ og túristarnir ráfa um Löngustétt eins og dýr í búri, langþreyttir á að bíða sólarinnar sem þeim hafði verið lofað þegar þeir komu í bæinn. Við hinir aðrir gestir sem einnig komum langt að en lifum utan við túristaskipulagið látum okkur veðurlagið engu skipta. Í gærkvöldi fórum við Norma í gönguferð í rigningunni. Aðvífandi Spánverji stoppaði hana til að dást að skíðahúfunni hennar og hún sagði manningnum að við værum frá Íslandi og veðrið væri gott að hennar áliti.

Ég gæti samt vel þegið nokkurra daga sólskin á næstunni enda er dvölin farin að stytast og ég er að mestu búinn með verkefni sem fyrir mér lágu.

Ég hika við að kaupa á þig flíkur enda veit ég ekki stærðina og úrvalið er ekki mikið. Segðu mér eitthvað um það. Passar bolurinn?

Bless. Pabbi.

Reykjavík. 23. apríl 2004

Hæjhæj elsku pabbi! Takk fyrir bréfin! Alveg rosalegt hvað þú getur skrifað mikið. Allavega komin alveg nákvæm mynd af öllu þarna og ég held bara að ég viti nákvæmlega hvernig þetta er þarna núna! Frábært að þú og þið bæði hafið það gott þarna. En mér finnst samt að þú hefðir átt að leyfa mér að koma með, ég gæti allavega keypt eitthvað.

Það er alveg bara fínt hérna sko! Veðrið var flott í gær sól og svona og ég kíkti í Kringluna með Rannveigu vinkonu minni. En svo í dag hinsvegar var alveg glatað! Rigning, vindur, kuldi, ský og svoleiðis ógeð, þannig að ég fór bara að vinna! Alltaf jafn furðulegt fólk í Bónus. Það kom til mín ein kona í dag á kassann og rétti mér Smjörva og sagði: “sjáðu!” og ég bara: “jámm ég sé.” og þá sagði hún: “þetta er útrunnið!!!” og þá leit ég á dagsetninguna og sá: Best fyrir: 12.07.04 og ég sagði við konuna: “nei, það er útrunnið í júlí næsta” og þá sagði hún: “Já! En ég og mín fjölskylda þarf nokkra mánuði til að klára smjör! Þið í Bónus ættuð að taka það til fyrirmyndar! Það getur enginn klárað heila smjördollu á 4 mánuðum!” og þá sagði ég bara: “Nú jæja... ætlarðu þá að sleppa henni?” og þá fussaði hún eitthvað og labbaði út... Svo eru líka alltaf þessir Tælendingar, Vietnamar, Filippseyingar, Kínverjar, Japanir eða hvað sem þú vilt kalla þá! Þeir eru með svona kænskubragð. Alltaf þegar þeir eru búnir að versla og ég segi: “Viltu poka?” þá segja þeir: Nei! – Alltaf! – Og svo borga þeir og ég klára að afgreiða þá, og þegar ég fer að afgreiða þann næsta þá taka þeir bara poka og byrja að setja vörurnar í pokann eins og ekkert sé! Og ég þori aldrei að segja neitt þannig að ég bara geri ekki neitt... Allavega þá er allt svona ágætt bara. Sakna þín samt mjög og hlakka til að komast aftur til Hveragerðis og hitta drápsvélina (köttinn) og svona. Á föstudaginn næsta (30. apríl) er árshátíð í Bónus og öllum starfsmönnum Bónus boðið á Broadway og þar verður þriggja rétta máltíð og allskyns herlegheit. Það byrjar kl. hálf 10. Allt Bónusstarfsfólk fær frítt inn en það kostar svo 4000 ef maður vill taka maka með. Svo verður

reyndar aldurstakmark, 18 ár, á að sitja niðri. En yngri eiga að sitja uppi og svo verðum við “litlu börnin” rekin heim um miðnættið því þá byrjar einhverskonar dansleikur eða eitthvað...

Ég veit ekki alveg hvort ég hef sagt þér það eða bara gleymt því, en ég er orðin dökkhærð! Allavega ef ég hef sagt þér það þá hefurðu ekki séð mig svoleiðis þannig að ég sendi nokkrar myndir. Og hérna, í sambandi við föt og svona þá ef þú kaupir buxur þá mundi ég helst vilja eins og ég sagði Diesel gallabuxur nr. 27 og ef þú ætlar að velja lengd líka þá er það nr. 30 sem er best, annars 32 ... Og ef þú skyldir rekast á þannig buxur þá langar mig alveg roooooosalega í þær. Og ef þú mundir nú sjá Diesel buxur (og vera svo góður að vilja kaupa þær) og ekki vera viss um hvaða buxur þú ættir að kaupa... þá eru það aðallega svona buxur sem eru eiginlega ekki alveg einlitar heldur svona einhvernveginn ljósbláar og dökkbláar, helst líka “nýju gerðina”. Þú gætir spurt afgreiðslumanninn/konuna að því... en annars skiptir það voða litlu svo lengi sem það eru Diesel buxur! Og með boli eða hlýraboli, þá vil ég helst svartan eða hvítan og það þarf ekkert endilega að vera hlýrabolur samt... Mig langar líka í stuttermabol eða langermabol en verður samt að vera þröngur. Ekki víðan stuttermabol ég á alveg 1000 svoleiðis. Svo ef þú finnur fallega eyrnalokka, þá máttu alveg gefa mér þá. Og þú hefur náttla tyggjóid og nammið á hreinu (eða Norma þ.e.a.s) annars er voða lítið annað held ég ... Og ef þið eruð með myndavél þarna, sem ég held alveg örugglega að sé, þá væri alveg æðislegt ef þið munduð kannski taka mynd af svona einum eða tveim spænskum köttum. Tékka hvort þeir séu eins og þeir íslensku! Hahahah! Svo sagðirðu mér að þú hefðir verið að telja sandkorn?? Vá! Þér hlýtur að hafa leiðst eitthvað voða mikið! Enginn venjulegur maður fer á Spán og byrjar svo að reyna að finna leið til að telja sandkornin, en þú ert náttla ekkert venjulegur. En allavega þá er ég að pæla í að fara að sofa bráðum... þarf að mæta í Bónus í fyrramálið, og klukkan er núna tæplega eitt! Jæja! Hafðu það bara sem allra best og ég bið að heilsa Normu. Þín Kata.

Sumardagurinn fyrsti. Benidorm. 22.4.2004

Sæl Kata mín.

Eins og þú hefur orðið vör við af bréfum mínum undanfarið þá er ég á sólarströnd og nú er komið að því fyrir mig að lifa eins og hver annar túristi þessa viku sem eftir er ferðarinnar. Sólin er farin að skína eins og hún á að sér að gera og einn daginn arkaði ég alla leið út fyrir endann á baðströndinni og sá þá fyrst húsaröðina eftir endilangri strandlengjunni í þeirri sýn sem algengast er að notuð sé í auglýsingum um ferðir hingað til Benidorm. Heilmikil röð háhýsa í stórum sveig meðfram sjónum og allt að fjöllunum sem liggja hér norðan við bæinn og heita Sierra Heladera (Köldufjöll). Kunnugleg sýn en gefur ranga mynd af bænum ef maður kýs að kynna sér hann því hann er gamall þótt strandlengjan og veðurfarið hafi haft þessar afleiðingar, að fólk flykkist hingað á vissum tímum ársins hvaðanæva að úr Evrópu, og reyndar Spánverjar sjálfir. Og þess vegna ofurhótelin.

Bærinn hefur verið að fá á sig túristaeinkennin fyrir sjónum mínum undanfarna daga; ég hef gengið um eða setið á veitingahúsum við ströndina og virt fyrir mér mannlífið í blíðviðrinu. Eins og á Torrevejasvæðinu er aðkomufólkið flest miðaldra og þaðan af eldra. Langmest eru það Bretar sem sækja hingað líkt og væru fluttir fram og til baka á færibandinu enda eru hér fjöldamargir veitingastaðir sem reknir eru af Bretum og eru svo breskir að enginn munur er á þeim og hverfiskránum sem Bretarnir stunda heima hjá sér. Séu þeir ekki á rölti um verslunargötunarnar ofan við ströndina þá sitja þeir á þessum krám, sötra bjór og horfa á bresku knattspyrnuna á sjónvarpsskjám. Maturinn á þeim krám er að sjálfsögðu allur á breska vísu.

Hér er fólk allavega í laginu en langalgengast er þó ólöglegt snið sem engin leið er að færa í orð né koma máli á og blasir við hvarvetna því hér gengur fólk í stuttbuxum og ermastuttum bolum nú síðustu daga. Fastur ásetningur er í svipnum um að hafa sem mest út úr ferðinni og markmiðið þá helst að liggja á ströndinni og verða brúnn á litinn eins og kaffibaun. Ég sit aftur á móti tímunum saman á útveitingastað við Löngustétt og virði fyrir mér fólkið

með himininn að bakgrunni. Margt kemur mér spáskt fyrir sjónir, skal ég segja þér.

Aðallega sýnist mér fólk vera, þrátt fyrir harðan ásetning að njóta dvalarinnar sem best, hálfneypst yfir að vera ekki á fínni stað enda vísar þjónustan til þess að maður er ekki klassamanneskja fyrst fríinu er varið í Benidorm en ekki á tískustað; jafnvel í mun fjarlægari löndum. Við Norma höfum lítið farið út fyrir bæinn eftir að við komum okkur fyrir í blokkinni; einn daginn fórum við með rútu til smábæjarins Calpe. Þar er gríðarhár klettastapi við sjóinn sem bæinn einkennir. Calpe er afar fallegt þorp; landið þar hæðótt á íslenska vísu og það er líkast því sem húsabyggðin hangi utan í hlíðunum. Benidorm er plebbabær, en Calpe menningarbær; þar eru listviðburðir daglegt brauð.

Nú dregur ský frá sól og hitinn á eftir að vaxa þegar kemur lengra fram á daginn. Í sjónvarpinu hinum megin við glerhurðina er prestur að fagna sumarkomunni. Messan fer fram undir berum himni og söfnuðurinn er með gróðurkvisti á háum stöndum sem vott um að nú sé að koma sumar.

Ég vona að þér líði sem best.

Gleðilegt sumar. Þinn pabbi.

Benidorm að morgni 26.4.2004.

Hæ, Kata!

Sólin er farinn að hella geislum sínum inn um gluggana hér á 10. hæð í háhýsinu Cenit þar sem ég hef búið undanfarna vikur. Blár himinn. Blátt haf.

Það er farið að vera um það bil óþolandi í Benidorm fyrir sól og hita. Hér hefur ekkert veður verið undanfarna daga, sífellt sólskin og svo heitt að varla er vært á nóttunni hvað þá á daginn. Skarkalinn hefur aukist og mannlífið þrengir sér inn í hverja taug og hverja æð. Ég minnst túristanna á flötinni framundan Hallgrímskirkju í Skólavörðuholti heima að taka myndir af þessu nokkurra áratuga gamla steinsteypubákni. Það er ekki annað að sjá en þeir álfti kirkjuna margra alda vitnisburð um íslenska

miðaldamenningu. Það eru tvær hliðar á túrisma; sú sem túristinn sér og hin sem heimamenn upplifa. Spánverjar í strandbæjunum á Kosta-þetta og hitt eru augljóslega fyrir löngu búnir að fá nóg af ferðafólki þótt þeir reyni að hafa sem mest upp úr þeim aðkomnu og ekki hægt að finna að þeim fyrir það. Spánverjar koma fram við ferðafólk af hispursleysi – eins og bjána.

Það var góður tími meðan bærinn svaf ennþá vetrarsvefninum en nú langar mig burt, eitthvað þangað sem ekki er skafheiðríkja hvern dag. Ég nýt þess ekki að liggja innan um brúnfleckotta skrokka á ströndinni og sjórinn er of kaldur til að sullast í honum að ráði. Ég hef einu sinni reynt það.

Ég endist ekki til lengdar við að sötra bjór á krám og horfa út í loftið. Ekkert í líkingu við Englendingana hér úti um byggðir og ból. Já, mikið væri gott að vera kominn upp á fjall, hundblautur eftir langa göngu í rigningu!

En nóg um þetta. Og hverjum sitt. –

Ég fór út í morgun í göngutúr í almenningsgarð í gili hér spölkorn frá húsinu Cenit. Þetta er besti staðurinn fyrir þann sem þreytist á borgarysnum. Garðurinn er allur á lengdina; breið stétt og útfrá henni pálmatré. Í gili eru tvö útileikhús, hringur og stallar í kring að grískri fyrirmynd. Fáir voru á ferli en sólin þegar orðin sterk. Í öðru hringleikahúsinu eru hjallarnir grasi vaxnir. Það var verið að vökva hjallana með sjálfvirkum búnaði sem dreifir vatni á hægfara snúningi og af mismiklum krafti og þarna settist ég á völdum stað á skálarbrúninni og naut þess að vera kominn í rigningu þrátt fyrir allt sólskinið. Ég var að bíða eftir því að netstaður opnaði þarna í námunda við garðinn. Þegar þangað kom sá ég bréfið frá þér. Ég þakka þér fyrir það. Það var mjög gaman að sjá myndirnar af ykkur. Mér sýnist að blússa sem ég var búinn að kaupa á þig passi vel við nýja hárlitinn. En þú segir til um það þegar þar að kemur.

Benidorm. 29.4.2004

Halló, Kata!

Ég las bréfið þitt fyrir Normu í gær og hún hafði gaman af og við bæði.

Í gær var skýjað og í dag rigndi svolítið. Nú er klukkan um 5 hér í Benidorm og ég ligg á beddanum út við gluggann eins og ég hef oft gert á þessum vikum sem ég hef búið í íbúðinni. Hvílandi að horfa niður á bílastæðin og mjóar göturnar og á háhýsin í nágrenninu sem allan tímann hafa minnt mig á húsín á Laugaráshæð þaðan sem þú hringdir í mig í vetur seint um kvöld af götunni og ég leiðbeindi þér heim gegnum gemsann því þú vissir ekki hvar þú varst.

Rósa, dóttir Normu, var hér í viku. Í nótt fórum við Norma með henni yfir á Hótel Balí í hinum enda bæjarins að skila henni á rútuna svo hún kæmist á flugvöllinn í Alicante og heim til Íslands. Rósa sameinaðist hópi Íslendinga af hótelinu og öðrum ofurhótelum þar í nágrenninu. Þeir hafa verið hér í viku eins og hún. Við þetta tækifæri sá ég hvernig flestir Íslendingar búa sem fara í 1-2 vikna frí til Benidorm og hafði ekki séð fyrr en nú. Hótel Balí stendur á hæð í tröllslegri byggð ofurbygginga sem flestar eru hótél, ef ekki allar, og fátt í því útliti sem minnir á lifandi manneskjur, hvað þá einstaklinga. Hótel Balí er 54 hæða hár turn með ljósbjarma upp af stálriðum efst eins og af logsuðutæki og líkist helst lendingarpalli fyrir illa anda. Turninn er auk þess næstum svartur. Á annan veginn við turninn er 24 hæða bygging úr stáli og gleri sem tilheyrir hótelinu. Í kjallaranum er morgunverðarsalur sem rúmar um það bil helmingi fleiri í sæti en salurinn í Háskólabíói.

Forsalurinn þar sem við biðum með Rósu eftir rútunni er álíka vistlegur og Keospíramíðinn þar sem þú komst fyrir nokkrum árum og stóðst stutt við. Svo var Rósa horfin í leðurkápunni sem Norma hafði gefið henni í tilefni heimsóknarinnar. Þetta eru tveir ólíkir heimar og kannski best að upplifa ekki nema annan hvorn. Nú hefur þú kynnst mínum háttum á sólarströnd. Þeir þurfa ekki endilega að vera þínir.

Það er drungalegt veður og ég heyri þrumur úr fjarska. Eldingar sé ég engar þótt ég sjái héðan af veröndinni út á hafsbrún.

Ég rölti um bæinn dagana meðan þær Norma og Rósa voru ýmist á ströndinni eða í ferðum utanbæjar. Þær eru svo lengi að labba að ég nenni ekki að fara með þeim. Ég fór þó með þeim til nágrannabæjarins Altea, elsti hlutinn hefur á sér fornlegt snið og er jafnan haldið hvítskúruðum fyrir ferðafólk sem vill sjá dæmigerðan spænskan bæ. Á hæðinni í miðhlutanum mættum við tveimur svöngum köttum í þröngri götu. Þeir komu á móti okkur upp götuna þar sem ekki eru neinir bílar heldur bara götusteinar, slípaðir eftir fætur fólks um aldir. Þetta voru stálpaðir kettir, hvorki kettlingar né fullorðnir og sníktu af okkur mat en við höfðum engan handa þeim. Þeir tóku því ekkert illa. Litlu síðar voru þrír strákar um tíu ára aldurinn farnir að elta þá á kirkjutorginu ofan við í hvítu sólskininu. Og ekki meira með það.

Nú liggur fyrir að þrifa íbúðina. Ég vona að ekki komi bakreikningar sem stundum gerist á Spáni. Við förum heim á laugardaginn. Ég er farinn að hlakka til að komast burt úr þessu tívolí. En ég mun sakna íbúðarinnar í blokkinni Cenit og útsýnisins frá veröndinni inn í bláan fjarskann.

Sjáumst. Þinn pabbi.

